RÍKARÐUR S. RÍKARÐSSON
*Heldur áfram að synda*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

LATIBÆR
*Íþróttahús heitir í höfuðið á Íþróttaálfinum*
Magnús Scheving vinsæll í Bretlandi
FÓLK 46

LYFJA
- Lifið heil
Opið 8-24 alla daga
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
21. nóvember 2006 — 312. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

### Stjörnuritstjóra meinaður aðgangur

Jefferson Hack var vísað frá skemmtistaðnum Rex fyrir misskilning.

FÓLK 46

### Til hamingju með daginn!

„Margir samverkandi þættir urðu til þess að Landssamband framsóknarkvenna var stofnað og konur voru mjög meðvitaðar um stöðu sína á þessum tíma," segir Bryndís Bjarnason.

Í DAG 22

### Götulistamaðurinn Súrkúla

Listin á ekkert skylt við skemmdarverk.

MENNING 30

### Eggert kaupir West Ham

Búist er við að tilkynnt verði í dag um kaup Eggerts Magnússonar og fjárfestahóps hans á enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham.

ÍÞRÓTTIR 40 & 43

VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg eða austlæg átt, en þó hvassari norðanátt allra austast. Bjart veður syðra, annars skýjað og úrkomulítið. Þykknar upp suðvestan til í kvöld með slyddu. Vægt frost.

VEÐUR 4

# Gert að létta leynd af orkusamningum

**Seyðisfjarðarkaupstað og Íslenskum orkuvirkjunum var gert að létta leyndinni af samningum vegna virkjanaframkvæmda. Viðskiptahagsmunir nægja ekki til þess að halda leynd á virkjanasamningum, segir Atli Gíslason lögmaður.**

**UPPLÝSINGAMÁL** Hagsmunir almennings af því að fá vitneskju eða upplýsingar um hvernig opinberum eignum er varið vega þyngra á metunum en viðskiptahagsmunir, sem eru grundvöllur leyndarsamninga milli einkafyrirtækja og hins opinbera.

Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kæru Hjörleifs Guttormssonar, fyrrverandi þingmanns og ráðherra. Hjörleifur leitaði eftir úrskurði nefndarinnar eftir að bæjarráð Seyðisfjarðarkaupstaðar meinaði honum aðgang að upplýsingum og gögnum um samninga milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Íslenskrar orkuvirkjunar ehf. vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í Fjarðará. Nefndin úrskurðaði Hjörleifi í hag og var Seyðisfjarðarkaupstað gert skylt að veita Hjörleifi aðgang að samningum sem gerðir voru vegna þessara framkvæmda.

Hjörleifur segir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar athyglisverða og gefa vísbendingu um á hvaða forsendum leyndin um samninga milli Landsvirkjunar og erlendra álfyrirtækja byggir. „Eðli málsins samkvæmt hafa allir úrskurðir þessarar nefndar fordæmisgildi þar sem þetta er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnsýslunnar á þessum vettvangi. Málið snýst um það, að einkafyrirtæki og hið opinbera ætla sér að halda fullri leynd yfir samningum á grundvelli viðskiptahagsmuna. En á það fellst nefndin ekki. Mér finnst ekki óeðlilegt, á grundvelli þessarar niðurstöðu, að það verði látið á það reyna hvort sambærilegir samningar sem álframleiðslufyrirtæki hafa gert við fyrirtæki í opinberri eigu, geti talist löglegir á sömu forsendum."

> Eðli málsins samkvæmt hafa allir úrskurðir þessarar nefndar fordæmisgildi þar sem þetta er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnsýslunnar á þessum vettvangi.
>
> **HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON**
> FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR

Í úrskurðarorðum nefndarinnar er tekið fram að ekki sé „eðlilegt að þessar upplýsingar fari leynt" einkum á „þeim ríku almannahagsmunum sem eru tengdir því að almenningur eigi kost á að fá upplýsingar um ráðstöfun opinberra eigna".

Atli Gíslson, lögmaður Hjörleifs, segir úrskurðinn vera merkilegan fyrir margra hluta sakir. „Kjarni málsins er sá að upplýsingaskyldan er rík. Við búum í lýðræðisþjóðfélagi. Meginreglan hlýtur að eiga að vera sú að það sé gegnsætt lýðræði í landinu og allar upplýsingar séu uppi á borðinu. Samkvæmt þessum úrskurði er það alveg klárt, að viðskiptahagsmunir nægja ekki til þess að halda leynd yfir samningum milli einkafyrirtækis og hins opinbera. Á þeim forsendum finnst mér niðurstaðan athyglisverð." - mh / sjá síðu 4

**TEKUR Á HONUM STÓRA SÍNUM** Keppnin um sterkasta mann heims hófst í álverinu í Straumsvík í gær. Átökin voru mikil eins og þessi mynd af Benedikt Magnússyni ber með sér en hann er kominn í úrslitin sem fara fram um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sterkasti maður heims:

## Minning Jóns Páls heiðruð

**ÍÞRÓTTIR** Keppnin um sterkasta mann heims hófst í Reykjavík í gær. Alls eru 24 þátttakendur skráðir til leiks, þar af þrír íslenskir aflraunamenn, þeir Benedikt Magnússon, Georg Ögmundsson og Stefán Sölvi Pétursson. Síðasta keppni fór fram í Kanada og þá fór Litháinn Zydrunas Savickas með sigur af hólmi.

Framleiddir verða sjónvarpsþættir um keppnina sem sýndir verða í 219 löndum og ná þeir til 350 milljón heimila. Úrslit keppninnar fara fram á föstudag og laugardag í Reiðhöllinni í Víðidal. - shá




Dómsmálaráðherra um skrif Arnars Jenssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns:

## Björn treystir dómstólunum

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagðist á Alþingi í gær telja að jafnræðisreglan gilti fyrir dómstólum, hann hefði ekki orðið var við annað.

Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni spurði Björn um traust hans til dómstólanna í kjölfar nýlegrar greinar Arnars Jenssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns í Morgunblaðinu. Þar sagði Arnar að ekki fengju allir sömu réttlátu málsmeðferðina innan réttarkerfisins. Baugsmálið sýndi það. Lýsti Arnar eftir viðbrögðum yfirvalda.

Auk þess að segjast telja að jafnræðisreglan gilti fyrir dómstólunum kvaðst Björn vonast til að geta síðar á þessu þingi lagt fram frumvarp um meðferð sakamála og þá hlytu álitamál um réttarfar að koma til skoðunar.

Jóhanna var ekki sátt við svör ráðherrans og fannst hann skauta fram hjá spurningum hennar.

„Er hann að lýsa trausti á dómskerfið og dómstólana og ef hann er að því þá er varla hægt að líta fram hjá því að hann brigslar háttsettum lögreglumanni hjá embætti ríkislögreglustjóra að fara með rangt mál," sagði Jóhanna.

Þessum vangaveltum svaraði Björn með þeim orðum að skoðanafrelsi ríkti í landinu.

„Menn geta látið skoðanir sínar í ljós án þess að ráðherrar þurfi að tjá sig um þær hér í þingsalnum," sagði dómsmálaráðherrann. - bþs

**BJÖRN BJARNASON** Segist ekki hafa orðið var við annað en að jafnræðisreglan gildi fyrir íslenskum dómstólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SPURNING DAGSINS**

*Dúfa, er kurr í þér vegna málsins?*

Nei, ég kurra bara áfram á góðu nótunum.

Nær öllum fuglum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík var fargað í gær. Þar á meðal voru fasanar, dúfur, hænsni, endur og gæsir. Dúfa S. Einarsdóttir er söngkennari segir þetta hafa verið nauðsynlegt.

Póst- og fjarskiptastofnun vill fjárhagslegt rof á milli Gagnaveitunnar og OR:

# Orkuveitan fagnar úrskurði

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að skilið sé á milli fjárhags Gagnaveitunnar og Orkuveitu Reykjavíkur. Fjarskiptastarfsemi OR fellur undir Gagnaveituna en með ákvörðun sinni er OR gert skylt að aðskilja fjarskiptastarfsemi sína frá annarri starfsemi fyrirtækisins. Ákvörðun PFS er tekin á grundvelli ákvæðis 36. greinar fjarskiptalaga sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður OR, segist fagna ákvörðun PFS. „Þetta er í anda þess sem nýr meirihluti í borginni og stjórn OR eru búin að vera að vinna að. Aðalatriðið er að þetta er sjálfsagt mál og áréttíng á því sem við höfum verið að gera.“ Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Gagnaveitan verði seld út úr OR, að sögn Guðlaugs.

**ORKUVEITUHÚSIÐ** OR fagnar úrskurði PFS um fjárhagslegan aðskilnað Gagnaveitunnar og annarrar starfsemi fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Síminn hefur frá árinu 2000 gert athugasemdir við það sem fyrirtækið kallar ósanngjarna samkeppni á fjarskiptamarkaði; að OR hafi byggt upp ljósleiðarakerfi sitt í skjóli tekna af óskyldri einkaleyfisstarfsemi svo sem sölu af rafmagni, hita og köldu vatni. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, segir að PFS þurfi að útskýra hvers vegna OR hefur átölulaust komist upp með að niðurgreiða samkeppnisrekstur í trássi við lög og hvaða viðurlögum stofnunin hyggst beita. - shá

Byrjað að fella jólatré:

## Frosthörkur tefja fyrir

**TRJÁFELLING Starfsmenn Skógræktar ríkisins víða um land eru langt komnir með að fella þau tré sem prýða munu stræti og torg borga og bæja fyrir þessi jól.**

**Frosthörkur hafa þó sett strik í reikninginn því í miklum kuldum er hættara við að trén skemmist við fellingu eða í flutningum vegna þess hve greinar trjánna eru stökkar. Af þessum sökum hefur öllum trjáfellingum á Hallormsstað verið frestað þar til hlánar.**

**Skógrækt ríkisins fellir um 150 torgtré árlega sem eru á bilinu 3-17 metra há en þetta er ein af mikilvægustu tekjulindum hennar.** - hs

# Tugmilljóna tjón á húsnæði á Vellinum

**Milljóna tjón varð á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli um helgina þegar vatn rann um íbúðarblokkir. Kaldavatnsleiðslur sprungu í frosthörkum með þessum afleiðingum. Ljóst er að ríkið mun bera kostnað vegna skemmdanna.**

**TJÓN** Tugir íbúða í að minnsta kosti 16 íbúðarblokkum á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli stórskemmdust um helgina þegar vatnsleiðslur sprungu í frosthörkum. Ekki er ljóst hvert umfang skemmdanna er í heild en þeir sem hafa skoðað sig um á svæðinu telja tjónið geti skipt tugum, jafnvel hundruðum milljóna. Nokkurn tíma mun taka að kanna til hlítar hversu miklar skemmdirnar eru. Varnarsvæðið er í umsjá utanríkisráðuneytisins þar sem nýstofnað Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur ekki enn tekið við fasteignunum sem þar eru. Blokkirnar hafa verið á lágmarkskyndingu síðan herinn yfirgaf landið.

Vart varð við lekann um helgina og var slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli fengið til að dæla upp mesta vatninu. Voru dæmi um 60 sentimetra djúpt vatn í einstökum íbúðum og þurfti að rjúfa loft á milli íbúða til að hleypa vatninu burt. Slökkviliðið var hvíldarlítið við störf frá sunnudegi og fram eftir mánudeginum. Einn viðmælandi Fréttablaðsins lýsti ástandinu við komu slökkviliðsins svo að flætt hefði út úr öllum rafmagnstöflum og að „sundlaugar“ hefðu verið í sumum íbúðum. Slökkviliðið hefur lokið störfum en verktakar hafa tekið við hreinsun íbúðanna.

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins, bendir á að varnarsvæðið sé enn undir umsjá utanríkisráðuneytisins því ekki hefur verið formlega gengið frá samningum um yfirtöku Þróunarfélagsins. Kristján segist telja að um hundrað íbúðarblokkir séu á varnarsvæðinu af um 300 byggingum í allt og að þar séu um 2.000 íbúðir. Aðspurður um hvort þessar skemmdir á eignum muni setja strik í reikninginn við ákvörðunartöku á framtíðarnýtingu á svæðinu segir Kjartan að ekki sé ástæða til að gera of mikið úr þessu atviki. „Það er alltaf af alvarlegt þegar tjón sem þetta verður en ég held að þetta hafi engin sérstök áhrif á heildarframvindu verkefnisins.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**FRÁ VARNARSVÆÐINU** Um hundrað íbúðarblokkir eru á gamla varnarsvæðinu. Að minnsta kosti 16 þeirra eru mikið skemmdar eftir vatnstjón um helgina.

Starfsmenn Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli fóru um svæðið í gær til að kanna hversu mikið heildartjónið er. Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri segir að útilokað sé að meta hversu mikið tjónið er í krónum talið.

svavar@frettabladid.is

**ÁRÁSARMAÐURINN** Þessa mynd og fleiri birti hann með kveðjubréfi á heimasíðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikur í þýskum skóla:

## Fyrrum nemandi tekur æði

**ÞÝSKALAND** Þungvopnaður, grímuklæddur maður ruddist í gærmorgun inn í skóla í bænum Emsdetten í Norðvestur-Þýskalandi, hóf skothríð og særði fimm manns. Eftir að lögregla umkringdi skólann kastaði maðurinn reyksprengjum og svipti sig því næst lífi, að því er greint er frá á fréttavef Der Spiegel.

Lögregla upplýsti að árásarmaðurinn hefði verið átján ára fyrrverandi nemandi úr skólanum. Hann skildi eftir kveðjubréf á netinu, og því fylgdu myndir af manninum að handleika ýmis vopn. - aa

Líðan Íslendingsins betri:

## Enn á gjörgæslu í London

**LÍKAMSÁRÁS Líðan Íslendingsins sem ráðist var á í Lundúnum um helgina er betri. Hann er enn á gjörgæsludeild.**

**Samkvæmt upplýsingum frá Hauki Ólafssyni, starfsmanni sendiráðsins í London, er fjölskylda mannsins komin út til að vera hjá honum. Íslendingurinn, sem er karlmaður á fertugsaldri, var á ferð við Arnold Circus í austurhluta borgarinnar þegar þrír karlmenn réðust á hann aðfaranótt sunnudags. Árásarmennirnir flúðu af vettvangi og leitar lögreglan þeirra.** - hs

**ALEXANDER LITVINENKO** Myndirnar sýna njósnarann fyrrverandi fyrir og eftir að hann veiktist.

Sakamál í London:

## Eitrað fyrir KGB-njósnara

**BRETLAND, AP** Breska rannsóknarlögreglan Scotland Yard telur að eitrað hafi verið fyrir rússneskum fyrrverandi KGB-njósnara í London. Njósnarinn, Alexander Litvinenko, neyddist til að flýja land árið 2000 og hlaut pólitískt hæli í Bretlandi. Vopnaðir verðir gæta hans nú á sjúkrahúsi.

Talið er að helmingslíkur séu á að njósnarinn nái fyrri heilsu. Litvinenko veiktist eftir málsverð með ítölskum uppljóstrara sem liggur nú undir grun um að hafa byrlað honum eitrið. Hann er lítill vinur rússneskra stjórnvalda, en hann hefur sakað Kremlarstjórnina um að hafa skipulagt hryðjuverk og launmorð. - sgj

Geir H. Haarde:

## Hringir út í Kauphöllinni í New York

**LANDKYNNING Geir H. Haarde forsætisráðherra tekur í dag þátt í svonefndum Íslandsdegi í kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum.**

**Auk þess að flytja ávarp og ræða við fulltrúa kauphallarinnar og kaupahéðna í íslensku og bandarísku viðskiptalífi mun ráðherrann hringja út viðskipti í kauphöllinni síðdegis. Er það orðalag notað um það þegar merki er gefið um að viðskiptum dagsins sé lokið.** -bþs

Tony Blair forsætisráðherra Bretlands er í heimsókn í Afganistan:

# NATO-herlið verður áfram

**AFGANISTAN, AP** Breski forsætisráðherrann Tony Blair tjáði í gær hermönnum sem eiga í höggi við uppreisnarmenn talíbana í Afganistan að öryggi í heiminum öllum væri að hluta til undir því komið hvernig til tækist í þessari baráttu. Blair ítrekaði að breskt herlið yrði áfram í landinu „eins lengi og þörf krefur“.

Blair átti viðræður í Kabúl við Hamid Karzai, forseta Afganistans, eftir að hafa heimsótt herbúðir í Helmand-héraði í suðurhluta landsins. Þar hitti hann nokkur hundruð breska hermenn sem þjóna í fjölþjóðlega friðargæsluliðinu ISAF, sem NATO stýrir. Alls eru um 6.000 breskir hermenn í Afganistan.

Fyrir innrás fjölþjóðaliðsins undir forystu Bandaríkjamanna síðla árs 2001 var Helmand eitt sterkasta vígi talíbana og miklu af heróínútflutningi Afganistans er stýrt þaðan.

**BLAIR OG KARZAI** Gesturinn talar og gestgjafinn hlustar á blaðamannafundi í Kabúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á blaðamannafundi með Karzai forseta sagði Blair að breskt herlið og herlið frá NATO yrði væntanlega í einhver ár í viðbót í Afganistan, til að hjálpa til við að tryggja að talíbanar komist ekki aftur til valda. - aa

# Tala meira. Borga minna.

**0,00 kr./mín.**
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90 kr./mín.**
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

**SMS 4,90 kr.**
í alla GSM síma á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð!
Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO.
Þú skráir þig í þjónustuna á **www.sko.is.**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

**GENGIÐ 20.11.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,35 | 70,69 |
| Sterlingspund | 133,39 | 134,03 |
| Evra | 90,3 | 90,8 |
| Dönsk króna | 12,106 | 12,176 |
| Norsk króna | 10,913 | 10,977 |
| Sænsk króna | 9,943 | 10,001 |
| Japanskt jen | 0,5957 | 0,5991 |
| SDR | 104,45 | 105,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,4081
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstæðingar gagnrýna fyrirhugaðar breytingar á lögum um Landsvirkjun:

# Ítreka ótta um einkavæðingu

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar óttast að breyting á lögum um Landsvirkjun sé fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar fyrirtækisins. Iðnaðarráðherra segir ekkert hæft í því.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingar á lögum um Landsvirkjun í gær. Snýst það um að binda í lög kaup ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og hlut Akureyrarbæjar og færa fyrirsvar eignarinnar frá iðnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis.

Fjölmargir þingmenn stjórnarandstöðunnar lýstu þeirri skoðun sinni að með frumvarpinu væru skref stigin í átt til einkavæðingar.

Orð ráðherrans um hið gagnstæða slógu ekki á ótta þingmannanna.

Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki tók undir áhyggjur stjórnarandstæðinga og benti á að færsla fyrirsvarsins yfir til fjármálaráðuneytisins styddi þær grunsemdir enda skýr vilji innan raða sjálfstæðismanna að einkavæða Landsvirkjun. Fyrirvari í kaupsamningi ríkis og sveitarfélaganna um endurskoðun verðmats ef til sölu kæmi, var einnig sagður bera vitni um hug ríkisstjórnarinnar. - bþs

**JÓN SIGURÐSSON IÐNAÐARRÁÐHERRA** Segir ekki í bígerð að einkavæða Landsvirkjun.

Neytendasamtökin:

## Nikótínlyf verði seld í verslunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Neytendasamtökin telja eðlilegt að verslunum sem selja tóbak verði einnig heimilt að selja nikótínlyf. Samtökin telja að slíkt muni leiða til verðlækkunar en nikótínlyf eru alla jafna mjög dýr hér á landi.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum. Breytingin felst í því að verslunum sem selja tóbak verði einnig heimilt að selja nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld. Neytendasamtökin mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins og telja mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. - shá

# Viðræður um smíði nýs varðskips í Chile

**Samningaviðræður vegna kaupa íslenska ríkisins á nýju varðskipi hófust í gær. Vonast er til þess að samningar náist í lok þessarar viku, samkvæmt upplýsingum frá Þórhalli Hákonarsyni, umsjónarmanni útboðs vegna kaupa á varðskipi.**

**ÖRYGGISMÁL** Fulltrúar Landhelgisgæslunnar, Ríkiskaupa, skipasmíðafyrirtækisins Asmar í Chile og Rolls Royce í Noregi hófu í gær samningaviðræður vegna kaupa íslenska ríkisins á nýju varðskipi. Asmar átti lægsta tilboðið í gerð nýs varðskips en það var 2,4 milljarðar króna, um 200 milljónum undir áætluðum kostnaði.

Þórhallur Hákonarson, umsjónarmaður útboðsins fyrir hönd Ríkiskaupa, sagði viðræðurnar hafa gengið ágætlega þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöld en viðræðurnar höfðu staðið yfir frá klukkan níu að morgni og fram undir kvöld.

„Við bindum auðvitað vonir við að þessar viðræður gangi vel í þessari viku. Það má segja að þetta séu skýringarviðræður til undirbúnings samnings. Það á ennþá eftir að leysa ýmis álitamál og þessar viðræður eru einfaldlega í eðlilegum farvegi."

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda fóru á dögunum til Talcahuano í Chile til þess að kanna starfsaðstæður hjá Asmar.

Auk Asmar áttu þrjú önnur fyrirtæki tilboð í gerð nýs varðskips, Simek í Noregi, Damien í Hollandi og Pinevert í Þýskalandi.

Samkvæmt áætlunum verður nýtt varðskip rúmlega 90 metra langt og með 100 til 125 tonna dráttarkraft.

Fimm fulltrúar Asmar tóku þátt í samningaviðræðunum. Fyrir hönd Landhelgisgæslunnar tóku Sólmundur Jónsson rekstrarstjóri, Gylfi Gestsson, úr tæknideild, Ingvar Kristjánsson, yfirmaður tæknideildar og Halldór Nellet, yfirmaður gæsluframkvæmda, þátt í viðræðunum.

Fyrir hönd Ríkiskaupa sátu Guðmundur I. Guðmundsson, yfirmaður lögfræðisviðs Ríkiskaupa, og Þórhallur samningafundinn en þrír fulltrúar Rolls Royce í Noregi, sem að öllum líkindum kemur að hönnun skipsins, tóku einnig þátt í viðræðunum.

Danskur skipaverkfræðingur, Carsten Fauner, hefur verið íslenskum stjórnvöldum innan handar vegna kaupanna en að sögn Þórhalls eru samningamál vegna kaupanna flókin og umfangsmikil. „Það er að mörgu að hyggja þegar gengið er frá kaupum eins og þessum og Carsten hefur mikla tæknilega þekkingu sem hann getur miðlað til okkar."

magnush@frettabladid.is

**FRÁ FUNDINUM Í GÆR** Áætlað er að samningaviðræður vegna kaupanna á varðskipinu standi yfir fram á föstudag. Fyrsti dagur viðræðnanna var í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það á ennþá eftir að leysa ýmis álitamál og þessar viðræður eru einfaldlega í eðlilegum farvegi.
>
> **ÞÓRHALLUR HÁKONARSON**
> RÍKISKAUPUM

Kristinn H. Gunnarsson:

## Stuðningur við mín sjónarmið

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki segir niðurstöður prófkjörs flokksins í Norðvesturkjördæmi sýna að mikill stuðningur sé við hans sjónarmið. Kristinn hafnaði í þriðja sæti prófkjörsins.

Á vefsíðu sinni, kristinn.is, segir hann að tekist hafi verið á um pólitískar áherslur; annars vegar stefnu sem leiðir til áframhaldandi stjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn og hins vegar áherslur sem kalla eftir breyttri stjórnarstefnu með manngildið ofan auðgildi.

„Niðurstaðan er skýr að því leyti að kosin er óbreytt vegferð flokksins. Það er valin hægri Framsókn," segir Kristinn. - bþs

Nýr varaþingmaður:

## Kolbrún tekur sæti á þingi

**STJÓRNMÁL Kolbrún Baldursdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, tók sæti á þingi í fyrsta sinn í gær. Kolbrún gegnir þingmennsku næstu tvær vikur í stað Geirs H. Haarde forsætisráðherra sem hélt til útlanda í embættiserindum í gær.**

**KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR**

**Kolbrún skipaði níunda sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum en flokkurinn hlaut fimm þingmenn. Varaþingmennirnir Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðrún Inga Ingólfsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem voru ofar á listanum, sáu sér ekki fært að setjast á þing nú.** -bþs

Iðnaðarráðuneytið:

## Hafa ekki skoðað úrskurðinn

**UPPLÝSINGAMÁL Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, segir úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kæru Hjörleifs Guttormssonar ekki hafa verið til umræðu innan iðnaðarráðuneytisins. Ráðuneytið fer með málefni Landsvirkjunar sem hefur gert samninga við erlenda álframleiðendur sem leynd hvílir yfir. „Við höfum ekki skoðað þessa niðurstöðu sérstaklega og þekkjum þess vegna ekki þau lagalegu álitaefni sem fram koma í úrskurðarorðunum. En við eigum eflaust eftir að kynna okkur úrskurðinn og fjalla um hann ef við teljum ástæðu til," segir Guðjón Axel.**

**Úrskurðurinn var kveðinn upp 10. nóvember og var Seyðisfjarðarkaupstað og Íslenskum orkuvirkjunum ehf. gert að aflétta leynd af samningum þeirra á milli sem byggð er á viðskiptahagsmunum.** - mh

Ríkisútvarpið:

## Réttindi starfsfólks haldast

**FJÖLMIÐLAR** Páll Magnússon útvarpsstjóri tilkynnti starfsmönnum Ríkisútvarpsins í gær að allir starfsmenn stofnunarinnar muni halda réttindum, bæði samkvæmt ráðningarsamningum og kjarasamningum, ef og þegar stofnuninni verður breytt í opinbert hlutfélag. Eins verður ekki um neinar uppsagnir að ræða.

Starfsmenn RÚV skrifuðu útvarpsstjóra opið bréf í liðinni viku þar sem farið var fram á að réttindamál þeirra vegna fyrirhugaðra breytinga yrðu skýrð. Margir starfsmenn óttuðust að áunnin réttindi myndu tapast við breytingarnar og töldu illa fram við sig komið að ekki fengust svör. - shá


**TIL SÖLU**
**BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu**

**Verð 3,9millj.**

Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SKORTUR Á HLÝINDUM
Ekki er hlýindunum fyrir að fara í kortunum þó reyndar sé munur á norðri og suðri í þeim efnum. Það er milt loft að dingla sér suður af landinu en nær ekki inn á landið nema jú syðstu annes. Það er því nokkuð erfitt spá fyrir um úrkomutegund í kvöld þegar úrkomusvæði nálgast.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Hæg austlæg átt en heldur stífari síðdegis. Bjart veður en þykknar upp þegar líður á daginn. Snjókoma eða slydda í kvöld og nótt. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

» *á morgun*




Stíf austanátt á landinu sunnan- og vestanverðu, annars hægari.

» *fimmtudagur*




Hvöss austanátt með suðurströndinni, annars hægari.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C | skúrir | London | 8°C | skúrir | Alicante | 23°C | léttskýjað |
| Þórshöfn | 8°C | skýjað | París | 11°C | skúrir | Barcelona | 19°C | hálfskýjað |
| Osló | 6°C | skúrir | Frankfurt | 11°C | skúrir | Algarve | 21°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C | skúrir | Friedrichshafen | 5°C | skúrir | Krít | 19°C | heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C | skúrir | Berlín | 10° | Cskýjað | Las Palmas | 24°C | léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

HONDA
The Power of Dreams

Afsláttur

# 259.000

Drífðu núna

## Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Drífðu þig núna!

Fullbúinn **CR-V** rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Drífðu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

H:N markaðssamskipti / SÍA

Bíll á mynd er EXE útfærsla.

**KJÖRKASSINN**

*Festirðu bílinn þinn í ófærðinni um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 14,6% |
| Nei | 85,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu séð Mýrina?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Mikið álag hefur verið starfsfólki dekkjaverkstæða og snjómoksturstækja:

# Gengið vel þrátt fyrir álag

**ÓFÆRÐ** „Það hefur verið mikið álag á starfsfólki en vinna við snjómoksturinn hefur gengið vel," segir Guðbjartur Sigfússon, deildarstjóri gatna- og eignaumsýsludeildar Reykjavíkurborgar, en mikill snjór á höfuðborgarsvæðinu hefur gert íbúum lífið leitt undanfarna daga.

Að sögn Guðbjarts hefur greiðlega gengið að ryðja götur bæjarins undanfarna daga en nokkur ófærð var á öllu höfuðborgarsvæðinu á sunnudag eftir mikla snjókomu aðfaranótt sunnudags.

Samkvæmt áætlunum gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir um 190 til 200 milljónum króna í snjómokstur á þessu ári. „Á milli 70 og 80 starfsmenn hafa unnið að því að halda götum Reykjavíkurborgar greiðfærum. Það hefur gengið vel en á sunnudag var þó nokkur ófærð í bænum. Kostnaðurinn við snjómoksturinn er fljótur að hækka við aðstæður eins og nú hafa skapast," segir Guðbjartur.

Mikið álag hefur verið á starfsmönnum dekkjaverkstæða undanfarna daga en margir vöknuðu upp við vondan draum á sunnudag eftir að snjó hafði kyngt niður.

„Það hefur verið alltof mikið að gera hjá okkur því viðskiptavinirnir hafa þurft í bíða í allt að þrjár klukkustundir," segir Sveinlaugur Hannesson, verkstjóri á dekkjaverkstæðinu Nýbarða í Garðabæ, en þar hefur verið löng biðröð eftir þjónustu undanfarna daga.

„Það er allt á fullu hjá okkur þessa dagana og hefur í rauninni verið undanfarnar þrjár vikur. En þó að það sé mikið álag á starfsfólkinu þá hefur verið rífandi stemning hér á staðnum." - mh

**BIÐRÖÐ VIÐ NÝBARÐA** Starfsfólk á dekkjaverkstæðum hefur verið undir miklu álagi síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BRUGÐIÐ Á LEIK Í BOGOR** George W. Bush Bandaríkjaforseti skellti sér á bak mótorhjóli er indónesískur starfsbróðir hans, Susilo Bambang Yudhoyono, og eiginkona hans Kristiani Herawati sýndu honum og eiginkonunni Lauru í Bogor-höll við Djakarta í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bush bíður ráðgjafar um valkosti í Írak

**Eftir viðræður við Indónesíuforseta sagðist Bandaríkjaforseti ekki hafa ákveðið hvort senda bæri fleiri hermenn til Íraks. Hann bíði ráðgjafar um valkosti. Indónesíuforseti sagði alþjóðasamfélagið verða að taka meiri þátt í að leysa vandann í Írak.**

**INDÓNESÍA, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær ekki hafa ákveðið enn hvort fleiri bandarískir hermenn yrðu sendir til Íraks, eða hvort frekar skyldi byrjað á því fljótlega að kveða herliðið þaðan heim. Á blaðamannafundi í Bogor í Indónesíu, þar sem hann hitti indónesískan starfsbróður sinn, Susilo Bambang Yudhoyono, sagðist Bush vera að bíða ráðgjafar frá yfirstjórn Bandaríkjahers.

Bush gerði jafnframt lítið úr þeim miklu mótmælum sem mættu honum við komuna til Indónesíu, fjölmennasta múslimaríkis heims. „Ég fagna samfélagi þar sem fólk getur frjálst tjáð skoðanir sínar," sagði hann. Indónesía væri undir forystu Yudhoyonos „dæmi um það hvernig lýðræði og nútímavæðing geta verið valkostur við öfgahyggju."

Forsetarnir Bush og Yudhoyono skoruðu á fleiri þjóðir að leggja sitt af mörkum til að finna leiðir til farsælla lykta á því ástandi sem nú ríkir í Írak. „Alþjóðasamfélagið verður að taka þátt í að axla ábyrgðina á því að leysa vandamálin í Írak," sagði Yudhoyono.

Bush var spurður um tillögur bandarískra þingmanna, þar á meðal repúblikanans Johns McCain, um að fjölga í bandaríska herliðinu í Írak til að efla viðleitnina til að koma á stöðugleika í landinu, sem Bush hefur áður sagt að verði að hafa tekist áður en herinn heldur aftur heim. „Ég hef ekki tekið neinar ákvarðanir varðandi fjölgun í herliðinu, og mun ekki gera það fyrr en ég hef heyrt álit ýmissa aðila," svaraði forsetinn.

Bush lét þess getið að Peter Pace, forseti bandaríska herráðsins, væri að vinna að allsherjarendurmati á valkostum Bandaríkjamanna í Íraksmálunum.

Óvinsældir Bush í Indónesíu gerðu að verkum að öryggisgæsla var gríðarleg í kring um hálfs dægurs langa heimsókn hans og hávær fjöldamótmæli gegn heimsókninni settu mjög mark sitt á hana. Frá Indónesíu hélt Bush aftur heim eftir vikulanga ferð um Asíu, en hápunktur hennar var tímamótaheimsókn hans til Víetnams, þar sem hann mætti á leiðtogafund Kyrrahafs- og Asíuríkja.

audunn@frettabladid.is

Blað brotið í sögu íslensks íbúalýðræðis í Hafnarfirði:

# Stækkun álvers í höndum íbúa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ungir jafnaðarmenn héldu málfund um fyrirhugaða stækkun álvers Alcan í Straumsvík á sunnudag sem um 150 manns sóttu. Leggi fyrirtækið fram tillögu um stækkun munu bæjarbúar greiða atkvæði um hana í fyrstu beinu kosningu um málefni af þessu tagi í sveitarstjórnarmálum hérlendis. Ákvæði um atkvæðagreiðslu bæjarbúa í öllum stærri málum var samþykkt fyrir tveimur árum, og segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, það hafa brotið blað í íbúalýðræði.

„Það er hluti af nútímanum að íbúar eigi samráð með stjórnmálamönnum og hefur meðal annars gefist vel í Sviss," segir Lúðvík og bætir við: „Ég tel nauðsynlegt að kosið sé um annað en hundahald og áfengismál." Áður en tillaga um stækkun verður lögð fram verður þó að nást samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Alcan um deiliskipulag. Lúðvík Geirsson sagði á fundinum að bæjaryfirvöld myndu ekki samþykkja stækkun þynningarsvæða úrgangsefna.

> Ég tel nauðsynlegt að kosið sé um annað en hundahald og áfengismál.
>
> **LÚÐVÍK GEIRSSON**
> BÆJARSTJÓRI

„Þetta er ásættanlegt af okkar hálfu, og ég er viss um að það sé hægt að ná löndun," segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan. Samtökin Sól í Straumi verða með fund um málið í kvöld klukkan átta í Suðurgötu 7 í Hafnarfirði. - vg

# Nýjar línur frá SAMSUNG

NÝIR LITIR

Kynnum með stolti
**það allra nýjasta og besta**
í veggsjónvörpum

**LE40F71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1920 x 1080
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), USB
Verð: **379.900,-**

**LE32M51BX** **LE40M51BX**
**LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 3,2 milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, ▪ PC (D-sub), Composite og S-video

**32"** Tilboð: **159.900,-** | **40"** Tilboð: **259.900,-**

**LE40N71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarða lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **339.900,-**

**LE32N71BX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
Verð: **239.900,-**

**LE40M71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla –
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD ▪ Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° ▪ Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **369.900,-**

**LE32M71BX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
Verð: **259.900,-**

**LE32R71WX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**

Litir: Hvítt / Svart

**LE19R71BX**
**19" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting ▪ Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 ▪ Sjónsvið 160°/160° ▪ Mynd í mynd (1 tuner) ▪ Tengi: DVI, SCART, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**

Litir: Hvítt / Svart

**LE26R74BDX**
**26" LCD sjónvarpstæki**
Innbyggður stafrænn DVB-T
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 6,4 Milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 3000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **139.900,-**

**Samsung LE23R71BX**
**23" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 ▪
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 2000:1 ▪ Birta: 500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° ▪ Mynd í mynd (1 tuner). Tengi: HDMI, Komponent ▪ SCART x 2, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**

Litir: Hvítt / Svart

imago

## Umboðsmenn:

**Reykjanes:** Ormsson Keflavík **Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur Ormsson Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND Sími 530 2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535
ÍSAFIRÐI Sími 456 4751

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

## VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða mynd fékk flest Edduverðlaun í ár?*
2. *Hvað heitir þingmaður Samfylkingarinnar sem sagði sig úr flokknum um helgina?*
3. *Hversu margir bílar aka í gegnum Hvalfjarðargöng á sólarhring að meðaltali?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Komið upp um meint hryðjuverkasamsæri í Þýskalandi:

# Farþegaþota sögð skotmarkið

**ÞÝSKALAND, AP** Sex menn liggja nú undir grun yfirvalda í Þýskalandi um að hafa lagt á ráðin um að sprengja upp farþegaþotu þar í landi. Frá þessu greindu saksóknarar í Berlín í gær.

Hinir sex grunuðu og fleiri aðilar sem enn er ekki vitað hverjir eru, eru taldir hafa lagt á ráðin um hryðjuverkaárás fyrir hönd „hingað til óþekktra“ bakhjarla, að því er segir í tilkynningu frá saksóknara.

Þar segir ennfremur að nokkrir hinna grunuðu hefðu haft samband í sumar sem leið við mann sem hafði aðgang að öryggissvæði ónefnds flugvallar í Þýskalandi. Sá hefði fallist á, gegn greiðslu, að smygla tösku með sprengju inn í farþegaþotu.

Hinir sex grunuðu verða ákærðir fyrir að vera félagar í eða styðja hryðjuverkasamtök. Þeir voru handteknir á föstudag, en fimm þeirra voru eftir yfirheyrslur látnir lausir aftur á laugardag. Að sögn þýskra fjölmiðla eru mennirnir allir heittrúarmúslimar og erlendir ríkisborgarar.

Í tengslum við rannsókn málsins var húsleit gerð í níu íbúðum í sambandslöndunum Rheinland-Pfalz og Hessen. Alþjóðaflugvöllurinn í Frankfurt er í Hessen. Samkvæmt frétt dagblaðsins Die Welt var markmið samsærismannanna að sprengja þar upp þotu ísraelska flugfélagsins El Al. - aa

**Á VAKT Í FRANKFURT** Lögreglumaður á útkikki á Frankfurt-flugvelli í gær. Hinir grunuðu eru sakaðir um að hafa ætlað að smygla þar sprengju um borð í farþegaþotu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Loftljós**

og veggljós í miklu úrvali

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is



Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


Fjármálaráðherra:

## Þarf að rök-styðja mjög vel

**FJÁRMÁL „Það getur vel verið að þeir fái hlutdeild en það þarf að færa mjög góð rök fyrir því ef það á að gerast,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra um væntingar sveitarstjórnarmanna um hlutdeild úr fjármagnstekjuskatti í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að brúa bilið í rekstri vel og illa stæðra sveitarfélaga.**

**„Auðvitað er maður tilbúinn til að ræða þessi mál og ég á von á því að hitta nýjan formann, Halldór Halldórsson, fljótlega,“ segir Árni. „Við gerum ekki ráð fyrir því að í framtíðinni verði gríðarlegur afgangur af ríkissjóði. Gerum ráð fyrir að ríkissjóður sé nokkurn veginn í jafnvægi yfir hagsveifluna og ég get varla ímyndað mér að sveitarfélögin kalli á það að ríkissjóður hækki skatta.“** - ghs

**SÚÐAVÍK VIÐ ÁLFTAFJÖRÐ** Innri-Akraneshreppur og Súðavíkuhreppur eru efnuðustu sveitarfélög landsins ef miðað er við hreina eign á hvern íbúa. Innri-Akraneshreppur sameinaðist Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi og Skilmannahreppi fyrr á árinu.

# Súðavík er eitt ríkasta sveitarfélagið

**Súðavíkurhreppur og Innri-Akraneshreppur eru ríkustu sveitarfélögin. Fljótsdalshreppur fyrir austan er nýríkasta sveitarfélagið. Sumarbústaðir, virkjanir og stóriðja gefa sveitarfélögunum mestu tekjurnar.**

**FJÁRMÁL** Allra efnuðustu sveitarfélög landsins eru Súðavíkurhreppur og Innri-Akraneshreppur ef marka má hreina eign á hvern íbúa. Efni Súðavíkurhrepps byggjast upprunalega á hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækinu Frosta og Innri-Akraneshrepps á starfsemi og skattgreiðslum Íslenska járnblendifélagsins.

Akraneskaupstaður lendir í þriðja sæti á topp tíu listanum yfir efnuðustu sveitarfélög landsins og virðist byggja á góðum rekstri. Nokkur sveitarfélög eru á listanum vegna hlutabréfaeignar. Þetta gildir um Höfðahrepp sem átti í Skagstrendingi. Svalbarðshreppur keypti á sínum tíma jarðir til að standa vörð um laxveiðiréttindi og þau kaup hafa meðal annars lagt grunninn að góðri eignastöðu.

Grímsnes- og Grafningshreppur byggir efni sín á myndarlegum sumarbústaðabyggðum og sama gildir um Skorradalshrepp. Grindavíkurbær hefur tekjur sínar af Hitaveitu Suðurnesja og Bláa lóninu, svo nokkuð sé nefnt.

Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir að rekstrarafkoma sveitarfélaganna skipti máli. „Sveitarfélag sem skuldar mikið getur verið í fínum málum ef reksturinn er góður og það hefur mikið handbært fé frá rekstri,“ segir hann.

Gunnlaugur bendir á að efnuðustu sveitarfélögin á hvern íbúa séu þau sveitarfélög sem fái mikla fasteignaskatta vegna mikilla sumarbústaðabyggða, virkjana eða stóriðju.

Fljótsdalshreppur er nýríkasta sveitarfélag á Íslandi með 666 milljónir í hreina eign á hvern íbúa. Hreppurinn hafði ríflega hundrað og níutíu milljónir í tekjur árið 2005 en tæplega 81 milljón í gjöld. Þegar búið var að greiða reikninga átti hreppurinn tæplega 112 milljónir króna handbærar og hafði handbært fé hækkað um tæplega 112 milljónir frá 2004.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, segir að peningunum verði varið vel. Íbúarnir, sem voru 355 talsins um áramót, njóti þess óbeint. „Á þessu ári styrkjum við neysluvatnsframkvæmdir sem ekki hefur verið gert áður. Svo erum við að horfa til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnuhætti í sveitinni,“ segir hún.

Spurður um það hvaða ráð Gunnlaugur gefi sveitarfélögunum segir hann: „Að fara vel með.“

ghs@frettabladid.is

### TÍU RÍKUSTU SVEITARFÉLÖGIN

**Hrein eign á íbúa**

| | |
|---|---|
| Súðavíkurhreppur | 2,7 milljónir |
| Innri-Akraneshreppur | 2,7 milljónir |
| Akraneskaupstaður | 1,6 milljónir |
| Höfðahreppur | 1,6 milljónir |
| Grímsnes- og Grafningsh. | 1,3 milljónir |
| Svalbarðshreppur | 973 milljónir |
| Skorradalshreppur | 955 milljónir |
| Bæjarhreppur | 903 milljónir |
| Reykhólahreppur | 903 milljónir |
| Grindavíkurbær | 892 milljónir |

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2006


KAUPIÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR

Gott verð, traust ráðgjöf og fyrirmyndarþjónusta

Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0028 KG

# Jólatilboð



## Sængin sem breytir öllu!

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

## 15% afsláttur af vörum úr mjúku deildinni

Tempur Original

Tempur Classic

Tempur Millenium

Tempur Junior

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur
Tempur heilsudýnur og koddar tryggja náttúrulega stöðu hryggjarsúlunnar í hvaða svefnstellingu sem er og valda minnstu álagi á vöðva og taugar.




Betra BAK

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477***
***betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
***Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16***

Athuga þarf stjórnskipan, fjármál og stoðþjónustu við sameiningu HÍ og KHÍ:

# Deildir HÍ endurskipulagðar

**SKÓLAMÁL** Fimm manna starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins undirbýr nú sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Í nefndinni sitja tveir fulltrúar hvors skóla og einn úr ráðuneytinu. Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir fyrirhugaða sameiningu skýrast á næstu dögum en gat að öðru leyti ekki tjáð sig um ferlið.

Nýlega var haldinn kynningarfundur fyrir starfsfólk og fulltrúa nemenda við KHÍ og segir Ólafur Proppé, rektor skólans, að hugur fólks til sameiningarinnar sé almennt jákvæður og flestir tilbúnir til að vinna áfram að sameiningarferlinu.

**ÓLAFUR PROPPÉ** Hugur starfsfólks og nemenda KHÍ til sameiningarinnar er almennt jákvæður.

„Nýlega kom út skýrsla þar sem farið er yfir kortlagningu fyrirhugaðrar sameiningar en þar kom fram að athuga þurfi sérstaklega stjórnskipan, fjármál og stoðþjónustu ef af sameiningu verður. Það er ekki einfalt að sameina tvær svo stórar stofnanir sem þessir skólar eru en við höldum ferlinu ótrauðir áfram.“

Ólafur segir fyrirhugaða dagsetningu sameiningarinnar 1. júlí 2008 en hún sé þó háð ákvörðun þingsins.

Ólafur segir að einhvers konar endurskipulagning verði á deildum innan HÍ við sameininguna og hugsanlegt að stofnaður verði Heilbrigðisvísindaskóli en sú hugmynd sé enn á teikniborðinu.

**- hs**

**VALDIMAR L. FRIÐRIKSSON**

**KRISTJÁN PÁLSSON**

**KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR**

**KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR**

**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Mörg fordæmi eru þess að þingmenn segi sig úr þingflokkum en starfi áfram:

# Sex utan flokka á tólf árum

**STJÓRNMÁL** Ákvörðun Valdimars L. Friðrikssonar, sem settist á þing fyrir Samfylkinguna á síðasta ári en sagði sig úr flokknum á sunnudag, hefur vakið athygli en er fjarri því að vera einsdæmi. Á síðustu tólf árum hafa sex þingmenn sagt sig úr þingflokkum og setið áfram á Alþingi utan flokka.

Kristján Pálsson sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum árið 2003 og sat utan flokka á þingi til loka kjörtímabilsins.

Kristinn H. Gunnarsson starfaði stuttlega utan þingflokka veturinn 1998. Hann sagði sig úr þingflokki Alþýðubandalagsins um miðjan október og gekk í Framsóknarflokkinn í desember.

Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Halldórsdóttir störfuðu báðar utan flokka um skeið, kjörtímabilið 1995-1999. Þær voru áður í Kvennalistanum.

Jóhanna Sigurðardóttir sagði sig úr Alþýðuflokknum og starfaði utan flokka frá september 1994 til loka kjörtímabilsins vorið 1995.

Þegar Jóhanna tók ákvörðun sína voru, samkvæmt upplýsingum frá Alþingi, tuttugu ár liðin síðan þingmaður hafði síðast starfað utan flokka. Mörg eldri dæmi er að finna um þetta í þingsögunni. **- bþs**


Málþing Stjórnvísi um öldrunarþjónustu

Haldið 23. nóvember 2006 í Rúgbrauðsgerðinni, Borgatúni 6

**Hvað vil ég að bíði mín á hjúkrunarheimili?**

Tilgangur málþingsins er að fá fram umræður um markmið þjónustu hjúkrunarheimila.

- Eru þau unnin með íbúum og aðstandendum?
- Hvernig er þeim fylgt eftir?

Fundarstjóri: Pálmi V. Jónsson öldrunarlæknir

8.15 **Ávarp Ráðherra**

8.25 **Hverjar eru áherslur heilbrigðisyfirvalda í öldrunarþjónustu?**
Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

8.45 **Hvernig vinna hjúkrunarheimili að markmiðasetningu og eftirfylgd með árangri. Hver er aðkoma íbúa og aðstandenda að þeirri vinnu?**
Þóra Karlsdóttir, framkvæmdastjóri
Dvalar- og hjúkrunarheimið Holtsbúð

9.00 **Viðhorf aðstandenda**
Reynir Ingibjartsson, formaður
AFA - Aðstandendafélags aldraðra

9.15 **Hvað vill hið opinbera fá fyrir fjármagnið sem það veitir til reksturs hjúkrunarheimila?**
Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

9.30 **Brot úr leikritinu Græna landið**
Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson
Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
Leikendur: Gunnar Eyjólfsson og Kristbjörg Kjeld

9.50 **Kaffihlé**
María Th. Jónsdóttir, formaður félags aðstandenda Alzheimersjúkra og annarra skyldra sjúkdóma kynnir fræðsluefni sem félagið hefur gefið út eða styrkt útgáfu á.

10.10 **Fólk með heilabilun. Stærsta áskorunin í öldrunarþjónustu**
Marit Gausel Blom, rannsóknarstjóri
Félags- og heilbrigðisráðuneytið, Noregi

10.40 **Lög um öldrunarþjónustu á Íslandi og á Norðurlöndunum**
Hanna Lára Steinsson, forstöðumaður
Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd HÍ

11.55 **Rödd eldri borgara**
Margrét Margeirsdóttir, formaður Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

11.10 **Umræður og ályktun**

11.30 **Fundarslit**
Matthías Halldórsson, landlæknir

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Verð kr. 3.500

Skráning er á www.stjornvisi.is

STJÓRNVÍSI
FÉLAG UM FRAMSÆKNA STJÓRNUN



GULL BYLGJAN 909



Mikið úrval sæta
í vörubíla, rútur, dráttavélar, lyftara og þungavinnuvélar

GRAMMER
- þegar gæðin skipta máli

Hafðu samband og við sendum þér bækling

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi

# Eikarhúsgögn í miklu úrvali

**Vorum að taka inn mikið úrval eikarhúsgagna frá ChristianHarold**

## DeCoro sófasett á gjafverði

**3ja sæta sófi + 2 stólar**
**Fáanlegt í brúnu og ljósu leðri**

**~~249.000.-~~ stgr. 179.000.- stgr.**
**Takmarkað upplag**

**gæðahúsgögn**

Opið virka daga: 10-18
lau 11-16 sun 13-16

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Stjórnsýslu- og úrskurðarnefndir á síðustu 30 árum:

# Fjöldinn sjöfaldast

**NEFNDIR** Stjórnsýslu- og úrskurðarnefndum hefur fjölgað úr átta í 58 á síðustu þrjátíu árum og afgreiðslutími þeirra hefur lengst. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri athugun sem Umboðsmaður Alþingis hefur sent frá sér.

Niðurstöður athugunarinnar byggjast á upplýsingum sem fengust frá 48 nefndum um störf þeirra á tveimur sex mánaða tímabilum, annars vegar frá 1. nóvember 2003 til 30. apríl 2004 og hins vegar frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2006. Afgreiðslutími nefnda er mislangur en algengast er að hann sé á bilinu fjórar vikur til þrír mánuðir. Þá starfa sextán nefndir án sérstakra lagaákvæða eða reglna um afgreiðslutíma.

Úttekt á nefndum á ofangreindum tímabilum sýnir að málsmeðferðartími sé að lengjast. Á fyrra tímabilinu afgreiddu nefndirnar 62,5 prósent mála innan sex mánaða en á seinna tímabilinu var hlutfallið 56,7 prósent. Þá er mikill misbrestur á því að nefndir fylgi fyrirmælum stjórnsýslulaga um að tilkynna málsaðilum þegar tafir verða á vinnslu mála. Aðeins var tilkynnt um tafir í tíunda hluta þeirra mála sem afgreidd voru á lengri tíma en frestur samkvæmt lögum eða reglum segir til um. **- hs**

**FITNESS-MÓT Í LAUGARDALSHÖLL** Enginn fallið á lyfjaprófi í fitness-móti á þessu ári.

# Enginn fitness-keppandi hefur fallið

**Formaður lyfjaráðs segir að þar sem lítill hluti þátttakenda í fitnesskeppnum hér á landi fari í lyfjapróf sé erfitt að áætla lyfjanotkun í greininni. Hann segir samstarf við mótsaðila fitness-keppna misgott.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðasamband líkamsræktarmanna, sem heldur flestar fitness-keppnir á Íslandi, greiðir nokkur hundruð þúsund í að lyfjaprófa þátttakendur keppnanna á vegum sambandsins. Einar Guðmann, yfirdómari hjá Alþjóðasambandi líkamsræktarmanna, segir að síðustu sjö ár hafi átján prósent allra keppenda í fitnesskeppnum á vegum sambandsins verið lyfjaprófaðir.

Einar segir að á hverju Íslandsmóti í fitness séu að jafnaði tekin fjögur til átta lyfjapróf og alls hafi 45 lyfjapróf verið gerð á 246 keppendum á síðustu sjö árum. „Þetta er mjög hátt hlutfall og með því hæsta sem gerist í einstakri íþróttagrein. Þrír keppendur hafa fallið á lyfjaprófi vegna steranotkunar frá upphafi mælinga hér á landi en það jafngildir um einu prósenti.“ Einar segir keppendur sjálfa óska eftir lyfjaprófum en lyfjapróf er skilyrði fyrir þátttöku á mótum erlendis á vegum Alþjóðasambands líkamsræktarmanna. Einar segir að leitast hafi verið við að eiga gott samstarf við ÍSÍ um framkvæmd lyfjaprófa og að samstarfið hafi gengið hnökralaust til þessa.

Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs ÍSÍ, segist hafa farið ranglega með tölur þegar hann fullyrti að meirihluti keppenda í fitnesskeppnum féllu á lyfjaprófum eins og fram kom í laugardagsblaði Fréttablaðsins. En þar kom fram að sextíu prósent þátttakenda í fitnesskeppnum hér á landi féllu á lyfjaprófum. „Það sem af er ári hafa fjórir þátttakendur í fitnesskeppnum verið lyfjaprófaðir og enginn þeirra hefur fallið. Það er hins vegar staðreynd að á einu fitnessmóti féll helmingur þeirra keppenda sem var prófaður.“ Skúli fékkst hins vegar ekki til að gefa upp á hvaða móti þetta hefði verið.

„Við hjá ÍSÍ vildum gjarnan gera fleiri lyfjapróf á þátttakendum fitnesskeppna en samstarf við mótsaðila er misgott og mótshaldarar eru misduglegir við að prófa sitt fólk.“

Skúli segir að í Noregi og Danmörku hafi fengist heimild fyrir því að lyfjaprófa á líkamsræktarstöðvum og að það sé leið sem lyfjanefnd ÍSÍ hafi áhuga á að skoða en það verði að gerast í samvinnu við stöðvarnar.

**hugrun@frettabladid.is**

**SKÚLI SKÚLASON**

**EINAR GUÐMANN**

> Við hjá ÍSÍ vildum gjarnan gera fleiri lyfjapróf á þátttakendum fitness-keppna en samstarf við mótsaðila er misgott og mótshaldarar eru misduglegir við að prófa sitt fólk.
>
> **SKÚLI SKÚLASON**
> FORMAÐUR LYFJARÁÐS ÍSÍ





Það eru geðveikt góðir englar á meðal okkar

Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans sameinast nú um að styrkja samtök sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum. Fjórði hver Íslendingur á við geðræn vandamál að stríða einhverntíma á ævinni en með réttri meðhöndlun og stuðningi eru yfirgnæfandi líkur á að fólk nái bata.

Við bjóðum viðskiptavinum Sparisjóðsins að velja eitt af þeim átta félögum sem við höfum ákveðið að styrkja í ár. Þá mun Sparisjóðurinn greiða 1000 kr. fyrir hvern þann viðskiptavin sem tekur þátt. Auk þess geta allir, viðskiptavinir og aðrir, lagt málefninu lið og bætt við upphæð að eigin vali. Farðu inn á **www.spar.is** eða komdu í næsta Sparisjóð og gefðu þinn styrk.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Aðild Rússa að WTO ógnað:

# Georgía getur hindrað aðild

**GEORGÍA, AP** Georgía gæti hindrað aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO, að sögn georgískra yfirvalda.

Rússar og Bandaríkjamenn undirrituðu um helgina samning, sem ætlað var að ryðja úr vegi seinustu hindruninni í 13 ára baráttu Rússa fyrir aðild að stofnuninni. Georgía er aðili að WTO og hefur gert tvíhliða viðskiptasamning við Rússa, sem Rússar þurfa, vilji þeir aðild. Georgíumenn hóta að rifta samningnum ef Rússar halda áfram efnahagsþvingunum og láta ekki af viðskiptum við Abkasíu og Suður-Ossetíu. - sgj

Fjölmörg fyrirtæki kaupa íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sitt:

# Enginn neyddur á námskeið

**ÍSLENSKUKENNSLA** Fjölmörg atvinnufyrirtæki kaupa íslenskunámskeið fyrir fólkið sitt og má gera ráð fyrir að hátt í eitt þúsund útlendingar hafi verið á starfstengdum íslenskunámskeiðum á vinnustöðum sínum nú í haust. Námskeiðin eru fyrst og fremst á vegum Mímis símenntunar og Alþjóðahúss.

Fyrirtækin koma úr mörgum geirum atvinnulífsins, þannig hafa bakarí, fiskvinnslufyrirtæki, hjúkrunarheimili, verktakafyrirtæki, lagerfyrirtæki, flutningafyrirtæki og fólksflutningafyrirtæki fengið námskeið fyrir starfsfólk sitt svo dæmi séu nefnd. Laufey Eyjólfsdóttir er framkvæmdastjóri Toppfisks. Toppfiskur hefur keypt tvö íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sitt á þessu ári og hefst það þriðja fljótlega. Námskeiðin eru haldin á vinnutíma í húsnæði fyrirtækisins.

Laufey segir að Toppfiskur sé með sjötíu og fimm starfsmenn frá Póllandi, Filippseyjum, Taílandi, Úkraínu, Ghana og Víetnam. Margir vilji læra íslensku og sérstaklega sé fólk frá Asíu duglegt við námið. Henni finnst sjálfsagt að fólk læri tungumálið, að minnsta kosti til að geta bjargað sér, en segir ekki alla vilja læra íslensku og auðvitað neyði hún engan.

**MYNDI LÆRA PÓLSKU** „Ég myndi læra pólsku ef ég byggi í Póllandi," segir Laufey Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Toppfisks.

„Ég hef verið spurð að því af hverju ég læri ekki pólsku en af hverju skyldi ég þá ekki læra taílensku, úkraínsku eða víetnömsku? Ég myndi læra pólsku ef ég byggi í Póllandi." - ghs

Bætt símaþjónusta:

# Vodafone eflir GSM-kerfið

**FJARSKIPTI Fjarskiptafyrirtækið Vodafone hefur eflt GSM-kerfi sitt, en fyrirtækið hefur lokið við uppfærslu á öllum símstöðvum í kerfinu. Með breytingunni aukast gæði þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.**

**Vodafone hefur auk þess þétt GSM-kerfið því settir hafa verið upp sendar í Öxnadal, Grenivík og við Hrafnagil.**

**Auk þess er búið að bæta við þremur sendum á Akureyri og þá er Vodafone að ljúka við uppsetningu á GSM-sendi austan Þjórsár sem bætir sambandið við þjóðveginn.**

- ifv

Ungir jafnaðarmenn:

# Valdimar ætti að hætta á þingi

**STJÓRNMÁL Ungliðahreyfing Samfylkingarinnar harmar þá ákvörðun Valdimars L. Friðrikssonar að sega skilið við flokkinn.**

**VALDIMAR L. FRIÐRIKSSON**

**Í ályktun undrast ungliðarnir að Valdimar, sem er forystumaður í íþróttastarfi, kunni ekki að taka tapi betur en raun ber vitni og sjái ekki sóma sinn í að láta af þingmennsku fyrst hann telji sig ekki eiga lengur samleið með flokknum.**

**Er því um leið beint til annarra sem gáfu kost á sér í prófkjörum Samfylkingarinnar að virða niðurstöður þeirra.** - bþs

**REYKJANESBRAUT** Banaslysið, sem varð fyrir rúmri viku, hefur hrint af stað umræðu um merkingar vegna vegaframkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verktakar vilja bragarbót:

# Auka verður áherslu á öryggi

**UMFERÐ** „Verktakar finna til samfélagslegrar ábyrgðar og eru fullir vilja til að auka öryggi og merkingar við vegaframkvæmdir. Að þeirra mati eru núverandi kröfur of slakar," segir í ályktun félags verktaka.

„Í þessum málaflokki skiptir öllu máli að menn viðurkenni að ekki hefur verið lögð nógu mikil áhersla á öryggismál og fremur kappkostað að leita blóraböggla þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis," segja verktakarnir sem átelja þá „sem ekkert leggja til umræðunnar annað en að vísa til ábyrgðar annarra." Þeir átelja einnig þá sem stunda upphrópanir og sleggjudóma. - gar

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bíll fastur á brú

Hjól fóru undan flutningabifreið sem var á leið yfir Borgarfjarðarbrú á sunnudagskvöldið. Bíllinn sat fastur á brúnni í á þriðja klukkutíma og urðu nokkrar tafir á umferð af þessum sökum. Engan sakaði.

## LEIÐRÉTTING

Í sunnudagsblaði Fréttablaðsins birtist viðtal við Evu Laufeyju Stefánsdóttur ljósmóður. Eva var rangfeðruð í greininni en hún var sögð Steingrímsdóttir. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.


Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda

Er sátt í sjónmáli?

Opinn fundur Samtaka iðnaðarins um nýja skýrslu auðlindanefndar:
„Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls"

Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til framhaldsfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda í ljósi nýrrar skýrslu nefndar iðnaðarráðherra um málið.

Staður: Grand Hótel Reykjavík
Dagur: Þriðjudaginn 21. nóvember
Stund: Frá 15:00 til 17:00

Dagskrá:

Jónína Bjartmarz
umhverfisráðherra

Árni Finnsson
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Víglundur Þorsteinsson
stjórnarformaður BM Vallár ehf.

Pallborðsumræður ræðumanna
Stjórnandi: Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI

Fundarstjóri:
Helgi Magnússon formaður SI

Fundurinn er öllum opinn.
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að koma.

SI
Samtök iðnaðarins

# Frábær nýjung sumarið 2007

**Beint vikulegt morgunflug í allt sumar**

**Bókaðu strax!**
**Veldu bestu gistinguna og tryggðu þér**
**10.000 kr.**
**afslátt á mann**
**Fyrstu 800 sætin**

**Frá 39.990 kr.***

# Rhodos

## Gríska perlan - eyja sólarinnar

**Heimsferðir bjóða sólarþyrstum Íslendingum frábæra nýjung í sumar, eyju sólarinnar - Rhodos. Nýr og glæsilegur sumarleyfisstaður. Margir telja þessa perlu Eyjahafsins vera fegurstu eyju Grikklands. Á Rhodos upplifir þú mörg þúsund ára sögu á einum sólríkasta stað í heimi, því hér eru yfir 300 sólardagar á ári. Frábært loftslag og bestu aðstæður fyrir ferðamanninn sem þú finnur í Grikklandi.**

* Flugsæti með sköttum. Fargjald A.

### Beint morgunflug með Air Primera

Íslenska flugfélagið Air Primera sér nú um allt leiguflug Heimsferða. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

### *Skoðaðu bæklinginn*

*Kynntu þér bækling Heimsferða um Rhodos og Mallorca. Þú getur skoðað bæklinginn á* ***www.heimsferdir.is***

## Úrval glæsilegra gististaða á Rhodos

| | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hiti yfir daginn °C | 21 | 26 | 30 | 34 | 33 | 31 | 27 |
| Næturhiti °C | 11 | 15 | 19 | 22 | 22 | 20 | 15 |
| Hitastig sjávar °C | 17 | 18 | 20 | 24 | 25 | 24 | 21 |
| Rigningardagar | 4 | 3 | 1 | 1 | 0 | 2 | 6 |
| Meðal sólarstundir | 9 | 11 | 13 | 13 | 12 | 11 | 9 |

**Bókaðu strax!** www.heimsferdir.is

## Glæsilegasta sumarfríið á ótrúlegu verði

Allt innifalið

### Hotel Forum Beach
- allt innifalið

**Frábært verð**

Frá 57.195 – í viku /
kr. 68.295 í 2 vikur

Netverð á mann, með 10.000 kr. afsl. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í 1 eða 2 vikur 26. maí og 23. og 30. júní.

**Glæsileg aðstaða**
- Lofkæling
- Sjónvarp
- Sími
- Góður garður
- Sjósport
- Tennisvellir
- Líkamsræktaraðstaða
- Fríir sólbekkir og sólhlífar
- Barnaleikvöllur
- Skemmtidagskrá
- Heilsulind

Nýjar íbúðir

### Hotel Forum
- hálft fæði

**Frábært fyrir fjölskyldur**

**Frábært verð**

Frá 55.295 – í viku /
kr. 64.495 í 2 vikur

Netverð á mann, með 10.000 kr. afsl. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í 1 eða 2 vikur 26. maí og 23. og 30. júní.

**Frábær aðstaða fyrir börnin**
- Leiksvæði fyrir börnin
- Sundlaug
- Barnalaug
- Borðtennis, billiard, pílukast o.fl.
- Skemmtidagskrá

**Glæsileg aðstaða**
- Lofkæling (júní-ágúst)
- Sjónvarp
- Sími
- Glæsilegar nýendurnýjaðar íbúðir
- Góður garður
- Sjósport
- Ókeypis sólbekkir og sólhlífar
- Barnaleikherbergi
- Barnaleikvöllur
- Veitingastaðir
- Skemmtidagskrá
- ... og fleira og fleira

## Frá 28.590 kr.*

# Mallorca

## Perla Miðjarðarhafsins

fyrstu 500 sætin
**40.000 kr.**
afsláttur fyrir fjögurra manna fjölskyldu.
Tryggðu þér lægsta verðið á Íslandi.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

**Mallorca á besta verðinu**

**Kr. 28.590**
* Flugsæti með sköttum. Netverð. Fargjald A.

**Kr. 38.795**
Netverð á mann með 10.000 kr. afsl., m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í viku 25. maí eða 22. júní, á Brazilia Playa.

**Kr. 41.695**
M.v. hjón með 2 börn, 2–11 ára, á Paraiso de Alcudia, vikuferð 25. maí eða 22. júní með sköttum og 10.000 kr. afslætti. Netverð á mann.

10.000 kr. afsláttur af fyrstu 500 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

ENNEMM / SIA / NM26618

### Paraiso de Alcudia

**Frábært verð**

Frá 41.695 – í viku /
kr. 51.095 í 2 vikur

Netverð á mann, með 10.000 kr. afsl., m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í 1 eða 2 vikur 25. maí og 22. júní, Paraiso.

Heimsferðir

• Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Hringdu og myndaðu

Frír GSM sími
NOKIA 1112 fylgir
með kaupum á
Samsung Digimax L50

Takmarkað magn

SAMSUNG DIGIMAX L50 + NOKIA 1112

5 M.pixlar
39–109 mm linsa
2,5" hágæða LCD-skjár
ISO 50–400
10 sek. Voice memo á mynd
Margar forstillingar og timer
Vídeóupptaka
Lithium-rafhlaða
Pictbridge-staðall

7.000 AFSLÁTTUR

kr. 29.990 Kr. 22.990,- kr. 7.950 Kr. 0,-

NOKIA 6233

3.900 AFSLÁTTUR

2 mp myndavél
FM útvarp
EDGE
Bluetooth
Allt að 340 klst biðtími
110 gr

kr. 38.995 Kr. 35.095,-

razz

razz handfrjáls búnaður fylgir frítt með*

Notaðu razz til að lífga upp á samtalið
Þú bætir við umhverfishljóðum, Beavis, tromum ofl.
við eða inn í samtalið.
* RAZZ handfrjáls búnaður passar bara á Nokia Pop Port síma

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

NOKIA 5500 sport

4.000 AFSLÁTTUR

2 mp myndavél
MMS
EDGE
Innrautt
Bluetooth
FM útvarp
103 gr

kr. 39.995 Kr. 35.995,-

NOKIA
Handfrjáls búnaður

Bluetooth
250 klst biðtími
10 klst taltími
18 gr að þyngd

Kr. 6.990,-

HANS PETERSEN

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

Auglýsingin gildir til 24. nóvember


Norræna eftirlitssveitin á Srí Lanka:

# Aldrei fleiri Íslendingar á vakt

**FRIÐARGÆSLAN** Hlutverk Íslendinga hefur aldrei verið veigameira á Srí Lanka og það er þessa dagana. Þau Norðurlönd sem tilheyra ESB þurftu að hverfa á brott í septembermánuði og síðan hafa Norðmenn og Íslendingar borið allan þungann af eftirlitssveitunum, SLMM. Jón Óskar Sólnes tók þá við stöðu framkvæmdastjóra höfuðstöðvanna í höfuðborginni, Kólombó, og Þorfinnur Ómarsson hefur verið talsmaður sveitanna.

Sjö manns, eða þriðjungur eftirlitsmanna SLMM, eru íslenskir, og helmingur þeirra eru konur. „Við höfum fjölgað nokkuð í hópnum, sérstaklega fólki úr hópi lögreglumanna. Reynsla lögreglumanna er mjög góður grunnur í þetta starf, því það er töluverð rannsóknarvinna sem þarf að inna af hendi. Til dæmis ef einhver er myrtur þá þarf að rannsaka það, tala við vitni og setja saman skýrslu, sem fer í gagnabanka og síðan gefum við út yfirlýsingu um hvernig og hver braut vopnahléið," segir Þorfinnur.

Einnig eru þrír Íslendingar í höfuðstöðvunum í Kólombó. „Íslendingar á Srí Lanka hafa aldrei verið jafn áberandi og margir og þeir eru núna," segir Þorfinnur og tekur fram að þarna séu engin jeppagengi. „ Þetta er fyrst og fremst borgaralegt verkefni sem við sinnum." - kóþ

**ÞORFINNUR ÓMARSSON** Verkefnin á Sri Lanka eru fyrst og fremst borgaraleg að sögn Þorfinns.

# Óánægðir með tugþúsunda launamun

**Iðnaðarmaður í launavinnu hjá Landspítalanum hefur 25-30 þúsund krónum lægri laun en sambærilegur iðnaðarmaður hjá borginni. „Við erum allir undirmálsmenn," segir aðstoðarverkstjóri.**

**VINNUMARKAÐUR** Launamaður sem er kominn yfir 45 ára aldur og hefur margra ára starfsreynslu sem smiður hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi, hefur mun lægri dagvinnulaun en sambærilegur smiður hjá Reykjavíkurborg. Óánægja er meðal iðnaðarmanna LSH, ekki síst þeirra sem eru launamenn, með kjörin.

Smiður hjá LSH, sem er orðinn 45 ára, hefur 191 þúsund krónur í dagvinnulaun. Þetta er eitt þúsund krónum hærri laun en smiður með eins árs starfsreynslu fengi hjá borginni. Ef smiðurinn, sem er orðinn 45 ára, færir sig frá LSH til borgarinnar hækkar hann um minnst 25 þúsund krónur, líklega 30 þúsund, miðað við 215-220 þúsund krónur í dagvinnulaun þar. Hjá borginni er maðurinn reyndar kominn í hæsta launaflokk tíu árum fyrr, eða við 35 ára aldur.

Aðeins er miðað við taxtakaup og ekki tekið tillit til fastrar yfirvinnu. Ef tekið er tillit til fastrar yfirvinnu eru laun smiðsins hjá LSH um 230 þúsund á mánuði en hjá borginni fengi hann um 260 þúsund á mánuði að fastri yfirvinnu meðtalinni.

„Við erum allir undirmálsmenn miðað við aðra Íslendinga," segir Guðmundur Guðnason, aðstoðarverkstjóri hjá LSH. „Það gildir það sama um alla. Spítalinn reynir að halda niðri kaupinu okkar og þá gildir einu hvaða starfsheiti menn hafa."

Guðmundur rifjar upp að þeir hafi fengið eins launaflokks hækkun eftir samkomulag ASÍ og SA í sumar. Það hafi gefið fimm til sex þúsund krónur. Í sömu atrennu var skipt út fimm yfirvinnutímum með engri vinnuskyldu fyrir tveggja launaflokka hækkun. Þetta gerði um 16 þúsund króna hækkun í allt, eða um átta þúsund króna raunhækkun á mánuði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Byggingadeild LSH telur um fjörutíu og fimm fasta starfsmenn, þar af eru iðnaðarmennirnir, sem eru launamenn, um helmingur starfsmanna. Stærstu hópar iðnaðarmanna eru rafvirkjar, vélstjórar og trésmiðir. Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri tækni og eigna hjá LSH, segir að launamennirnir fái greitt samkvæmt töxtum. „Við teljum okkur greiða sambærileg laun og aðrar ríkisstofnanir," segir hann.

Til viðbótar eru iðnaðarmenn sem ráðnir eru sem verktakar. Þeir eiga nú í samningaviðræðum við LSH og hafa farið fram á 27 prósenta hækkun.

ghs@frettabladid.is

**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Iðnaðarmaður í launavinnu hjá Landspítalanum fær um 30 þúsund krónum lægri dagvinnulaun en sambærilegur iðnaðarmaður hjá borginni. „Við teljum okkur greiða sambærileg laun og aðrar ríkisstofnanir," segir Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri tækni og eigna hjá Landspítalanum.

**LAUNAMUNUR HJÁ RÍKI OG BORG**

| Smiður | 20-25 ára | 45 ára og eldri |
|---|---|---|
| LSH | 182 þúsund | 191 þúsund |
| Borgin | 190 þúsund | 215-220 þúsund |

Margrét Sverrisdóttir er ósátt við ummæli Dags B. Eggertssonar:

# Frjálslyndir vildu vera með

**BORGARRÁÐ** Það er ekki rétt sem Dagur B. Eggertsson hélt fram á blaðamannafundi í Ráðhúsinu í síðustu viku að Frjálslyndi flokkurinn hefði ekki haft tíma til að taka þátt í mótun framkvæmdaáætlunar minnihlutans í borgarráði um málefni innflytjenda í Reykjavík. Frjálslyndir töldu sig vera í fullu samstarfi við hina flokkana að áætluninni, segir Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri flokksins.

„Mér kom það því á óvart að þessir flokkar voru búnir að setja allt í fullan gang í innflytjendamálum án þess að tala við okkur. Við vorum tilbúin með tillögur þann 6. nóvember og ætluðum að leggja þær í púkkið með þeim. Á hádegi þann 14. nóvember, daginn sem þau kynntu sínar tillögur, hitti ég Dag og hann sagði mér að þau ætluðu að gera þetta án okkar. Mér skildist á Degi að þeim þætti óþægilegt að hafa okkur með, vegna umræðunnar síðustu daga á undan."

Dagur B. Eggertsson segir það rétt að Frjálslynda flokknum hafi ekki verið boðið til samstarfsins þegar til kom. „Það er greinilegt að það er ekki ein rödd um málefni innflytjenda innan Frjálslynda flokksins og þau þurfa bara að hreinsa loftið hjá sér áður en þau ganga til samstarfs við aðra flokka. En það er líka rétt að þau höfðu ekki tíma til að koma á fundina framan af, í september." - kóþ

**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**

# Leikbær

# Kauptu núna og borgaðu í febrúar!

## Ekki koma of seint!
## Komdu áður en allt selst upp!

**Ef þú óskar**, þá geymum við korta-slippann þannig að hann komi ekki til greiðslu fyrr en **í febrúar**.

Við hjá Leikbæ verðum með vinsælustu jólagjafirnar í ár! Enginn strákur getur verið Skelfislaus um jólin og engin stúlka ætti að vera án alvöru dúkkuvagns.

Hringbrot

Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi - Háholti, Mosfellsbæ

## „ORÐRÉTT“

*Eðlilegt framhald*

**„Við lítum á þetta sem eðlilegt framhald af því að þrælunum var veitt frelsi og konur fengu réttindi sín. Núna er komið að réttindum dýranna.“**

MARIANNE THIEME, LEIÐTOGI HOLLENSKA DÝRAFLOKKSINS, SEM BERST FYRIR RÉTTINDUM DÝRA.

**Morgunblaðið 20. nóvember.**

*Óvenjulegt ár*

**„Ég þakka þeim af auðmýkt sem hafa stutt mig á þessu óvenjulega ári sem ég hef lifað núna““**

ÓMAR RAGNARSSON ÞEGAR HANN HAFÐI TEKIÐ VIÐ EDDUVERÐLAUNUM SEM VINSÆLASTI SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS.

**Fréttablaðið 20. nóvember.**

nær og fjær
tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BIRGIR BREIÐDAL MYNDLISTARMAÐUR

# *Flytur á slóðir George Clooney*

„Ég opnaði sýningu á Reyðarfirði á sunnudaginn,“ segir Birgir Breiðdal myndlistarmaður sem að venju er kallaður Biggi. „Hún er á nýju kaffihúsi sem er líka gistiheimili og heitir Hjá Marlín. Ég sýni blandað efni, gömul verk og ný. Annars er mikið um að vera um þessar mundir því við fjölskyldan erum að flytja til Ítalíu í dag. Við erum að flytja í þriggja hæða turnhús í bæ við Comovatn. Þetta er á svipuðum slóðum og George Clooney keypti sér hús fyrir tveim árum síðan og mér skilst að Tom Cruise hafi einnig fjárfest í húsi við vatnið. Mér er sagt að íbúðaverð hafi tvöfaldast síðan Clooney keypti sér hús þarna. Það er draumurinn að vera á Ítalíu sirka áttatíu prósent af árinu og á Íslandi hin tuttugu. Taka svona íslensku hápunktana, jólin og svo framvegis. Húsið er síðan sirka árið 1300 en það eru reyndar bara fimmtíu sentimetra útveggir eftir af því sem er upprunalegt. Allt hitt er nýtt og það verður gaman að koma sér fyrir. Ég snéri mér algjörlega að myndlistinni fyrir tveimur árum en hef einnig verið að læra arkitektúr í Mílanó. Nú stefni ég að því að klára arkitektúrinn og halda áfram að mála. Það eru sýningar bæði á Ítalíu og hérna heima í farvatninu. Nú og svo var ég að eignast mína aðra dóttur í október og ég og konan erum nýbúin að halda upp á ullarbrúðkaupið. Það er því allt rosalega gott að frétta og spennandi tímar í vændum.“

## EDDAN:

### SIGURSÆLIR VESTFIRÐINGAR

Mugison sat í Ísafjarðarbíói og horfði á Mýrina á sunnudagskvöldið þegar Edduverðlaunin voru afhent. Þegar ljóst var að hann hafði unnið fyrir tónlistina í Mýrinni og A Little Trip to Heaven brutust út fagnaðarlæti. Aðrir Vestfirðingar voru líka sigursælir. Lýður Árnason á Flateyri vann í flokki heimildamynda fyrir Skuggabörn, Ragnar Bragason frá Súðavík var verðlaunaður fyrir handrit myndarinnar Börn og Jóhannes Kr. Kristjánsson, ættaður frá Flateyri, er ritstjóri Kompáss, sem valinn var sjónvarpsþáttur ársins. BB.is greindi frá.

## SJÓNARHÓLL
EDDUVERÐLAUNIN

# *Nýr verðlaunaflokkur*

**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Leikari

„Ég sá nú ekki mikið, kannski tíu sekúndur, en það sem ég sá var hundleiðinlegt,“ segir Þorsteinn Guðmundsson leikari um Edduhátíðina sem var haldin á sunnudagskvöldið í áttunda skipti. Þorsteinn var sem kunnugt er kynnir hátíðarinnar í fyrra en nú sáu Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Pétur Jóhann Sigfússon um þá deild. „Á þessum tíu sekúndum sá ég strax að það voru gerð sömu tæknilegu mistök og þegar ég var kynnir, það gleymdist aftur að mæka upp salinn. Það kom því út eins og kynnirinn væri ekkert skemmtilegur. Hann sagði brandara og allir í salnum hlógu en það heyrði það enginn sem var heima hjá sér að horfa á sjónvarpið. Ég legg annars til að það verði stofnaður nýr verðlaunaflokkur sem heitir Baltasar Kormákur. Það verður fullt af fólki tilnefnt í hann en Baltasar Kormákur vinnur alltaf allt. Að lokum vil ég bara að segja að allir stjórnmálamenn eru hálfvitar.“

# Bækur eða plötur undir jólatréð

**Það styttist til jóla. Stór hluti verslunar með bækur og plötur fer fram á næstu vikum og því eru margir komnir með gamalkunnugan skjálfta í hnén. Það er mikið í húfi og spurningin er bara: verða þetta bókajól eða plötujól?**

„Ég held að bækur og plötur séu ekki í samkeppni lengur því núna í velmeguninni þykir fullorðnu fólki of ódýrt að gefa plötur í jólagjöf,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður félags bókaútgefenda. „Á tilboði eru plötur á kannski 1.500 kall sem er það sama og fólk er að eyða í hádegismat. Ég held því að fólk gefi krökkum helst plötur eða fjarskyldum ættingjum. Við fundum að minnsta kosti fyrir mikilli gleði í fyrra þegar við gáfum út Atlasinn sem kostaði um 20.000 út úr búð. Fólk var glatt yfir því að loksins var komin dýr bókagjöf.“

Kristján segir bókasöluna fyrir jólin nema á milli 500 til 700 milljónum króna, gróflega áætlað. „Heildarsala bóka er þó vel yfir tveir milljarðar svo jólasalan er ekki nema um þriðjungur eða fjórðungur af heildarsölunni. Inni í þessu eru reyndar kennslubækurnar. Jólin skipta þó miklu fyrir skáldsögur og ævisögur.“ Bókatíðindi eru komin út og á leið inn á hvert heimili.

„Plötur og bækur eru í beinni samkeppni og þeir sem halda öðru fram eru að tala gegn betri vitund,“ segir Jónatan Garðarsson, framkvæmdastjóri Félags hljómplötuframleiðanda. Hann segir síðustu viku hafa verið fyrstu alvöru söluvikuna og að salan hafi farið seinna í gang en vanalega. Á árum áður voru síðustu tveir mánuðir ársins aðalsölutími íslenskra hljómplatna með um 70 prósent af heildinni, en nú eru þessir tveir mánuðir komnir niður í 45-50 prósent.

**JÓNATAN GARÐARSSON**

**KRISTJÁN B. JÓNASSON**

„Fyrir nokkrum áratugum voru íslenskar plötur og bækur á sama verði og verðið fylgdi því sem ein flaska af íslensku brennivíni kostaði,“ segir Jónatan. „Fyrir svona 15 árum breyttist þetta þegar verð erlendraplatna staðnaði. Íslensku plöturnar þurftu að taka viðmið af því. Á meðan hefur verð bóka fylgt almennu verðlagi í landinu. Þetta kemur niður á tónlistarfólki sem fær minna fyrir sinn snúð en áður. Mun stærri hluti innkomunnar fer nú í framleiðslu- og kynningarkostnað en áður. Svo er mjög óréttlátt að virðisauki eigi ekki að lækka á plötum eins og á bókum, það geta allir séð út frá samkeppnissjónarmiðum. Við trúum ekki öðru en að þessu verði breytt.“

**ALLT SNÝST UM PAKKANA** Eða öllu heldur hvað í þeim er.

Plötutíðindi eru komin í prentun og á leiðinni í hvert hús. Þá er væntanleg í loftið sérstök útvarpsstöð á vegum Félags tónskálda og textahöfunda, FTT, sem spilar eingöngu nýtt íslenskt efni. Stöðin verður á þeirri tíðni sem BBC hefur sent út á hérlendis, FM 94,3.

**gunnar@frettabladid.is**


## Þegar gæðin skipta máli
Lotus Professional borðpappírsvörur

**Til hátíðabrigða**

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.

**Halldór Sigdórsson**
aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

Á tilboði í nóvember 2006
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV6219A


## JÓLAGJÖFIN Í ÁR*

**Fyrir ömmu:**
Fríða Á. Sigurðardóttir - Í húsi Júlíu
Selma og Hanna - Sögur af konum



**Fyrir afa:**
Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson - Farþeginn
Óskar Pétursson - Ástarsól

**Fyrir mömmu:**
Paulo Coelho - Hugarfjötur
Josh Groban - Awake

**Fyrir pabba:**
Ævar Örn Jósefsson - Sá yðar sem syndlaus er
Damien Rice - 9

**Fyrir stóra bróður:**
Arnaldur Indriðason - Konungsbók
Shadow Parade - Dubious intentions

**Fyrir stóru systur:**
Khaled Hosseini - Flugdrekahlauparinn
Charlotte Gainsbourg - 5:55

**Fyrir litla bróður:**
Doktor Ernest Drake - Drekafræði, handbók drekaáhugamanna
Ampop - Sail to the moon

**Fyrir litlu systur:**
Angela Wilkes - Veröldin okkar. Alfræði handa börnum
Nylon - Nylon

* Samkvæmt spám ónafngreindra starfsmanna í bóka- og plötubúð.

Notaðir bílar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Lægra verð. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld - Lægri afborgun.*
Aðeins í 4 daga. Komdu strax.

# Lækkaðu mánaðar-greiðslurnar. Núna

## Lægri vextir. Lægri lántökugjöld. Lægri afborgun.* Aðeins 48 bílar í 4 daga. Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

## Tilboðsverð 200-700 þús kr.

Hyundai Accent 1,5 beinsk. skrd. 12/1999 ek: 59.000 km.
~~Verð 490.000 kr.~~ Tilboðsverð 299.000 kr. Útborgun 29.900 kr.
9.147 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. RK-701.

Skoda Octavia Ambiente 1,6 beinsk. skrd. 10/1999 ek: 133.000 km.
~~Verð 650.000 kr.~~ Tilboðsverð 550.000 kr. Útborgun 55.000 kr.
16.825 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. RJ-768.

VW Bora 1,6 sjálfsk. skrd. 07/1999 ek: 104.000 km.
~~Verð 770.000 kr.~~ Tilboðsverð 650.000 kr. Útborgun 65.000 kr.
19.884 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. ZV-931.

Citroen Picasso 1,8 beinsk. skrd. 12/2000 ek: 128.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
16.683 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NE-767.

## Tilboðsverð 700-1200 þús kr.

Peugeot 206 XR Présence 1,4 beinsk. skrd. 09/2003 ek: 42.000 km.
~~Verð 1.050.000 kr.~~ Tilboðsverð 950.000 kr. Útborgun 95.000 kr.
13.347 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. ZU-006.

Toyota Avensis Terra 1,8 beinsk. skrd. 05/2002 ek: 89.000 km.
~~Verð 1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
17.272 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TS-192.

Ford Focus Trend 1,5 beinsk. skrd. 09/2003 ek: 50.000 km.
~~Verð 1.280.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.180.000 kr. Útborgun 118.000 kr.
16.579 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AX-750.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 04/2004 ek: 72.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Útborgun 119.000 kr.
16.720 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MO-014.

## Tilboðsverð 1200-1700 þús kr.

Subaru Legacy 1,6 beinsk. skrd. 02/2002 ek: 89.000 km.
~~Verð 1.350.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.250.000 kr. Útborgun 125.000 kr.
19.738 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. JX-440.

Hyundai H-1 2,4 beinsk. skrd. 06/2001 ek: 75.000 km.
~~Verð 1.590.000~~ kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
23.762 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. NJ-830.

Citroen C4 Comfort 1,6 sjálfsk. skrd. 05/2005 ek: 30.000 km.
~~Verð 1.780.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.590.000 kr. Útborgun 159.000 kr.
22.341 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DO-441.

Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2004 ek: 30.000 km.
~~Verð 1.850.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
23.746 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LY-828.

## Tilboðsverð yfir 1700 þús kr.

Peugeot 407 1,8 beinsk. skrd. 03/2006 ek: 9.000 km.
~~Verð 2.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
39.323 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TM-406.

Toyota RAV4 VVTI 2,0 sjálfsk. skrd. 08/2005 ek: 10.000 km.
~~Verð 2.800.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
41.035 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PM-094.

MMC Pajero Sport 3,0 sjálfsk. skrd. 07/2005 ek: 20.000 km.
~~Verð 3.250.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.890.000 kr. Útborgun 289.000 kr.
45.789 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PA-417.

Volvo V70R AWD 2,5 sjálfsk. skrd. 05/2005 ek: 27.000 km.
~~Verð 4.990.000~~ kr. Tilboðsverð 4.390.000 kr. Útborgun 439.000 kr.
69.554 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RZ-651.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg um jólin.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.brimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is**

## Svona erum við

> Fjöldi vinnustunda júlí til september 2006




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NIÐURSTAÐA REKSTRARREIKNINGS HJÁ SVEITARFÉLÖGUNUM

# *Rekstrarkostnaður er mismunandi á íbúa*

Sveitarfélögin héldu sína árlegu fjármálaráðstefnu í síðustu viku og var í tengslum við hana gefin út Árbók sveitarfélaganna 2006 með upplýsingum um rekstur og efnahag sveitarfélaganna sem byggðar eru á niðurstöðum ársreikninga þeirra fyrir síðasta ár. Í bókinni kemur meðal annars fram að rekstrarkostnaður sveitarfélaga er afar mismunandi á hvern íbúa.

**Hvers vegna er rekstrarkostnaðurinn svona mismunandi?**

Mikill mismunur er í stærð og innri gerð sveitarfélaga. Þar til viðbótar kemur mismunandi aldurssamsetning íbúanna, félagsleg staða þeirra eða landfræðileg lega sveitarfélagsins. Sveitarfélög veita íbúunum mismikla þjónustu og gæði virkni þjónustunnar er mismunandi.

Hvers vegna eru skatttekjur sveitarfélaga og tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga mismunandi?

Íbúar sveitarfélaganna hafa misháar tekjur að jafnaði og einnig er nokkur breytileiki í álagningarhlutfalli útsvars. Verðmæti fasteigna er afar mismunandi milli sveitarfélaga sem hafa áþekkan íbúafjölda. Staða sveitarfélaga er misjöfn í ýmsum málum og því er aðkoma Jöfnunarsjóðs að rekstri þeirra mismunandi. Aldursdreifing íbúa innan einstakra sveitarfélaga er ólík. Kostnaðarstig einstakra sveitarfélaga er mismunandi.

Hvers vegna munar miklu í eignastöðu sveitarfélaga þegar miðað er við eignir á hvern íbúa?

Sveitarfélögin hafa valið mismunandi form á rekstri. Reksturinn er allt frá því að vera með meginhluta undir sveitarsjóði yfir í einkafjármögnun umfangsmikilla framkvæmda.

Mismunandi er hvort eignir séu færðar til núvirðis eða ekki. Sérstaklega þegar um er að ræða eignir sveitarfélaga í hlutafélögum. Mismunandi er milli sveitarfélaga hvað þau hafa lagt mikla fjármuni til atvinnulífsins á staðnum. Sum hafa tapað fjármunum á því meðan verulegar eignir hafa myndast hjá öðrum. Þær hafa síðan verið seldar að hluta til eða öllu leyti.

## SPURT & SVARAÐ

**SNJÓMOKSTUR**

**PÉTUR ÓLI PÉTURSSON**
Snjómokstursmaður

### *Eins og slökkviliðið*

Pétur Óli Pétursson hefur mokað snjó í rúm 20 ár og rekur fyrirtækið PC gröfur. Þar eru nú átta manns á stanslausum vöktum við að hreinsa snjó af götunum.

**Hvernig gengur moksturinn?**

Við erum að fara að hugsa okkur til koju núna, enda ég búinn að vera að síðan klukkan þrjú í nótt.

Við skiptum bílnum í þrjár vaktir á dag, en við erum háðir heimskum lögum frá Evrópusambandinu sem segja að við megum ekki vinna meira en níu tíma í einu. Þingmenn sem samþykktu lögin mega þó vinna alla nóttina þegar þeir eru á leiðinni í jólafrí, og virðast telja það meiri ábyrgð að stjórna einum bíl en heilu landi.

**Kom snjórinn á óvart?**

Nei, nei, það koma alltaf svona skot, enda búum við á Íslandi. Það er lykilatriði að vera reiðubúinn. Við erum eins og slökkviliðið, allt fer í völl ef við stöndum okkur ekki.

**Fagnar þú vetrinum?**

Já, það kemur birta af snjónum , og dregur krakka frá tölvunum svo þeir fari út að leika sér og verði rjóðir í kinnum.

# Þjóðkirkjan fékk helmings hækkun umfram verðbólgu

**Frá árinu 1998 hafa greiðslur skattgreiðenda til þjóðkirkjunnar hækkað um 55 prósent umfram verðbólgu. Á sama tíma hefur meðlimum þjóðkirkjunnar fjölgað um 8,8 prósent.**

**PRESTASTEFNA** Þjóðkirkjan fær ríflega 3,8 milljarða frá skattgreiðendum á næsta ári. Önnur trúfélög fá 205 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Greiðslur úr ríkissjóði til þjóðkirkjunnar eiga á næsta ári að nema 3.838 milljónum króna. Til annarra trúfélaga renna samkvæmt fjárlögum 205 milljónir.

Á árinu 1998 námu greiðslur úr ríkissjóði til þjóðkirkjunnar 1831 milljón króna samkvæmt fjárlögum. Hefði þessi upphæð aðeins hækkað í takt við verðbólgu væri hún tæpir 2,5 milljarðar í dag en ekki áðurnefndar 3.838 milljónir sem ætlun er að komi í hlut þjóðkirkjunnar á næsta ári.

**Aldargamall launasamningur**

Samtals er ætlunin að skipta 4.043 milljónum króna úr ríkissjóði á milli trúfélaganna í landinu á árinu 2007.

Þjóðkirkjan, sem taldi 84 prósent landsmanna samkvæmt nýjustu tölum frá því 1. desember í fyrra, fær 95 prósent af peningunum frá ríkinu. Skýringin á misræminu á milli fjölda meðlima í trúarfélögum og greiðslna til þeirra úr ríkissjóði er fyrst og fremst fólgin í sérstökum samningi ríkisins við þjóðkirkjuna um að greiða laun starfsmanna biskups og prestastéttarinnar í landinu. Er þessi samningur frá árinu 1997 byggður á eldra samkomulagi frá árinu 1907 þar sem á grundvelli umráða ríkisins yfir jarðeignum kirkjunnar var ákvarðað að ríkið greiddi laun presta. Um er að ræða 139 stöðugildi.

**Kjaranefnd veldur hækkunum**

Á fyrsta árinu eftir að þetta jarðasamkomulag ríkis og þjóðkirkju var endurnýjað, á árinu 1998, námu greiðslur úr ríkissjóði til að greiða laun presta 582 milljónum króna. Á árinu 2007 er reiknað með að greiðslan verði 1.373 milljónir króna. Hefðu greiðslurnar hækkað í samræmi við verðlagsþróun ættu þær hins vegar að nema 786 milljónum á næsta ári. Mismunurinn er 587 milljónir króna sem kirkjan fær nú aukalega á þennan hátt miðað við fyrst eftir að samningurinn var endurnýjaður.

Að sögn Sigríðar Daggar Geirsdóttur, fjármálastjóra á Biskupsstofu, skýrist þessi hækkun umfram verðbólgu af þeim ákvörðunum sem Kjaranefnd hefur á þessu tímabili tekið um laun presta. Samkomulagið við ríkið hafi ekki verið bundið við ákveðnar upphæðir heldur við tiltekinn fjölda stöðugilda eins vikið er að hér að framan.

**Jöfnunarsjóði ekki skipt jafnt**

Sóknargjöld eru annar veigamikill þáttur í tekjum þjóðkirkjunnar. Innheimt er sóknargjald af öllum skattgreiðendum sem náð hafa sextán ára aldri og peningunum skipt á öll trúfélög í landinu og söfnuði innan þeirra. Þeir sem hafa skráð sig utan trúfélaga verða einnig að borga sóknargjald og rennur það til Háskóla Íslands. Þrátt fyrir að sóknargjöldum sé í megindráttum dreift jafnt milli trúfélaga eftir höfðatölu er fólgin í þeim nokkur mismunun þjóðkirkjunni í hag þar sem aðeins söfnuðir innan þjóðkirkjunnar fá peninga úr sérstökum jöfnunarsjóði sókna sem ætlað er að styrkja stöðu fámennra safnaða.

Á næsta ári eiga 1.836 milljónir að renna til þjóðkirkjunnar í sóknargjöld og aðrar 340 milljónir í jöfnunarsjóð til handa söfnuðum þjóðkirkjunnar. Önnur trúfélög munu skipta á milli sín 205 milljónum króna.

**Velmegun hækkar sóknargjöld**

Eins og sést af meðfylgjandi töflu hafa sóknargjöld hækkað verulega frá því 1998. Ástæða þess er sú að sóknargjöldin eru visst hlutfall af tekjuskattstofni skattgreiðenda. Sóknargjöldin hafa því hækkað jafnt og þétt eftir því sem skattskyldar tekjur almennings hafa vaxið liðinn áratug.

**Sérsjóðir fá líka meira**

Aðrir tekjur þjóðkirkjunnar úr ríkissjóði á næsta ári verða 208 milljónir króna í Kirkjumálasjóð og 83 milljónir í Kristnisjóð. Þessir sjóðir sinna margvíslegum verkefnum. Kirkjumálasjóður kostar til dæmis prestsetur og setur biskupa og Kristnisjóður annast meðal annars verkefni til eflingar kristni og kristnu siðgæði.

Eins og með aðra liði sem áður eru taldir gildir það um þessa sjóði að greiðslan úr ríkissjóði til þeirra hefur hækkað verulega umfram verðbólguna. Hvað Kristnisjóð varðar skýrist það með því að framlög til sjóðsins voru á sínum tíma miðuð við laun fimmtán presta í fámennari sóknum. Og Kirkjumálasjóður hækkar eins og sóknargjöldin í takt við hækkandi tekjustofna almennings.

**GREIÐSLUR TIL TRÚFÉLAGA**

**Tölur eru í milljónum króna**

| | 1998 | 2007 |
|---|---|---|
| Biskup Íslands o.fl. | 582 | 1.373 |
| Kirkjumálasjóður | 107 | 208 |
| Kristnisjóður | 30 | 83 |
| Sóknargjöld | 943 | 1.836 |
| Jöfnunarsjóður sókna | 170 | 340 |
| **Samtals til Þjóðkirkju** | **1.831** | **3.839** |
| **Sóknargjöld til annarra trúfélaga** | **62** | **205** |

Heimild: Fjárlög ríkisins.

FRÉTTASKÝRING
GARÐAR ÖRN ÚLFARSSON
gar@frettabladid.is

Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ

Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Byssudagar
## Veiðihornsins

**22lr. riffflar frá 11.900**

**pumpur frá 19.900**

og margt, margt,
margt fleira

**Komdu strax í dag!**

**Nýtt kortatímabil!**

VEIÐIHORNIÐ

**Veiðihornið Síðumúla 8**

**Símar 551 6760 og 568 8410 – veidihornid.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Peningar og stjórnmálaflokkar:

# Er ríkisvæðing lausn?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Samkomulag virðist vera komið á milli þingflokka um nýja löggjöf um fjármál stjórnmálaflokka. Annars vegar er að því stefnt að gera reikningshald stjórnmálaflokka gegnsærra og háð opinberri endurskoðun. Hins vegar er ráðgert að takmarka framlög bæði til stjórnmálaflokka og einstaklinga í forkosningum þeirra.

Fyrri áformin ættu að vera nokkuð óumdeild. Birting á lykiltölum í bókhaldi stjórnmálaflokka er til þess fallin að byggja upp traust. Endurskoðun undir stjórn Ríkisendurskoðanda ætti að tryggja að reikningsfærslan verði bæði samanburðarhæf og trúverðug.

Eðlilegt er að framlög lögaðila yfir ákveðnum mörkum séu birt. Meira álitamál er hvort slík regla á að gilda um einstaklinga í því ljósi að menn eiga stjórnarskrárvarinn rétt á að halda stjórnmálaskoðunum fyrir sjálfa sig. Fyrir því eru kosningar leynilegar. En ugglaust yrði of auðvelt að fara í kringum regluna ef sama yrði ekki látið ganga yfir lögaðila og einstaklinga.

Aðalatriðið er að þjóðfélagið hefur breyst. Gamli hátturinn með fjármál stjórnmálaflokka er ekki með nokkru móti samrýmanlegur nútíma kröfum. Niðurstaðan er því skýr: Hér er verið að stíga gott framfaraskref sem styrkir trúverðugleika þess lýðræðislega hlutverks sem stjórnmálaflokkarnir gegna.

Miklu vafasamara er hins vegar að setja skorður við frjálsum framlögum til stjórnmálastarfsemi. Í fyrsta lagi er spurning hvort það samrýmist skoðanafrelsi og rétti einstaklinga og fyrirtækja til að ráðstafa fjármunum sínum.

Í annan stað er afleiðingin augljós. Stjórnmálaflokkarnir verða endanlega og að fullu ríkisvæddir. Er það heilbrigt? Er ekki hugsanlegt að af því geti hlotist meira tjón en hinu að leyfa frjáls framlög án takmarkana þegar bókhaldið hefur verið gert gegnsætt og opinber grein gerð fyrir einstökum stórum framlögum?

Ýmsar spurningar vakna þegar almenn starfsemi stjórnmálaflokka verður að uppistöðu til greidd úr ríkissjóði. Sérstakar reglur gilda til að mynda um upplýsingaskyldu og réttindi og skyldur starfsmanna í stofnunum sem kostaðar eru af almannafé. Á það sama að gilda um stjórnmálaflokka?

Það er andstætt eðli og hlutverki stjórnmálaflokka að reglur af þessu tagi taki til þeirra. En eigi að síður getur reynst snúið að útskýra hvers vegna undantekning er gerð í þessu tilviki frá þeim almennum reglum sem að þessu leyti gilda um þær stofnanir sem kostaðar eru af sameignarsjóði skattborgaranna.

Eins og forkosningar flokkanna hafa þróast eru þær orðnar allt eins umfangsmiklar og almennu kosningarnar. Og trúlega er kostnaðurinn jafnmikill eða jafnvel hærri. Eðlilegt er að menn velti vöngum yfir þessari þróun. En ríkisvæðing stjórnmálaflokkanna þarf ekki að óathuguðum öðrum kostum að vera eina svarið.

Spurning er hvort aukið persónukjör í almennum kosningum er ekki eðlilegra svar við þeim álitaefnum sem uppi eru af þessu tilefni. Þátttakan í forkosningum flokkanna sýnir að krafa fólks um persónukjör er afar sterk. En hvers vegna ekki að einfalda málið og sníða kosningakerfið með hliðsjón af þeim vilja fólksins? Örugglega má án skaða gefa því álitaefni meiri gaum en gert hefur verið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á ferð og flugi

Geir H. Haarde forsætisráðherra flaug skyndilega til New York í gær og tekur þátt í Íslandsdegi í Kauphöllinni í New York í dag. Á hann að flytja ávarp og á fund með fulltrúum Kauphallarinnar og aðilum úr íslensku og bandarísku viðskiptalífi. Síðdegis mun hann svo hringja út viðskiptin með því að slá í bjöllu, sem margir mektarmenn hafa danglað í. En Geir stoppar stutt við því á fimmtudaginn fer hann í opinbera heimsókn til Finnlands. Sækir hann fund í Helsinki sem Pútín Rússlandsforseti mun meðal annarra sækja.

### Vináttutengsl

Tengsl Íslendinga við Rússland hafa í flestum tilvikum verið til farsældar hin allra síðustu ár. Velgengni Björgólfsfeðga er auðvitað augljósasta dæmið um það. Ólafur Ragnar Grímsson hefur líka ræktað tengslin vel, eins og vinátta hans við Roman Abramovich sýnir. En forsetinn er ekki sá eini sem á vini í þessu fjarlæga landi. Viðskiptablaðið sagði frá því á vef sínum á fimmtudag, og vitnaði í breskt blað, að forsætisráðherra Íslands hefði beðið samstarfsmann Abramovich um að koma Eggerti Magnússyni til hjálpar við kaupin á knattspyrnufélaginu West Ham. Þræðirnir leynast víða.

### Bræðravíg í NV-kjördæmi

Bergþór Ólason hefur sagt upp sem aðstoðarmaður Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra. Það er ekki algengt að aðstoðarmenn, sem eru næsttekjuhæstir starfsmenn ráðuneytisins á eftir ráðuneytisstjóranum, hætti án þess að annað bitastæðara starf bíði þeirra. Bergþór hefur ekki viljað gefa upp ástæðuna fyrir þessari ákvörðun. Líklegt er að hún tengist upprðun á lista sjálfstæðismanna í NV-kjördæmi, en Bergþór sóttist eftir fjórða sæti á listanum og endaði í því áttunda. Formaður uppstillingarnefndar var Ásbjörn Óttarsson, náinn stuðningsmaður Sturlu úr Snæfellsbæ.

bjorgvin@frettabladid.is

# Til hamingju með daginn!

BRYNDÍS BJARNASON

Í DAG | Afmæli

21. nóvember árið 1981 komu um 140 konur saman á Hótel Heklu við Rauðarárstíg í Reykjavík til að stofna Landssamband framsóknarkvenna, LFK. Margir samverkandi þættir urðu til þess að LFK var stofnað og konur voru mjög meðvitaðar um stöðu sína á þessum tíma. Margir stórir atburðir áttu þátt í því að efla jafnréttisvitund kvenna á þeim tíma og má nefna kvennafrídaginn og kjör frú Vigdísar Finnbogadóttur.

Það voru konur í Félagi framsóknarkvenna í Reykjavík sem áttu frumkvæðið að stofnun sambandsins. Þessar konur voru búnar að starfa í Framsóknarflokknum bæði í kvenfélögum og almennum félögum.

Þessar konur höfðu sterka framtíðarsýn og vildu að konur næðu meiri árangri en þær höfðu náð áður en sambandið var stofnað. Einungis ein kona hafði setið á þingi fyrir Framsóknarflokkinn á þessum tíma og það var Rannveig Þorsteinsdóttir sem sat á Alþingi eitt kjörtímabil árin 1949—1953. Stjórnarkonur í félagi framsóknarkvenna í Reykjavík gerðu sér grein fyrir að þátttaka kvenna á sviði stjórnmála væri forsenda þess að raunverulegt jafnrétti myndi nást og stofnuðu til fundar til að undirbúa stofnun LFK. Stofnfundurinn var eins og áður sagði þann 21. nóvember 1981. Fyrsti formaður landssambandsins var kosinn Gerður Steinþórsdóttir frá Reykjavík.

Margt hefur gerst og margir sigrar hafa unnist en einnig hafa komið bakslög í kvennabaráttuna á þeim tíma sem samtökin hafa starfað. LFK hefur tekið sig alvarlega og barist fyrir stöðu kvenna innan flokksins. Þar má nefna fyrsta landsþing LFK sem haldið var á Húsavík 28.- 30. október 1983 og sóttu það um rúmlega 60 konur víðsvegar að af landinu. Þetta þing markaði tímamót í sögu LFK því þar komu skýrar línu í hvaða átt samtökin ættu stefna, að verja stöðu kvenna og hvetja konur áfram til áhrifa. Þar var samþykkt ályktun sem er kölluð Húsavíkurályktunin. Valgerður Sverrisdóttir núverandi utanríkisráðherra talaði fyrir ályktuninni sem fjallaði um mikilvægi þess að konur innan flokksins fengju meiri völd og skorað var á konur að gefa kost á sér í trúnaðarstörf á vegum flokksins. Einnig sagði í ályktuninni að konur ættu vera helmingur af þeim sem gegna trúnaðarstörfum á vegum flokksins. Þar sagði einnig að ef hlutur kvenna innan flokksins yrði óbreyttur þegar liði að næstu kosningum, myndu framsóknarkonur íhuga að bjóða fram kvennalista við næstu kosningar.

Þetta þing markaði framtíð samtakanna, þarna voru komnar skýrar línur með framhaldið að konur yrðu helmingur þeirra sem taka trúnaðarstöður á vegum flokksins.

Staða kvenna hefur vissulega orðið konum í vil síðan samtökin voru stofnuð, en betur má ef duga skal. Konur verða að halda áfram að berjast að því markmiði að hlutur kvenna sé ekki rýrari en 50% eins og þær framsýnu konur sem sóttu fyrsta landsþing LFK á Húsavík árið 1983 stefndu að. Á flokksþingi Framsóknarflokksins árið 2005 var samþykkt að setja í lög flokksins að hlutföll kynjanna skuli eigi vera minni en 40% í trúnaðarstörfum á vegum flokksins og er það þessari löngu og ströngu baráttu þeirra kvenna sem á undan hafa gengið að þakka.

Bakslög hafa einnig dunið yfir okkur og gert konur innan samtakanna svartsýnar eins og þegar fækkun kvenna í ráðherraliði flokksins var fyrir tveim árum og fækkun framsóknarkvenna í sveitarstjórnum í síðustu kosningum. Þá eins og áður stóðu konur upp og mótmæltu þessari aðför að konum innan flokksins. Þrátt fyrir það er staðan aftur að vænkast og hlutur kvenna í ráðherraliði flokksins er mjög góður, konur eru 50% í ráðherraliði flokksins og samtökin eru mjög stolt af þessari stöðu kvenna innan flokksins. Einnig má geta þess að konur leiddu þrjá af sex listum flokksins í síðustu Alþingiskosningum. Við sjáum fram á að tími kvenna í stjórnmálum er kominn enn og aftur, mikilvægast er að konur standi saman í öllum störfum sem þær taka sér fyrir hendur, þá næst árangur.

Í tilefni þessara tímamóta ætlar Landssamband framsóknarkvenna að halda upp á afmælið laugardaginn 25. nóvember á Hótel Loftleiðum og gleðjast með flokksfélögum Framsóknarflokksins.

*Höfundur er formaður Landssambands framsóknarkvenna*

# 100 milljónir í báknið!

UMRÆÐAN
Leikskólamál

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Á síðasta ári sameinuðust leikskólaráð og fræðsluráð í menntaráð. Við þær breytingar náðist bæði hagræðing í rekstri auk þess sem fjölmörg tækifæri sköpuðust varðandi samráð og samstarf skólastiganna.

Flestum var því illa brugðið þegar nýr meirihluti tilkynnti í sumar að leikskólaráð skyldi endurvakið. Enda var það hvorki á stefnuskrá Sjálfstæðisflokks né Framsóknarflokks að auka útgjöld til miðstýringar eða auka yfirbyggingu.

Enginn bað heldur um þessar breytingar, Félag leikskólastjóra, Kennarasambandið og allar þær fagstéttir sem fjölluðu um breytingarnar voru á móti þeim. Foreldrar lýstu miklum efasemdum auk þess sem minnihlutinn og fráfarandi formaður menntaráðs vöruðu eindregið við uppskiptingu sviðsins svo skömmu eftir velheppnaða sameiningu.

### Stækka jötuna

Það eina sem liggur ljóst fyrir er að eftir kosningar var helmingaskiptastjórn komið á í borginni, með einum borgarfulltrúa Framsóknarflokks og sjö borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks. Það segir sig sjálft að eftir helmingaskipti milli eins haus annars vegar og sjö hausa hins vegar, er kannski ekki úr miklu að moða þegar þessir sjö fara að skipta sínum helming á milli sín. Enda kom á daginn að það vantaði formannstign fyrir einn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Jatan var ekki nógu stór þegar framsóknarmenn, eða öllu heldur maðurinn, hafði hreiðrað um sig við hana. En hvað gera góðir bændur þegar allir grísirnir komast ekki að jötunni, þeir stækka hana, því varð að fjölga ráðum.

### Peningar Reykvíkinga

Nú hefur loks verið upplýst að þessar breytingar muni kosta að minnsta kosti 25 milljónir fyrir árið 2007. Litlum 100 milljónum verður því ráðstafað á kjörtímabilinu í aukna yfirbyggingu í skólamálum. Alveg óumbeðið, í andstöðu við fagstéttir og án þess að segja frá því fyrir kosningar.

Þessum 100 milljónum hefði verið betur varið í innra starf leikskólanna, manneklu, stuðning við börn að erlendum uppruna, kennsluráðgjöf eða flest annað en nýtt pólitískt ráð, miðlæga stjórn og yfirbyggingu.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og á sæti í mennta- og leikskólaráði*

# 15.000 pakkir

## fyrir komuna um opnunarhelgina

# OPNUNARTILBOÐIN HALDA ÁFRAM

## Ný tilboð á hverjum degi!

Afþreying á áður óþekktu verði: símar, tölvur, raftæki, heimilistæki og fleira og fleira á ...

## DÚNDUR MAX TILBOÐUM

Við þökkum þeim rúmlega fimmtán þúsund viðskiptavinum sem komu í heimsókn fyrstu helgina í stærstu og glæsilegustu raftækjaverslun landsins.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Er Alþingi Íslands vettvangur fyrir dæmda afbrotamenn?

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál

Oft og einatt er Alþingi Íslands ávarpað sem „hið háa“ Alþingi vegna þess að í hugum landsmanna og samkvæmt stjórnarskrá Íslands er það æðsta stofnun landsins, sannkallaður hornsteinn íslensks þjóðfélags.

Á Alþingi er löggjafarvald Íslands, sem markar líf okkar dag hvern. Löggjöfin er hugsuð þegnum landsins og íslensku þjóðlífi til framdráttar og verndar. Skilvirkni þess er undir góðri löggjöf komin. Bráðnauðsynleg forsenda þess að þetta nái fram að ganga er auðvitað að landsmenn geti treyst þeim einstaklingum sem kosnir eru til setu á Alþingi Íslands hverju sinni. Þeir setja lögin sem okkur er síðan ætlað að fara eftir. Löggjafinn sníðir þannig stakk utan um þjóðfélagið og best er því að hann passi okkur svo þægilegt sé.

JÓHANN ÞORVARÐARSON

*Til að landsmenn beri virðingu fyrir Alþingi þá verður þetta traust að vera til staðar gagnvart alþingismönnum.*

Til að landsmenn beri virðingu fyrir Alþingi þá verður þetta traust að vera til staðar gagnvart alþingismönnum. Ávarpið „hið háa“ undirstrikar þessa virðingu fyrir Alþingi Íslands og endurspeglar jafnframt að traust ríkir gagnvart þingmönnum.

Til að alþingismaður njóti virðingar og trausts kjósenda þarf viðkomandi að hafa góða dómgreind til að gera glöggan greinarmun á réttu og röngu, siðlegu og ósiðlegu athæfi. Nauðsynlegt er að muna að þingmaður er fulltrúi allrar þjóðarinnar í þessum efnum en er ekki á þingi til að reka einhver einkaerindi. Öðruvísi getur Alþingi Íslands ekki verið sá hornsteinn sem því er ætlað að vera í okkar smáa og lýðfrjálsa samfélagi!

### Eru dæmdir afbrotamenn kjörgengir til alþingis?

Til að geta boðið sig fram til setu á Alþingi þarf tvennt að fara saman. Í fyrsta lagi, verður viðkomandi að hafa kosningarétt og í annan stað verður viðkomandi að vera með óflekkað mannorð. Dæmdur glæpamaður hefur því ekki kjörgengi til Alþingis vegna þess að hann hefur flekkað mannorð.

Þetta er eðlilegt skilyrði þegar Alþingi er annars vegar. Viðkomandi einstaklingur er því rúinn virðingu og trausti kjósenda til að gegna störfum sem alþingismaður. Það eru ný og gömul sannindi innan afbrotafræðinnar að hafi einstaklingur brotið af sér einu sinni er hann líklegri en ella að gera það aftur. Einu sinni þjófur er ávallt þjófur er frasi sem þekkist vel í íslenskri tungu. Dæmdur glæpamaður grefur undan virðingu Alþingis og því trausti sem til þess er borið kæmist hann á þing. Það molnar úr hornsteininum!

### Árni Johnsen vanvirti Alþingi Íslands!

Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum að Árni Johnsen fékk góða kosningu í prófkjöri Sjálfstæðismanna í SV-kjördæmi um umliðna helgi. Hann lenti í öðru sæti, sem tryggir honum þingsæti ef fram fer sem horfir.

Hér er dauðans alvara á ferðum sem ekki sér fyrir endann á. Af hverju? Jú, Árni Johnsen var dæmdur til 2 ára fangelsisvistar fimmtudaginn 6. febrúar 2003! Dómur féll fyrir rúmlega þremur og hálfu ári. Það er ekki langt um liðið.

Fyrir hvað var Árni síðan dæmdur í fangelsi? Hann var dæmdur fyrir fjárdrátt, umboðssvik, ranga skýrslugjöf til yfirvalda og mútuþægni í opinberu starfi sem alþingismaður.

Á manna máli þýðir þetta að hann var dæmdur fyrir þjófnað, lygar, umboðssvik og mútur. Hann laug ítrekað og stal af sinni eigin þjóð! Þetta voru ekki einhver „tæknileg mistök“ eða „smávægilegar yfirsjónir“. Afbrotin áttu sér stað yfir langt tímabil, eða á árunum 1997-2001, og voru ítrekuð.

Árni vanvirti Alþingi Íslands á freklegan og grófan hátt. Að lesa dóminn er döpur lesning svo ekki sé meira sagt. Hér mætti lengi telja upp hans lögbrot en þess í stað er vísað í dóm Hæstaréttar (www.haestirettur.is).

Kjarni málsins er þessi: Árni Johnsen gerðist ítrekað sekur um alvarleg dómgreindabrot. Hann brást trausti sem honum var sýnt og er rúinn virðingu til að sitja á Alþingi.

### Er Alþingi Íslands vettvangur fyrir dæmda afbrotamenn?

Árni Johnsen hefur fengið uppreisn æru og er því kjörgengur til Alþingis. Við þessar einstæðu aðstæður sem nú eru uppi í íslenskri stjórnmálasögu er mjög æskilegt að fram fari þjóðfélagsleg umræða um það hvort Alþingi Íslands eigi að vera vettvangur nýrra tækifæra fyrir dæmda glæpamenn.

Viljum við í framtíðinni sjá það gerast að maður sem hefur verið dæmdur í fangelsi fyrir heimilisofbeldi komist á þing og fjalli um fjölskyldumál? Eða að einstaklingur sem hefur verið dæmdur fyrir innflutning á eiturlyfjum og selt börnum og unglingum komist á þing og fjalli til dæmis um málefni barna? Hvað með einstakling sem verður valdur að dauða annars manns í bílslysi vegna ölvunaraksturs! Á hann heima á Alþingi?

Dómgreind manna skiptir máli þegar kosið er á þing. Bráðnauðsynlegt er að draga mörk í þessu máli og ræða hver þau eiga að vera Alþingi til verndar. Nátengt þessu er að fjalla um hvort einhver ein tegund af dæmdum glæpamanni sé eitthvað ásættanlegri en önnur gagnvart Alþingi?

Persónulega tel ég að svo sé ekki og ekki þess virði fyrir æru eins manns að leika með virðingu og trausts Alþingis. Við megum ekki stuðla að því að hnika þessum mörkum til því við sjáum ekki fyrir endann á þessari þróun! Mér þykur of vænt um Alþingi til að svo megi verða.

Að lokum vil ég biðja Árni Johnsen að draga framboð sitt til setu á Alþingi Íslands til baka og vona ég að honum muni vegna vel í lífinu á öðrum vettvangi.

*Höfundur er hagfræðingur.*

# *Velferðarmál í ólestri*

**UMRÆÐAN**
Velferð

JÓHANN BJÖRNSSON

Fyrir mörgum árum las ég fyrirlestur eftir Magnús Skúlason geðlækni sem heitir „Skaðsemi velmegunar, hugleiðing um stöðu mannsins í tæknivæddri veröld“. Í þessum fyrirlestri ræðir Magnús m.a. ofdýrkunina á einstaklingunum, lífsþægindakapphlaupið og hvernig allsnægtirnar og gerviþarfirnar geta aukið við andlega örbirgð fólks, og hvernig uppeldi og mannvernd verða útundan í þessum heimi efnishyggjunnar.

Mér hefur oft verið hugsað til þessa fyrirlesturs á undanförnum vikum þegar rætt er um fjölskyldumál og stöðu barna. Nýverið var í fjölmiðlum fjallað um ítrekaðan fíkniefnavanda 13 ára gamalla barna bæði í prent- og ljósvakamiðlunum.

Greinaflokkurinn „Börn í íslensku samfélagi“ birtist í Morgunblaðinu á haustdögum og birti okkur sláandi upplýsingar um stöðu barna í íslensku samfélagi sem eru ekki ósvipaðar sýn Magnúsar á samfélaginu sem fram kom í fyrrgreindum fyrirlestri. Þar kom m.a. fram að margir eru mjög uppteknir af veraldlegum gæðum þannig að þarfir barna og unglinga eiga það til að gleymast í kapphlaupinu um lífsins gæði. Þar að auki er vinnudagur barna langur, þau eru í leikskóla, skóla, frístundaheimili og kannski tómstundum. Fram kom einnig sú óhugnanlega staðreynd að börn og unglingar lifa streitufullu lífi og þegar spurt var hvað það væri sem ylli streitunni nefndu mörg barnanna lífsgæðakapphlaupið og félagslegan þrýsting frá öðrum nemendum og tísku. Á Barna- og unglingageðdeild kemur hópur barna sem ekki vilja lifa lengur að sögn starfsmanns þar.

Þetta eru sárar staðreyndir sem þarna koma fram og lýsa því hvernig íslenskt samfélag fórnar börnunum í þágu lífsgæðakapphlaupsins, græðgisvæðingarinnar og þeirrar skefjalausu sjálfsdýrkunar sem skeytir í engu um mannleg samskipti og uppeldi.

Í Morgunblaðinu 12. nóvember heldur þessi umræða áfram um fjölskyldustefnu, atvinnulíf og velferð. Þar kemur fram að karlar vinna að meðaltali 50 stundir á viku og konur yfir 40 stundir.

Þó oftast sé talað um fórnarlömb neyslu-hyggjunnar í umfjöllun fjölmiðla má ekki gleyma þeim börnum sem verða fórnarlömb fátæktar, en vanræksla stafar ekki alltaf af tímaskorti vegna lífsgæðakapphlaups heldur líka vegna þess að fólk er fátækt.

Krafa verkalýðshreyfingarinnar á undanförnum áratugum um styttingu vinnuvikunnar og hækkun lágmarkslauna hefur ekki hlotið hljómgrunn og er að hluta til skýring vandans. Ég veit um fólk sem væri alveg til í að minnka við sig vinnu til þess að sinna í ríkari mæli uppeldishlutverkinu en treysta sér ekki til þess af fjárhagslegum ástæðum. Við sjáum

*Vanræksla stafar ekki alltaf af tímaskorti vegna lífsgæðakapphlaups heldur líka vegna þess að fólk er fátækt.*

það líka að konurnar sem voru heimavinnandi og eru komnar yfir sextugt núna sitja uppi og eiga engan lífeyrissjóð. Þetta er hópur fólks sem sinnti mikilvægu hlutverki í samfélaginu en var stórlega vanmetinn. Hvaða skilaboð eru það til þeirra sem gætu hugsað sér að minnka við sig vinnu á meðan börnin eru að vaxa úr grasi?

Og hvað kemur þetta stjórnmálamönnum við? Vissulega ber fólkið sjálft mikla ábyrgð sem er á kafi í kapphlaupinu, en ekki skal gleyma því að stjórnmálamennirnir bera ábyrgð á að setja fram raunhæfa velferðar- og fjölskyldustefnu en þeir, ekki síst, gefa tóninn um það hvernig lífi við ættum að lifa í samfélaginu.

Það er með ólíkindum að þegar steinsteypa er annars vegar, hvort sem um er að ræða byggingar eða mislæg gatnamót er til yfirdrifið fjármagn en svo virðist ekki vera þegar velferðarmál er til umræðu. Gáum að því.

*Höfundur er þátttakandi í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu.*


ENNEMM / SÍA / NM20374

- vinsælasta viðbitið

## ALLT HITT

HEILSA

**Veturinn** er genginn í garð og það er fátt betra en leika sér úti í snjónum eða geysast um á skíðum eða sleða í hressandi vetrarloftinu. Opið er í Hlíðarfjalli á Akureyri og þess vegna tilvalið fyrir gesti og heimamenna að skella sér í fjallið með fjölskyldunni. www.hlidarfjall.is

**Ávextir** eru stórkostlegir á veturnar. Þeir eru stútfullir af vítamínum sem við þurfum í skammdeginu og gott að narta í þá milli mála í staðinn fyrir sætindi þegar vetrarþreytan sækir að. Ávaxtabíllinn dreifir ávöxtum til heimila og fyrirtækja sem er tilvalið í staðinn fyrir sætabrauðið í kaffitímanum. www.avaxtabillinn.is

**Streita** og álag hrjáir marga nú rétt fyrir próf og jól. Arctic Root eða burnirót er náttúruleg lækningajurt sem eykur einbeitingu og úthald á náttúrulegan hátt. Fæst í heilsuhúsinu www.heilsa.is

**Það** sem af er ári hafa átta greinst með HIV-smit hér á landi, fimm karlar og þrjár konur. Einn hefur látist á árinu af völdum alnæmis.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 21. nóvember, 325. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.15 | 13.14 | 16.12 |
| Akureyri | 10.17 | 12.58 | 15.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Ríkarður hefur starfað töluvert fyrir Sundsamband Íslands og vill hvetja sem flesta til að kynna sér þessa íþrótt.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

# Glæstur sundferill

***Ríkarður S. Ríkarðsson forstöðumaður á upplýsingatæknisviði Landsbankans stundar líkamsrækt og sund til að halda sér í formi.***

„Þetta er lítið í samanburði við það sem áður var," segir Ríkarður sem er enginn nýgræðingur í íþróttum og á glæstan sundferil að baki.

Ríkarður fór að æfa sund 10 til 11 ára með sundfélagi Helsingborgar, þar sem fjölskylda hans bjó í nokkur ár. „Foreldrar mínir voru hvattir til að senda mig í sundið þar sem ég þótti sýna góða takta og svo heppilega vildi til að ég lenti hjá þjálfara, sem æfði síðar sænska landsliðið."

Ríkarði voru kennd sundtökin á þessum tíma og var orðinn bráðefnilegur sundmaður þegar fjölskyldan flutti til Íslands árið 1992. „Ég tók mér að vísu ársfrí frá sundinu þegar hér var komið við sögu til að æfa skíði og fótbolta," segir hann en þess utan hafði Ríkarður einnig reynt fyrir sér í tennis og skák.

„Sumarið 1993 vaknaði áhuginn á ný, ég fór að einbeita mér aftur að sundinu og lagði aðrar íþróttagreinar til hliðar," heldur Ríkarður áfram. „Ég æfði með Ægi og var aftur svo lánsamur að lenda hjá afbragðsgóðum þjálfara, sem átti eftir að þjálfa landslið Finna." Á ferlinum setti Ríkarður mörg Íslandsmet, varð methafi og tvöfaldur meistari á Smáþjóðaleikunum árið 1997 og tók þátt í Ólympíuleikunum árið 2000. Er þá fátt upptalið.

„Nú hef ég hætt sundi á afreksstigi og tek þátt í einstaka mótum," segir Ríkarður. „Varð reyndar Norðurlandameistari á garpamótinu í október, þannig að ég er nú ekki dauður úr öllum æðum," segir hann og hlær.

*roald@frettabladid.is*

## Brostu í dag

BAGGALÚTUR GEFUR ÚT DISK TIL STYRKTAR UNICEF

Geisladiskur Baggalúts, með laginu Brostu, er kominn út og fæst í verslunum Skífunnar, BT og Hagkaupa. Þeir félagar í Baggalúti sömdu lagið sérstaklega fyrir UNICEF í tilefni af Degi rauða nefsins sem haldinn verður í fyrsta skipti hér á landi föstudaginn 1. desember.
Geisladiskurinn kostar 1.000 krónur og rennur allur ágóði sölunnar til verkefna Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem miða að því að hjálpa bágstöddum börnum um allan heim.
Ýmsir þekktir einstaklingar ljáðu laginu rödd sína. Þar má heyra í fegurðardrottningunni Unni Birnu, rokkurunum Magna og Bubba, stjórnmálamönnunum Siv Friðleifs og Steingrími J. Sigfússyni, íþróttaálfinum Magnúsi Scheving, útvarpsstjóranum Páli Magnússyni, viðskiptamógúlnum Hannesi Smárasyni og biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni.

**Fótsveppir** eru ávallt óvelkomnir. Því skal þurrka fæturna vel og þá sérstaklega á milli tána. Reyndu að forðast að svitna á fótunum og ekki bera fótakrem á milli tána.

Teipið hefur sést á heimsklassa íþróttamönnum á ólympíleikum og er einnig mikið notað í þýska handboltanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Heilsubætandi límband

***Á síðustu árum hefur svokallað „kinesio taping“ rutt sér til rúms í heimi sjúkraþjálfunar. Byrjað er að veita slíka meðferð hérlendis.***

Meðferðin er sáraeinföld og felst í því að límband er sett á staði sem orðið hafa fyrir meiðslum. Límbandinu er beitt á sérstakan hátt þannig að það losar um þrýsting af völdum húðarinnar og eykur blóðflæði og sogæðaflæði sem flýtir fyrir losun á bólguvaldandi efnum. Um leið dregur meðferðin úr verkjum. Aðferðin er upprunnin í Japan en það var Dr. Kenzo Kase, sjúkraþjálfari og hreyfifræðingur, sem fyrstur beitti henni fyrir um 25 árum.

Nokkrir sjúkraþjálfarar hafa farið erlendis til að læra kinesio taping. Út frá því kviknaði áhuginn hjá kollegum þeirra og fyrir helgi var haldið námskeið hérlendis þar sem danskir kennarar og fyrirlesarar kenndu íslenskum sjúkraþjálfurum að líma sjúklinga sína. Einn þeirra sem tók þátt var Stefán Stefánsson, sjúkraþjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu. „Ég hef eitthvað verið að fikta í þessu með góðum árangri og langaði að læra þetta almennilega,“ segir Stefán. „Þetta er allt önnur nálgun á límbandið. Við höfum notað það til að festa liði og vöðva en ekki til að losa um neitt.“

Límbandið er af sérstökum toga og er það klippt og skorið eftir kúnstarinnar reglum. Þegar límbandið er sett á líkamann setur fólk sig í ákveðnar stöður og límbandið er lagt á réttan stað. Ekki er strekkt á límbandinu. „Kosturinn við þessa aðferð er að sjúklingurinn er í meðferð á meðan hann er heima hjá sér sofandi. Límbandið hefur maður á sér í um fjóra daga, getur gert hvað sem maður vill, og maður finnur ekkert fyrir því,“ segir Stefán. „Svo þegar það er tekið af er ekkert eftir, enginn roði og engar límleifar eins og þegar maður tekur venjulegan plástur af sér.“

Stefán Stefánsson sjúkraþjálfari hefur notað límbandið til að losna við bólgur með góðum árangri.

*tryggvi@frettabladid.is*

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Þeir félagar Guðmundur og Hilmar fylgdust að í mark.

# Gróska hlaupin í langhlaup landans

***Félagi 100 kílómetra hlaupara á Íslandi vex stöðugt fiskur um hrygg.***

Tveir nýir félagar voru teknir inn í Félag 100 km hlaupara á Íslandi við hátíðlega athöfn um miðjan nóvember. Þeta voru þeir Hilmar Guðmundsson og Guðmundur Magni Þorsteinsson. Þeir luku 100 kílómetra keppnishlaupinu „Aarhus 1900´s 100 km løb“ í haust við góðan orðstír.

Félag 100 km hlaupara á Íslandi var stofnað fyrir tveimur árum í Sundlaug Vesturbæjar að loknu Þingstaðahlaupi. Tilgangur þess er að efla samstöðu meðal langhlaupara á Íslandi sem fást við ofurmaraþon í flokki lengri vegalengda og stuðla að vaxandi þátttöku í slíkum hlaupum.

Nú eru félagar orðnir þrettán talsins og þar af hafa sex bæst við á þessu ári. Vitað er um sautján sem þreytt hafa 100 kílómetra keppnishlaup og nokkrir nýliðar hyggja á slíkt hlaup á næsta ári. Því er ljóst að gróska er hlaupin í ofurmaraþon hjá Íslendingum.

# Meðgöngu-dagbók

***Opnuð hefur verið meðgöngu-dagbók fyrir verðandi foreldra á doktor.is***

Gott er að skrá hjá sér upplýsingar um meðgöngu í dagbók

Þar er safnað saman á einn stað fræðslu og upplýsingum um allt það sem varðar getnað, meðgöngu, fæðingu, brjóstagjöf og félagslegan rétt verðandi foreldra.

Í dagbókina geta verðandi foreldrar skráð hjá sér heilsufarslegar upplýsingar sem tengjast meðgöngunni og auk þess skráð dagbókarfærslur um líðan sína og merka atburði á meðgöngunni.

Eins og öðrum áskrifendum doktor.is er áskrifendum dagbókarinnar velkomið að senda inn fyrirspurnir sem ljósmóðir mun leitast við að svara.

Fram að áramótum er meðgöngudagbókin öllum opin en eftir þann tíma er hún einungis opin áskrifendum doktor.is.

# Sannur lífselexír

***Trönuberjasafi inniheldur efni sem hindrar sýkingar, hefur góð áhrif á hjartað og virðist vinna gegn öldrun og krabbameini.***

Efnið í trönuberjunum sem hindrar bakteríur frá því að setjast að í kroppnum heitir PAC. Þetta efni finnst líka í súkkulaði, vínberjum og tei en hefur þó ekki sömu eiginleika og það hefur í trönuberjunum. PAC-efnið kemur til dæmis í veg fyrir að þær bakteríur sem valda þvagfærasýkingum festist á veggjum þvagblöðrunnar og skolar þeim í staðinn út úr líkamanum. Þar sem 50-60 prósent kvenna á Vesturlöndum fá þvagfærasýkingu einhverntíma á ævinni minnkar það verulega sýklalyfjatöku ef þeim dugar að taka inn trönuberjasaft í staðinn.

Trönuber hafa verið rannsökuð í áratugi og niðurstöður benda til að þau séu flestra meina bót. Sýnt hefur verið fram á að þau fækka magasáratilfellum og draga þar með úr hættu á magakrabbameini, einnig bæta þau kólesterólbúskap líkamans og eru álíka góð fyrir hjartað og rautt vín í hófi. Ein merkasta uppgötvunin var gerð fyrr á þessu ári við háskóla í Dartmouth í Massachusetts er sýnt var fram á að PAC-efnið í trönuberjum drægi úr vexti ævla í lungum. Enn er haldið áfram rannsóknum og nú beinist athyglin að áhrifum berjanna á veirur og sveppasýkingar.

Trönuber virðast gera líkamanum mikið gagn.

# Að hika er að tapa

***Alltof margir hunsa viðvörunarmerki um hjartaáfall, sem getur kostað þá lífið.***

Nýleg bresk rannsókn sýnir að allt að 42 prósent fólks sem finnur fyrir brjóstverkjum bíða með að hringja í neyðarlínuna í þeirri von að verkurinn líði hjá.

Talið er að fólk sem finnur fyrir brjóstverkjum bíði að meðaltali í níutíu mínútur með að hringja á sjúkrabíl. Tveir þriðju þeirra sem tóku þátt í rannsókninni viðurkenndu að þeir létu fremur maka sinn, félaga, ættingja eða heimilislækni vita en að hringja beint í neyðarlínuna.

Árlega fá um 250 þúsund manns hjartaáfall á Bretlandi. Þriðjungur þeirra deyr áður en á spítala er komið, vegna þess að þeir biðu með að hringja í neyðarlínuna.

Heilbrigðisyfirvöld eru uggandi yfir niðurstöðum rannsóknarinnar og hafa hrundið af stað nýrri herferð, í þeirri von um að fleiri nýti sér þjónustu neyðarlínunnar.

*- rve*

Svokölluð „slysabörn“ eru fjölmörg í Skotlandi. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Óráðgerðar þunganir

***Þriðjungur þungana í Skotlandi hafa ekki verið ráðgerðar.***

Frá þessu er greint í nýjasta hefti tímaritsins The Lancet. Rannsóknin fór fram á Edinborgarsjúkrahúsi og voru fjögur þúsund verðandi mæður spurðar auk 907 kvenna sem sóttu um fóstureyðingu.

Tíu prósent verðandi mæðra sögðu að þungunin hefði alls ekki verið ráðgerð og hefðu þær frekar kosið að hún hefði ekki átt sér stað. Flestar kvennanna sögðust þó ekki sjá eftir henni og flestar viðurkenndu að þó svo að þungunin hefði ekki verið ráðgerð hefði hún ekki komið á óvart.

Níutíu prósent kvennanna sem sóttu fóstureyðingu sögðu þungunina ekki hafa verið ráðgerða.

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
Næstu fyrirlestrar og námskeið hjá Maður lifandi
21. nóv. Kundalini hugleiðsla. Hvað er það? kl. 17:30. Kristbjörg Kristmundsdóttir
22. nóv. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið -Uppselt.
23. nóv. Heilsukostur - Kökur og eftirréttir kl. 18:00.
28. nóv. Þorvaldur Þorsteinsson fyrirlestur kl. 17:30.
29. nóv. Heilbrigði og hamingja kl. 18:30. Benedikta Jónsdóttir - heilsuráðgjafi
Nánari uppl. á madurlifandi.is og í síma 585 8703

Brennsluaukandi
betra úthald, góð næring
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

allt matur
Alla föstudaga

Aðalbjörg Þorsteinsdóttir með alla framleiðslu Villimeyjar. Hún vinnur nú að því að fá lífræna vottun frá Túni.

# Villimey á Vestfjörðum

***Aðalbjörg Þorsteinsdóttir býr til smyrsl, salva og áburð úr íslenskum jurtum sem hún tínir á heimslóðum sínum á Vestfjörðum.***

Sumir viðskiptavina Aðalbjargar telja Villimeyjarvörurnar gera kraftaverk.

Villimey er vörumerkið sem Aðalbjörg Þorsteinsdóttir notar fyrir smyrsl sín og áburð, og vísar nafnið til hennar sjálfrar. Á hverju sumri heldur hún til fjalla í nágrenni við heimili sitt á Tálknafirði og tínir villtar jurtir fram á rauða nótt ásamt dóttur sinni og fleirum úr fjölskyldunni. Þegar hún kemur aftur til byggða útbýr hún ýmiss konar smyrsl, salva og áburði, sem sumir viðskiptavina hennar telja vinna algert kraftaverk á meinum eins og exemi og fleiru. Bera þau öll skemmtileg nöfn eins og sára-galdur, húð-galdur og bossa-galdur.

Sára-Galdur er til dæmis góður á minniháttar sár, brunasár og skrámur, svo hefur hann verið notaður útvortis á gyllinæð með ágætum árangri og húð-galdur reynist kláðastillandi, mýkjandi og græðandi á exem, sólarexem, psoriasis og aðra húðkvilla.

Bossa-galdur bjó Aðalbjörg til þegar hún var sjállf með lítil börn og taldi sig ekki finna neitt krem sem var nægilega gott.

„Ætli ég hafi þetta ekki bara í genunum," segir Aðalbjörg aðspurð um áhugann á jurtunum. Hún segist jafnframt ekki hafa ætlað sér að standa í framleiðslu á kremum. „Í upphafi útbjó ég þessi smyrsl bara fyrir mig og fjölskylduna. Ég eignaðist þrjár stelpur á fjórum árum og þurfti því mikið að nota bossakrem. Ég fann ekkert sem mér líkaði og endaði á að útbúa mitt eigið, fór út í náttúruna til að finna það sem ég leitaði að," segir hún og bætir við að þetta hafi síðan undið upp á sig og henni hálfpartinn att út í frekari framleiðslu sökum eftirspurnar.

„Ég hef tínt jurtirnar mjög lengi og notað þær meðal annars í brauð og mat. Auk þess hef ég sótt námskeið og lesið mér mikið til um jurtirnar. Ég nota engin rotvarnareða lyktarefni og finnst mér að fólk eigi að vera vakandi fyrir því hvað það er að bera á sig. Sérstaklega barnshafandi konur. Allt það sem konur bera á sig smitast út í blóðið og hefur áhrif á fóstrið," segir Aðalbjörg. „Sjálf hefði ég viljað vera upplýstari um þessi mál fyrir tuttugu árum," segir hún.

Frekari upplýsingar er hægt að finna á vefsíðunni villimey.is, en vörurnar fást í öllum helstu heilsuvöruverslunum landsins.

*kristineva@frettabladid.is*

# Æðaveggir í þrívídd

***Vísindamenn við Wellman-myndlækningastofnunina á Massachusetts General Hospital (MGH) hafa þróað tækni sem gerir læknum kleyft að mynda æðar og garnir í þrívídd.***

Vonir standa til að nýja tæknin minnki þörf á uppskurðum.
NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Tæknin byggir á ljósleiðaraþráði og nýjum leisergeisla sem stöðugt breytir afstöðu sinni og bylgjulengd ljóssins. Hún hefur verið reynd á lifandi svínum þar sem hún gaf góða raun.

Auk þess að gefa góða mynd af innviðum æðakerfisins eru tækin mun fljótvirkari en fyrirrennarnir. Það tók vísindamennina einungis sex mínútur að kortleggja 4,5 sentimetra langan æðabút. Þetta gerir læknum kleyft að leita uppi krabbamein og aðrar skemmdir á mun skilvirkari hátt og hætt verður að „leita að nál í heystakki," eins og segir í fréttatilkynningu frá stofnuninni.

Undirbúningur er hafinn að frekari tilraunum og innan skamms ætti tæknin að vera komin á það stig að hægt sé að nota hana á mannfólk.

*-tg*

## útgáfa }

### Ráðleggingar um mataræði

LÝÐHEILSUSTÖÐ STENDUR FYRIR ÚTGÁFU BÆKLINGS

Bæklingurinn Ráðleggingar um mataræði og næringarefni – fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri er komin út á vegum Lýðheilsustöðvar.

Ráðleggingarnar eiga að auðvelda fólki að velja fæði í samræmi við næringarefna- og orkuþörf sem og ráðlagða dagskammta af ýmsum vítamínum og steinefnum.

Í ráðleggingunum er lögð áhersla á að fólk njóti vel samsettrar og fjölbreyttrar fæðu í hæfilegu magni. *www.lydheilsustod.is*

Enskir unglingar drekka of mikið.

# Aukin unglingadrykkja

***Stjórnvöld í Englandi hafa áhyggjur af ofdrykkju unglinga.***

Ofdrykkja enskra unglinga hefur leitt til tuttugu prósenta aukningar á sjúkrahúsinnlögnum á síðustu fimm árum. Um tuttugu mál sem tengjast drykkju unglinga undir 18 ára aldri koma inn á borð sjúkrahúsa á dag. Þetta eru mál á borð við áfengiseitrun.

Yfirmaður sjúkrahúsa í Cheshire- og Merseyside-héruðum segir ekki óalgengt að unglingar sem komi á sjúkrahúsið hafi drukkið allt að einum lítra af vodka. Sami læknir telur nauðsynlegt að hækka verð áfengis til að draga úr unglingadrykkju.

*Af vef BBC*

Sjónin getur orðið vandamál hjá fyrirburum.

# Fyrirburar sjá verr

***Fyrirburum er hættara við að eiga í vandræðum með sjónina.***

Ný rannsókn leiðir í ljós að aukin hætta er á að börn sem fædd eru fyrir tímann (fyrir 35. viku meðgöngu) eigi í meiri vandamálum með sjón en þau sem fædd eru fullburða. Þetta kemur fram á fréttavef Reuters-fréttastofunnar.

Rannsóknin gefur einnig vísbendingar um að augnpróf sem tekin eru við tveggja og hálfs árs aldur hjá fyrirburum geti sagt fyrir um vandamál í sjón við tíu ára aldur. Rannsakaðir voru 198 fyrirburar við sex mánaða, tveggja og hálfs árs og tíu ára aldur.

## hollráð }

### Bætiefni fyrir reykingafólk

SÉRHVER SÍGARETTA SEM ÞÚ REYKIR EYÐIR 25 MG AF C-VÍTAMÍNI

Fyrir utan að eyða C-vítamíni úr líkamanum stuðla reykingar við hjarta-, æða- og lungnakvillum, svo ekki sé minnst á hættuna á lungnakrabbameini. Reykingafólk þarf alla þá aðstoð sem möguleg er úr næringunni og þá sérstaklega úr efnum á borð við A-, C- og E-vítamín og selen.

Næringarefni sem mælt er með fyrir reykingamenn á hverjum degi eru:
C-vítamín, 2.000 mg, fyrir og eftir hádegi.
E-vítamín, 400-1.000 ae daglega
Selen 50 mcg, 1-3 á dag
A-vítamín, 10.000 ae daglega

*Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*

# Evrópa sameinast gegn ofþyngd

***Evrópulönd og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafa skrifað undir sáttmála um baráttuna við aukna tíðni ofþyngdar.***

Í sáttmálanum er kallað eftir enn meiri samstöðu og samvinnu milli allra hagsmunaaðila en verið hefur. Til dæmis opinberra aðila, einkamarkaðar, frjálsra félagasamtaka, einstaklinga og fjölskyldna bæði á innlendum vettvangi sem og milli landa Evrópu.

Tíðni ofþyngdar í Evrópu hefur vaxið þrefalt á síðustu tveimur áratugum, en afleiðingar offitu eru langvinnir sjúkdómar sem draga úr heilbrigði og minnka lífslíkur. Sérstaklega er varað við ofþyngdarþróun meðal barna og unglinga. Þá er ljóst að ofþyngd og offita er algengari meðal þeirra sem minna mega sín í samfélaginu sem eykur þannig enn á ójöfnuð. Ofþyngd hefur mikil áhrif á efnahag þjóða en almennt er talið að allt að sex prósent af útgjöldum til heilbrigðismála í Evrópu séu tilkomin vegna ofþyngdar og offitu.

Ráðamenn landanna eru sammála um að ofþyngdarþróunina sé hægt að stöðva og snúa henni við. Mikilvægt er að tekið sé mið af þyngdarþróun þjóðfélagsþegnanna í öllu stefnumótandi starfi þjóða og sveitarfélaga. Rík áhersla er lögð á samábyrgð allra ráðuneyta þó hvatt sé til þess að heilbrigðisráðuneyti haldi utan um verkefnið.

Markmið sáttmálans er að styrkja samstarf innan Evrópu í baráttunni við ofþyngdina þar sem rík áhersla er lögð á bætta næringu, aukna hreyfingu og almenna vellíðan meðal þegnanna.

*Frétt af vef Lýðheilsustöðvar www.lydheilsustod.is*

Ofþyngd hefur mikil áhrif á efnahag þjóða en almennt er talið að allt að sex prósent af útgjöldum til heilbrigðismála í Evrópu séu tilkomin vegna offitu og ofþyngdar..

Gott vinnuumhverfi er mikilvægt.

# Starfsumhverfið hefur áhrif á afköst

***Stillingar á stólum, borðum og tölvum þurfa að vera réttar.***

Starfsumhverfi á vinnustað skiptir miklu máli fyrir vellíðan og afköst starfsmanna. Stillingar á stólum, borðum og tölvum og fyrirkomulag í kringum vélar og iðnaðartæki getur haft áhrif á hvernig fólki líður í vinnunni.

Öll fyrirtæki, stofnanir og skólar þurfa að gera áhættumat samkvæmt lögum, sem er skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (46/1980) ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

**Áætlunin skal meðal annars fela í sér:**
- Áhættumat
- Áætlun um heilsuvernd
- Lögbundið áhættumat, sem er skriflegt mat á áhættu vegna allra þátta vinnu eða vinnuskilyrða sem skapað geta hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggð er á áhættumati þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal um aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

Áætlunin á að gefa gott yfirlit yfir áhættu- og álagsþætti sem auðveldar markvisst starf og tryggir betri árangur. Áætlun um forvarnir skal byggja á niðurstöðum áhættumats.

Fyrirtækið Vinnuvernd sérhæfir sig í slíkum áætlunum og áhættumati, auk þess að veita ráðgjöf og bjóða upp á námskeið í gerð áhættumats og áætlana.

*Nánari upplýsingar og heimildir: www.vinnuvernd.is*

## Persona.is

**EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR**
**SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

# Ofátsröskun (Binge eating disorder)

Átraskanir hafa iðulega verið í umræðunni í nútímasamfélagi. Oftast er þá rætt um lystarstol (anorexia nervosa) annars vegar eða lotugræðgi (bulimia nervosa) hins vegar. Átraskanir geta þó verið margþættar og margslungnar og svo virðist sem ákveðin tegund átraskana sé að ryðja sér meira til rúms í vestrænum samfélögum, svokölluð ofátsröskun (Binge eating disorder). Hér er ekki um að ræða sömu röskun og lotugræðgi, sem einkennist af átköstum einstaklings þar sem viðkomandi innbyrðir óhóflegt magn matar og reynir síðan að losa sig við innbyrta fæðu með því að framkalla uppköst og/eða notast við þvag- og hægðalosandi lyf, heldur er hér um aðra tegund að ræða. Ofátsröskun einkennist af því að einstaklingurinn borðar óhóflega og upplifir stjórnleysi gagnvart átinu, en losar sig hvorki við innbyrta fæðu, með t.d. uppköstum, né stundar líkamsrækt af kappi til að brenna hitaeiningum.

**Hvernig er hægt að vita hvort einhver sé með ofátsröskun?**
Mikilvægt er að rugla ekki saman „almennu“ ofáti og ofátsröskun. Flest okkar borða einhvern tíma yfir sig, þ.e. við innbyrðum meiri fæðu en við þurfum, en það þýðir ekki að við séum haldin ofátsröskun. Mörkin þarna á milli eru þó enn óskýr og eru t.d. læknar ekki sammála um hvaða aðferðir eigi að nota til að ákvarða/staðfesta hvort einstaklingur sé haldinn ofátsröskun eða ekki. Flestir sem eiga við alvarleg ofátsvandamál að stríða eiga þó ákveðna þætti sameiginlega, svo sem tíð atvik þar sem viðkomandi innbyrðir það sem öðrum fyndist vera óeðlilegt magn matar og einstaklingurinn upplifir oft að hann geti ekki stjórnað því hvað eða hversu mikið hann borðar. Aðrir þættir eru að viðkomandi borðar hraðar en venjulega, borðar þar til hann verður svo saddur að honum líður illa, innbyrðir gríðarlega mikið magn matar þrátt fyrir að vera ekki svangur (hugsanlega til að fylla upp í „innri tómleikatilfinningu“), borðar einn vegna þess að hann skammast sín fyrir magn matar sem innbyrt er, og upplifun ógeðs-, depurðar-, eða skömmustutilfinningar eftir að hafa borðað of mikið.

**Algengi ofátsröskunar og hver er í hættu?**
Þó að stutt sé síðan ofátsröskun var viðurkennd sem sérstæð röskun er hún líklega algengasta átröskunin. Flestir sem þjást af ofátsröskun eru allt of þungir (meira en tuttugu prósentum yfir heilbrigðri líkamsþyngd), en einstaklingar sem eru í eðlilegri þyngd geta þó einnig verið með ofátsröskun. Samkvæmt bandarískum tölum eru líklega um tvö prósent fullorðinna einstaklinga haldin þessari röskun, eða ein til tvær milljónir Bandaríkjamanna! Ofátsröskun er örlítið algengari hjá konum en körlum en talið er að hlutfallið sé þrjár konur á móti tveimur körlum.

**Hverjar eru orsakir ofátsröskunar?**
Orsakir ofátsröskunar eru enn óþekktar, en talið er að hlutfallið sé þrjár konur á móti tveimur körlum.

**Hverjir eru fylgikvillar ofátsröskunar?**
Meginfylgikvillar ofátsröskunar eru sjúkdómar sem tengjast offitu, s.s. sykursýki, hár blóðþrýstingur, hjartasjúkdómar, hátt kólesteról, og ákveðnar tegundir krabbameins. Einnig fylgir þessari röskun mikil andleg vanlíðan þar sem flestir, sem haldnir eru röskuninni, hafa margoft reynt að ná stjórn á ofáti sínu. Sumir þessara einstaklinga sleppa úr vinnu, skóla eða félagslegum athöfnum þegar þörfin fyrir að borða ótakmarkað kemur yfir þá (átköst). Margir með ofátsröskun hafa mjög brotna sjálfsmynd, eru uppteknir af því hvernig þeir líta út í augum annarra (sérstaklega þeir sem eru allt of þungir), forðast félagsleg samskipti, og flestir skammast sín fyrir ástandið og reyna að fela vandann. Oft tekst þessum einstaklingum svo vel að fela vandamál sitt að nánustu fjölskyldumeðlimir og vinir vita ekki að þeir fá átköst.

**Hvaða meðferðir er hægt að nota til að vinna með ofátsröskun?**
Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að einstaklingum með ofátsröskun finnst erfiðara en öðrum að vera í einhvers konar átaksverkefnum til að grenna sig. Einnig er líklegra að þessir einstaklingar bæti hratt á sig aukakílóum aftur. Af þessum sökum virðist vera mikilvægara að leggja megináherslu á ofátið (átköstin), þ.e. hegðunina sem slíka, áður en lögð er áhersla á að létta sig.

Fjölmargar aðferðir eru notaðar til að vinna með ofátsröskun. Til dæmis kennir hugræn atferlismeðferð einstaklingum ákveðna tækni til að fylgjast með og breyta átvenjum sínum sem og að breyta því hvernig viðkomandi bregst við erfiðum aðstæðum. Samtalsmeðferðir geta einnig hjálpað fólki til að skoða tengsl við fjölskyldu og vini og leysa úr ýmiss konar tilfinningaflækjum. Þunglyndislyf hafa reynst sumum einstaklingum vel. Einnig hafa mismunandi sjálfshjálparhópar verið mörgum stuðningur í baráttunni við ofátsröskun.

Rannsakendur eru þó enn að reyna að átta sig á hvaða aðferð eða sambland aðferða sé árangursríkust þegar kemur að því að ná tökum á ofátsröskun.

Eins og með flest vandamál verður þó erfitt að finna einhverja eina aðferð til að vinna með þessa röskun, meðferðina verður líklega að sníða eftir þeim einstaklingi sem á við vandann að etja þó svo að ágætt sé að hafa einhvers konar leiðbeinandi aðferð til að vinna eftir.

allt heimili
Alla fimmtudaga

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
20-65% AFSLÁTTUR

55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúmgott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is

# Greina ekki mjólkurofnæmi

***Læknum hættir til að sjást yfir mjólkurofnæmi barna samkvæmt nýlegri breskri rannsókn.***

Mikill meirihluti lækna sem tóku þátt í rannnsókninni taldi starfsbræður sína rugla einkennum mjólkurofnæmis saman við aðra kvilla.

Sérfræðingar segja að ástæðuna megi líklegast rekja til þess hversu algeng og óljós einkenni mjólkurofnæmis séu, það er að segja útbrot og niðurgangur.

Stór hluti læknanna vissi ekki hvernig best væri að meðhöndla mjólkurofnæmið, sem getur haft alvarlegar afleiðingar og jafnvel valdið dauða.

Einhverjir mæltu með því að nota tilbúna mjólk í stað kúamjólkur á meðan aðrir álitu soja-mjólk vænsta kostinn. Heilbrigðisyfirvöld töldu það hins vegar óráð, þar sem vitað er að sojamjólk getur valdið ófrjósemi hjá einstaklingum sem hafa drukkið hana í lengri tíma í barnæsku. Einnig eru líkur á því að börn með ofnæmi fyrir kúamjólk þoli heldur ekki sojamjók.

Ofnæmi fyrir kúamjólk er algengara en margur heldur og er talið að það hrjái allt að tíu þúsund bresk börn. Nú er verið að setja saman bækling um slíkt ofnæmi og er það vafalaust mörgum fagnaðarefni.

*- rve*

Ofnæmi fyrir kúamjólk er algengara en margur heldur.

# Sterkasti maðurinn

***Úrslitakeppni um titilinn „Sterkasti maður í heimi 2006“ fer fram á föstudag og laugardag í Reiðhöllinni í Víðidal.***

Tólf keppendur taka þátt í baráttu um ofangreindan titil, en áður höfðu 24 keppendur frá sextán löndum tekið þátt í forkeppni í álveri Alcan í Straumsvík.

Þrír keppenda eru íslenskir, þeir Benedikt Magnússon, Stefán Sölvi Pétursson og Georg Ögmundsson.

Keppnin er haldin til að heiðra minningu Jóns Páls Sigmarssonar, sem var frumkvöðull íþróttarinnar á Íslandi og hlaut á sínum tíma alls fjórum sinnum titilinn „Sterkasti maður heims“.

Jón Páll Sigmarsson hlaut fjórum sinnum titilinn „Sterkasti maður heims“.

Úrslitin hefjast í Reiðhöllinni föstudaginn 24. nóvember kl. 18 þar sem kraftajötnar munu etja kappi hver við annan og lokakeppnin verður laugardaginn 25. nóvember kl. 15.

*- rve*

Nauðsynlegt er að vera með endurskinsmerki í svartasta skammdeginu.

# Skátar láta ljós sitt skína

***Öll sex ára börn landsins fá endurskinsborða frá skátum.***

Skátahreyfingin sendi nýlega öllum sex ára börnum í landinu endurskinsborða ásamt riti um öryggi barna í umferðinni. Þá fylgdu ritinu tveir endurskinslímmiðar til að líma á úlpur barnanna. Þetta er sextánda árið sem skátarnir vinna þetta verkefni undir heitinu Látum ljós okkar skína og hafa þeir dreift um 75 þúsund endurskinsborðum til barna í landinu. Áður var borða dreift sem brugðið var um öxl barnanna en í dag eru borðarnir útbúnir með frönskum rennilási sem gerir þá endingarbetri.

Það er margsannað að það dregur verulega úr slysum gangandi vegfarenda ef fólk er með endurskinsmerki í svartasta skammdeginu. Aðalstyrktaraðili er Vátryggingafélag Íslands (VÍS), en jafnframt hafa fjölmörg fyrirtæki og stofnanir styrkt verkefnið. Þá er samhliða verkefninu og því til stuðnings rekið bílnúmerahappdrætti á hverju ári þar sem öllum bifreiðaeigendum er sendur happdrættismiði. Dregið er í happdrættinu 31. desember.

## næringarefni }

### Sex mikilvæg næringarefni

NÆRINGAREFNI ERU ANNAÐ OG MEIRA EN VÍTAMÍN, ÞÓTT OFT ÁLÍTI FÓLK ÞAU EINN OG SAMA HLUTINN.

Kolvetni, hvítuefni, fita, steinefni, vítamín og vatn eru næringarefni og öll nauðsynleg góðri heilsu. Næringarefni eru nauðsynleg til að fullnægja orkuþörf, fyrir starfsemi líffæra, frumuvöxt og nýtingu matar.

*Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

# bílaland B&L

bílaland B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar

Hyudai Getz Nýskr. 06/2005, 1300cc 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 55.000 þ. Verð 1.230.000. Tilboð 980.000.

Hyunndai Santa Fe Nýskr. 03/2004, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár. Ekinn 46.000 þ. Verð 2.450.000. Tilboð 2.100.000.

Nissan Pathfinder Nýskr. 12/1995, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 168.000 þ. Verð 390.000. Tilboð 180.000.

Nissan Primera Nýskr. 06/2004, 1800cc, 5 dyra, fimmgíra, grænn, ekinn 64.000 þ. Verð 1.560.000. Tilboð 1.160.000.

Renault Megane II Nýskr. 0/2003, 1600cc, 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 91.000 þ. Verð 1.450.000. Tilboð 1.190.000.

Toyota Corolla Nýskr. 10/2004, 1800cc, 5 dyra, hálf-sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 31.000 þ. Verð 2.090.000. Tilboð 1.790.000.

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-

Hyundai Trajet Nýskr. 04/2001, 2000cc, 4 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 87.000 þ. Verð 1.090.000.

Peugeot 406 Nýskr. 04/1999, 2000cc, 5 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 109.000 þ. Verð 590.000.

Peugeot 406 Nýskr. 12/2003, 1700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 36.500 þ. Verð 1.390.000.

Toyota Avensis Nýskr. 10/2000, 1800cc, 5 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 79.000 þ. Verð 980.000.

Toyota Corolla Nýskr. 02/2000, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, blár, ekinn 133.000 þ. Verð 650.000.

Volvo V40 Nýskr. 07/1999, 1600cc ,5 dyra, fimmgíra, gulur, ekinn 123.000 þ. Verð 760.000.

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-

Audi A6 Nýskr. 06/2000, 1800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 97.000 þ. Verð 1.990.000.

Dodge Grand Caravan Nýskr. 03/2003, 3300cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 79.000 þ. Verð 2.090.000.

Ford Explorer Nýskr. 04/2003, 4000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 87.000 þ. Verð 2.480.000.

Hyundai Sonata Nýskr. 08/2005, 2400cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 18.000 þ. Verð 2.490.000.

Mercedes C200 Nýskr. 03/2003, 1800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 55.000 þ. Verð 2.850.000.

Renault Laguna II Nýskr. 07/2005, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 19.000 þ. Verð 2.490.000.

## Verð frá 3.000.000.-

BMW 320D Nýskr. 08/2006, 2000cc 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 4.000 þ. Verð 4.350.000.

BMW X5 Nýskr. 06/2004, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 51.000 þ. Verð 5.590.000.

Land Rover Discovery Series III Nýskr. 03/2005, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, Ekinn 103.000 þ. Verð 5.290.000.

Toyota Land Cruiser Nýskr. 01/2006, 4000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 19.000 þ. Verð 5.650.000.

Toyota Land Cruiser GX Nýskr. 06/2004, 4000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 65.000 þ. Verð 3.970.000.

Toyota Land Cruiser VX Nýskr. 01/2005, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, hvítur, ekinn 23.000 þ. Verð 6.480.000.

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

bílaland B&L notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS

BMW 118I Nýskr. 11/2005, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósblár, ekinn 10.000 þ. Verð 3.290.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
-Kletthálsi 2-

CHEVROLET SILVERADO 2500 4X4 Árgerð 2005. Ekinn 8 þ.km þúsund km. Verð kr. 3900.000.-

**Höfðahöllin**
**Kletthváls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

100 bílar bílasala 100bílar.is

Nissan TERRANO II, árg. 2001, ek. 106þús.km. Verð 1590þús.kr, áhv. 1450þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

HEIMS BÍLAR www.heimsbilar.is

Toyota Corolla 1,6 VVTI árg. 6/2002 ek. 60 þ.km Verð 1.290 þ. Einn eigandi. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu

**Tilboð!!**
Honda Accord Sport árg. 09/'05. Ek. 7000 km. 1.980 þús. stgr. Mögguleiki á 100% láni. Uppl. í s. 662 8088 & 896 4214.

islandus.com
Ökeypis í sólina?
Allt að 30% lægra verð!
Bjóddu fjölskyldunni í gott vetrarfrí fyrir mismuninn!
TOYOTA
Nýr Tacoma
Frá Kr. 1.990.000
Nýr torfærujeppi frá Kr. 3.390.000
islandus.com

Toyota verðhrun! Nýr Toyota torfærujeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Volvo S 60 R AWd 2,5 LVél 300 hö. Einn með öllu. Ásett Verð 4.3 m. Tilboð 3.8 m. Uppl. í s. 892 2154.

Hyundai Accent árg. '97 ný skoðaður. Góður bíll. Tilboðsverð 100 þús. stgr. Uppl. í s. 659 9696.

## 0-250 þús.

YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
VARAHLUTIR Í FLESTAR GERÐIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA
AB VARAHLUTIR
- ALLTAF BETRI
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
SÍMI: 567 6020

**Ruglverð**
Lincoln Executive árg. '92. Frábært eintak fyrir áhugamenn, þarfnast smá lagfæringa. Verð 180 þús. Uppl. í s. 894 9002.

VW Polo árg. '95, sk. '07, verðhugmynd 55 þús. Uppl. í s. 699 2707.

MMC Galant 2.0 árg. '92 ssk., sk. '07, góður bíll. Verð 95 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.

Land Rover Dicovery bensín nýskr. 6/1994, ekinn 164 þ. km, rafm. í rúðum, 5 gíra, 7 manna sk. '07, álfelgur. Verð 390.000. Ath. öll slétt skipti eða á ódýrari t.d á fellihýsi, hjólhýsi, vélsleða, fólksbíl, húsbíll. Er opinn fyrir öllu. Uppl. í síma 863 0149.

Til sölu fallegur Bens 230E árg. '91 í toppstandi. S. 892 5288.

## 500-999 þús.

**18 þ./mánuð fyrir fallegan Station !!**
Ford Focus, árg. '00, ek.112 þ., 5 gíra, sk. '07, abs, fæst á 100% láni 634 þ. 18 þ./mán. S. 661 8197.

**22 þ./mán!**
**Sjálfskiptur Focus !!**
Ford Focus, árg. '03, ek. 66 þ., ssk., sk. '07, álf, v-dekk, 1600, fæst á 100% láni 1134 þ. S. 661 8185.

## 1-2 milljónir

islandus.com
Ökeypis í sólina?
Allt að 30% lægra verð!
Bjóddu fjölskyldunni í gott vetrarfrí fyrir mismuninn!
Ford
Nýr F150 / F350
Benzín/Dísel
Frá Kr. 1.990.000
islandus.com

Pallbíla verðhrun! Nýr Ford F150 frá Kr. 1.990.000. Ford F350 dísel frá Kr. 2.600.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

NITRO
Óbrjótanleg handföng frá ZETA
Verð: 4.500 kr.-
Bíldshöfði 9, 110 RVK / 557-4848 NITRO.IS

Bílabúð Benna
Sérpantanir frá USA tvisvar í viku!!
Orginalvarahlutir, aukahlutir, skrauthlutir og tjúnnhlutir
Allt sem hugurinn girnist!
Gerum tilboð í stærri pantanir og tjón!

Eigum helstu slithluti fyrir Ameríska bíla á lager!

DEKA rafgeymar
alvöru gæði
fyrir kuldan í vetur

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23
Sími 590 2000
www.benni.is

**Bílabúð Benna ehf.**
**Vagnhöfða 23,**
**Sími: 590 2000**
**www.benni.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
-Kletthálsi 2-
www.hofdahollin.is & diesel.is

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED HEMI Árgerð 2005. Ekinn 5 þ.km þúsund km. Verð kr. 4690.000.

CHRYSLER ASPEN Árgerð 2007. Ekinn 0 þ.km þúsund km. Verð kr. 5900.000.

DAEWOO MUSSO E 23 Árgerð 1998. Ekinn 150 þ.km þúsund km. Verð kr. 590.000.



DODGE DURANGO LIMITED 5.7 HEMI Árgerð 2004. Ekinn 32 þ.km þúsund km. Verð kr. 3790.000.

DODGE DURANGO LTD Árgerð 2004. Ekinn 38 þ.mílur þúsund km. Verð kr. 3650.000.



DODGE NITRO Árgerð 2007. Ekinn 0 þ.km þúsund km. Verð kr. 4890.000.

TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD Árgerð 1997. Ekinn 166 þ.km þúsund km. Verð kr. 590.000.



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX 33"Árgerð 1999. Ekinn 190 þ.km þúsund km. Verð kr. 1950.000.

PORSCHE CAYENNE S Árgerð 2004. Ekinn 37 þ.km þúsund km. Verð kr. 6950.000.

VOLVO XC90 2.5 TURBO Árgerð 2004. Ekinn 42 þ.km þúsund km. Verð kr. 4390.000.

TOYOTA LAND CRUISER 120 38" Árgerð 2003. Ekinn 90 þ.km þúsund km. Verð kr. 5500.000.

NISSAN PATROL GR Árgerð 2000. Ekinn 138 þ.km þúsund km. Verð kr. 2580.000.

M.BENZ M ML350 Árgerð 2006. Ekinn 30 þ.km þúsund km. Verð kr. 6950.000.



DODGE RAM RUMBLE BEE 5.7 HEMI 4X4 Árgerð 2004. Ekinn 22 þ.km þúsund km. Verð kr. 3390.000.

M.BENZ ML55 AMG Árgerð 2000. Ekinn 60 þ.km þúsund km. Verð kr. 5790.000.



TOYOTA LAND CRUISER 100 Árgerð 1999. Ekinn 152 þ.km þúsund km. Verð kr. 3290.000.

LAND ROVER DISCOVERY SE LR3 Árgerð 2005. Ekinn 21 þ.km þúsund km. Verð kr. 5990.000.

JEEP CHEROKEE LIMITED Árgerð 2006. Ekinn 36 þ.km þúsund km. Verð kr. 4890.000

Leitaðu ekki lengra.
Erum með rétta bílinn fyrir þig!
Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00
og laugardaga frá kl. 12:00-17:00
hofdahollin.is diesel.is

### Ótrúlega sparneytinn og lipur,100% lán!

Suzuki Jimny JLX, árg. '04, ek.45 þ., sk. '07, cd, ásett 1290 þ. Fæst á 100%yfirtöku 1141 þ. 897 2425.

### Algjör Gullmoli !!!!!!

Nissan Micra, árg. '05, ek 8 þ., 5 gíra, abs, cd, sk. '08, ásett 1470 þ. 100% lán 1399 þ. S. 820 0151.

Terrano 2 árg. '00, ek147 þús., diesel, bsk., 31"dekk. verðh.1250 þús. Tilboð óskast 869 7025.

### Toyota Corolla 08/04 ek. 29 þús.

Glæsilegur bíll, silfurgrár, 5 dyra, 5 gíra, sport týpa. Er á 2 ára loftbóludekkjum og sumardekk fylgja. Áhv. 970 þ. hjá Glitni. Verð 1.600 þús. S. 696 8124.

## Sendibílar

Til sölu Ford LCF Power Stroke. Sjálfskiptur, burðargeta 3 tonn, burðargeta lyftu 1.5 tonn. Nýskráður 22.03.06. Gott verð. Upplýsingar í síma 896 1525.

## 2 milljónir +

Ford verðhrun! Ford Explorer með nýja útlitinu 2006-2007 frá Kr. 2.690.000. Splúnkunýr frá verksmiðju Ford Explorer Sport-Track frá Kr. 2.790.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Bílar óskast

0-150 þ. Staðgreitt, ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

Óska eftir ódýrum bíl skoðuðum '07 á ca. 15-65 þús. Uppl. í síma 694 4561.

## Jeppar

Jeep verðhrun! Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.490.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

Til sölu Dodge Ram 2500 bensín nýskr. 12/08/'06, 37" breyttur, ek. 6 þús., dráttarkrókur, toolbox í pallhúsi o.fl. Verð 3.990 þús. Einnig flettilok á pall Dodge Ram. Mánaðargamalt. 25 þ. Uppl. í s. 863 2432.

Til sölu Trooper árg. '99, blár, 32" dekk, dráttarkúla, vel með farinn bíll. Verð 1.200 þús. Uppl. í s. 617 6021.

Til sölu MMC Pajero árg. '03, ek. 44 þús., ssk., bensín, 3.5, heilsársdekk, 4 ný nagladekk, algjör dekurbíll, ljósbrúnn. Yfirtaka á láni, bílnum fylgir ferð til Tenerife fyrir 2, 8. mars að verðmæti 240 þús. Uppl. í s. 897 6302.

Hummer H2 6,0 2004 ek. 50 þ. km, leður, 20" króm, læstur spoiler, krómpakki, dráttarpakki. ofl. Verð 7.500 þ. Skoða ódýrari. S. 690 6465.

### Grand Cherokee Laredo

Grand Cherokee Laredo árg. '95, ek. 167 þ., sumar og vetrardekk, króm og álfelgur. 4 l. Listav. 600 þ. Verð aðeins 450 þ. Uppl. í s. 897 1565.

## Pallbílar

Dodge verðhrun! Dodge RAM pallbíll ársins í USA. Mikil burðar- og dráttargeta. Dísel og benzínvélar. Frá Kr. 2.090.000 fyrir splúnkunýja bíla frá verksmiðju. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Vélsleðar

Til sölu Arctic cat F6 Snowpro '05, ekinn 250 km. Ótrúlegt verð, skipti möguleg á hjóli. Uppl. í s. 894 4005.

Polaris SKS 700 árg. '03. Flottur sleði sem selst á 600 þús. Uppl. í s. 698 4895.

## Vinnuvélar

### Bobcat jarðvegsþjöppur

Bobcat jarðvegsþjöppur og hopparar fyrir lagnaskurði. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.

### Nordic ljós fyrir vinnuvélar.

Lýstu upp skammdegið með Nordic vinnuvélaljósum, innbyggður dempari, þola mikinn hristing, hitna minna og lýsa betur. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

### Úrval notaðra vinnuvéla

Úrval notaðra vinnuvéla af ýmsum stærðum og gerðum fyrirliggjandi hjá Vélaborg. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.velaborg.is (Notuð tæki - Vinnuvélar) Vélaborg ehf. Krókháls 5f, S. 414 8600.

### Eigum á lager öflugar

Vacuum-og vatnsdælur í mörgum stærðum. Tilvaldar fyrir verktaka og bændur. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Njarðarnesi 2, Akureyri. Sími 464 8600.



**www.snjokedjur.is**
Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

**Snjóplógur og snjótönn**
Til sölu passar á Traktorgröfu. Uppl. í s. 892 2124.

## Lyftarar

Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Úrval notaðra lyftara af flestum stærðum og gerðum ávallt fyrirliggjandi hjá Vélaborg. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.velaborg.is ( Notuð tæki - Lyftarar) Vélaborg ehf. Krókháls 5f, S. 414 8600.

## Bílaþjónusta

## Hjólbarðar

**Dunlop vetrarhjólbarðar**
á fólksbíla og jepplinga. Dunlop hefur verið á toppnum í gæðakönnunum ár eftir ár. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Til sölu nýjar álfelgur 16X7" með gatadeilingu 5x114. Verð áður 24.900 kr. Tilboð 11.900 kr. stk. Felgurnar passa m.a. undir Mazda Tribute, Ford Escape, Toyota Rav4, Hyundai Santa Fe, Nissan Xtrail, Hyundai Tucson o.fl. Upplýs. 864 8866.

Til sölu ný vetrardekk 245/75 R16 neglanleg, verð áður 16.900.- Tilboð 9.900.- Upplýs. í síma 864-8866.

Toyota Yaris & Corolla -ný 15" nagladekk á stálfelgum. Stærð 185/65 R15. Uppl. í s. 868 1919.

## Varahlutir

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

## Viðgerðir

Almennar viðgerðir, hjólastillingar, bremsuviðgerðir. Kaplahrauni 1. S. 565 4332.

KEYPT
& SELT

## Til sölu

**Stigalagerinn**
Eigum mikið úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til handriðasmíða, festingar ofl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 564 1890

Ársgamalt sófasett, 3ja sæta sófi+2 stólar, ljóst leðurlíki. Nýr rennibekkur 90 cm á milli odda. Sanngjarnt verð. S. 843 9160.

## Hljóðfæri

Höfum opnað verslun með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgreiðslur. www.harmonikan.is S. 690 2020

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Nýjar tölvur í hverri viku, góð verð. BMS-Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8. Sími 565 7080.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

## Til bygginga

## Verslun

## Ýmislegt

## Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta**
Hreingerum fyrir heimili, fyrirtæki, húsfélög og skóla. Einnig flutningþrif og teppahreinsun. Símar 849 9600 & 867 1730.

Láttu mig um púlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Einnig jólaþrif Föst verðtilboð. S. 848 7367.

## Garðyrkja

Núna er góður tími til að klippa, setjum líka upp jólaseríur og hreinsum þakrennur. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald, ársuppgjör, laun, skattamál. 15 ára reynsla. Rekstrarráðgjöf, Sigurður Sigurðarson, sími 864 9010.

Bókhald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

## Búslóðaflutningar

Búslóðaflutninar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Nudd

Ferðanuddbekkir og fylgihlutir. Bekkir frá 45.000 stgr. Uppl. í 891 6447 Ólafur.

## Meindýravarnir

- Meindýravarnir Suðurlands -
**Allur búnaður til meindýravarna. Músafellur - músastoppkítti - meindýraforvarnir o.fl. Gagnheiði 59, 800 Selfoss. Sími: 482 3337 www.meindyravarnir.is**

- Guðmundur Óli Scheving -

**- Tek að mér meindýravarnir -**
**Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi. Upplýsingar og pantanir í síma 892 9121 Geymdu auglýsinguna.**

## Húsaviðhald

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Smiðir**
Getum bætt við okkur parket og flísalögnum og gipsverki. S. 845 1583 & 897 6722.

Getum bætt við okkur í parket- og flísalagnir. Uppl. í s. 892 9803 milli 10-18.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Múrbrot**
Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlæga efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

**Parket og flísalagnir**
Getum bætt við okkur parket og flísalögnum. Uppl. í s. 892 9803, milli 10-18.

**Byggingafélag**
Getum bætt við okkur verkefnum jafnt úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 893 9722, Kristján.

## Stífluþjónusta

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Vefsíðulausnir. 8.is

Vefhýsing. www.8.is

## Spádómar

**Örlagalínan 595 2001 & 908 1800**
Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlagalinan.is.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

**Bella.is S: 699 1673. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 ( 904 2080) 199,90 mín kl 15 - 24 nema Sunnudaga. Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna s. 555 2927, 12-24 alla daga Visa/Master**
**Andleg leiðsögn. Spilaspá, Tarot. Draumráðningar. Fyrirbænir. 200 kr. mín. Er við alla daga frá 12-24. S. 555 2927, 847 7596. (Ath. hef lagt niður 908 6040).**

**Laufey S. 823 7181 Visa/master**
**Eru fjármálin eða tilfinningar í ólagi? Ástin, peningar, heilsa, miðlun draumráðningar og símaspá. 199.- kr, mín. Opið alla daga 9-01 eftir miðnætti. (Ath., hef lagt niður 908 2200).**

## Skemmtanir

## Iðnaður

Getum bætt við okkur, málningar, múr, flísa og smíðavinnu. Uppl. í s. 867 6563.

## Múrarar

**Múrviðgerðir**
Getum bætt við okkur vinnu við múrviðgerðir og flísalagnir. Föst verðtilboð. S. 846 1956

## Rafvirkjun

Rafverktaki getur bætt við sig verkefnum. Upplýsingar í síma 893 0998.

## HEILSA

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka og betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Líkamsrækt

Hættu að reykja á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við nikótínþörfina. www.heilsurad.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Heilsuvörur

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Sófalist**
Glæsileg áklæði fyrir sófa, stóla, eldhússtóla og borðstofustóla. 30% afsláttur af eldri áklæðum. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 - www.sofalist.is

**Glæsilegu spönsku rúmteppin komin !**
Ýmsar gerðir. Ný sending - stærri gerðir. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is S. 553 0444

TOYOTA

## Heimilistæki

## Ýmislegt

Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

*Til sölu eða leigu*

Glæsileg nær 500m2 fasteign til sölu eða leigu. Skiptist í tvær 170m2 íbúðir, annarri fylgir 80m2 aukaíbúð/vinnustofa. Til greina kemur að leigja út að hluta eða öllu leiti, með eða án húsgagna til fyrirtækis eða öðrum traustum aðila. Skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir

Laus 3ja herb íbúð í Hafnarf. Leigt til 1 maí 07. 110 þ. ásamt 2 mán fyrirfram. Uppl. í s. 824 3032 eða 898 3228.

í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á vefnum: www.pulsinn.com/hus.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Mieszkanie do wynajoecia**
GSM 824 4530.

Studioíbúðir í Hafnarfirði til leigu. S. 540 9700 & 540 9700, milli kl. 9 og 19.

Laus 3ja herb íbúð í Hafnarf. Leigt til 1 maí 07. 110 þ. ásamt 2 mán fyrirfram. Uppl. í s. 824 3032 eða 898 3228.

í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á vefnum: www.pulsinn.com/hus.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðb.sv. Hef góð meðmæli. Gr.geta í kringum 55 þús. S. 893 2215.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til langtíma leigu, helst með bílskúr eða bílskýli. Uppl. í s. 849 2335.

## Sumarbústaðir

Erum að framleiða gesthús, garðhús áhalda- og geymsluskúra. Allar stærðir. Uppl. í s. 696 3802. Íslensk framleiðsla, góð verð.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Lítið sem ekkert útiplass. Uppl. í s. 699 5880.

50 fm, skrifstofuherbergi, til leigu á svæði 110. Sameiginleg kaffistofa, fundarherbergi og WC. Snyrtileg og góð aðstaða. Leiga 60 þús, m/rafmagni og hita. S. 511 1818 & 896 6335.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Búslóðir, lagerar, tjaldvagnar og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri enn 25 ára. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Dyraverðir óskast!!**
**Föstudags og Laugardagskvöld. Vinnutími frá 18.00 - 02.00 Upplýsingar í síma 864 6112.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vaktstjórum!**
**Í helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og inn á www.keiluhollin.is**

ÍTR

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Leikskólin Brekkuborg.**
**Óskum eftir að ráða aðstoðarmanneskju í eldhús.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða og í Hafnarfirði**
**Frábærir starfsmenn geta bætt við sig nokkrum duglegum, hressum vinnufélögum í kvöld- og helgarvinnu.**
**Ekki vera feimin við að sækja um á americanstyle.is**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.**

**Aukavinna**
**Snyrtifræðingur/naglafræðingur óskast. Fyrir og Eftir Heilsu-og snyrtistudio**
**Uppl. á info@fyrirogeftir.is**

**Húsasmiðjan.**
**Helgarstarfsmenn óskast á kassa og í önnur störf í verslun okkar í Grafarholti.**
**Uppl. í síma 660 3193.**

**Bakaríið Brauðberg Hraunbergi 4**
**Óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu í 2 mánuði.**
**Nánari uppl. veita Gunnar í s. 863 8009 og Anna í s. 869 3320.**

SUBWAY

**Kvöld og helgarvinna**
**Subway Kringlunni, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á staðnum**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696 7014.**

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.**

**Hvar í veröldinnni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

**Járniðnaðarmenn**
Traust fyrirtæki á höfuðborgarsv. óskar eftir járniðnaðarmönnum eða vélvirkjum. Uppl. í s. 898 4855.

Starfsmenn óskast, helst vanir pappalögnum. Upplýsingar í síma 896 4947.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Yfirvélstjóra og stýrimann vantar á 140 tonna netabát frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546.

## Atvinna óskast

Smiður óskar eftir smíðavinnu. Uppl. í síma 691 7895.

Fertugur iðnmenntaður karlmaður óskar eftir atvinnu frá og með 10 des. Uppl. í s. 695 0374.

Handlaginn maður óskar eftir vinnu við smíðar, akstur, sölumensku og. fl. Uppl. síma 662 8752 eða vidur@visir.is

21 árs hraustur íslenskur strákur nýfluttur á malbikið óskar eftir framtíðarstarfi í Grafarvogi eða nágrenni. Uppl. í s. 868 0917.

Vantar þig starfsfólk? útvegum starfsfólk í flestar starfsgreinar, líka sjómenn. Uppl. í s. 691 3484.

Fertugur iðnmenntaður karlmaður óskar eftir atvinnu frá og með 10 des. Uppl. í s. 695 0374.

Handlaginn maður óskar eftir vinnu við smíðar, akstur, sölumensku og. fl. Uppl. síma 662 8752 eða vidur@visir.is

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Kona óskar eftir að kynnast reglusömum manni 65-70 ára. Áhugamál eru ferðalög, dans, leikhús ofl. Svör sendist FBL. fyrir 27 nóv. merkt „Félagi & vinur“.

Nánast ný nelgd Goodyear dekk 195/65R15 fyrir t.d. Subaru. Verð kr. 15-20.000. Uppl. í síma 663 6300.

**Símaspjall 908 6666.**
Hæ ég heiti Heiða, ég er heit og vilt og mig langar til að heyra í þér í kvöld í símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Er til fyrir þig.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

COSTA BLANCA STRÖNDIN: YFIR 300 SÓLARDAGAR Á ÁRI!

Fasteignir til sölu og leigu

Verð frá 8.500.000 kr. – Allt að 90% lán – www.gloriacasa.is

Íslensk þjónusta á Spáni
Flugvallarakstur í boði

gloria casa
Fasteigna- og leigumiðlun Íslendinga á Spáni
www.gloriacasa.is – S: 517 5280

Verðdæmi er með fyrirvara um gengisbreytingar

FASTEIGNASALA

*Heilshugar um þinn hag*

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

## Sími 513 4300

| | |
|---|---|
| **Ingvaldur Ingvaldsson** | **framkv.stjóri** |
| **Helgi H. Jónsson** | **lögg. fast.sali** |
| **Vilhjálmur Bjarnason** | **lögg. fast.sali** |
| **Anna María Kristjánsdóttir** | **móttaka** |
| **Erla R. Guðmundsdóttir** | **bókari** |
| **Guðný Guðmundsdóttir** | **sölumaður** |
| **Gunnar Magnússon** | **sölumaður** |
| **Hrafnhildur Helgadóttir** | **sölumaður** |
| **Kolbeinn Sigurðsson** | **sölumaður** |
| **Kristinn Erlendsson** | **sölumaður** |
| **Ólafur H. Haraldsson** | **sölumaður** |
| **Ólafur Sævarsson** | **sölumaður** |
| **Magnús Bergs** | **sölumaður** |
| **Ómar Haraldsson** | **tölvuumsjón/frágangur** |

**www.husid.is**

Höfum mikið úrval nýbygginga á skrá.

**www.husid.is**

### Stærri íbúðir — Silfurgata - Stykkishólmur

Mjög fín 79,4 fm neðri sérhæð á jarðhæð í góðu nýlega steiniklæddu tvíbýlishúsi með nýju þaki, sólpalli og flottu útsýni út á Breiðafjörðinn ásamt sér bílastæði. Íbúðin skiptist í forstofu með flísum á gólfi. Gangur með plastparketi, þrjú góð svefnherbergi með plastparketi. Baðherbergi með sturtu og flísum á gólfi. Eldhús með nýlegri innréttingu og nýjum tækjum, uppþvottavél fylgir. Stofa með plastparketi. Ný rafmagnstafla. Verð 10,9 m.

### 3ja herbergja — Reiðvað - Reykjavík

Góð 98,3 fm 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílskýli. Sérinngangur af svölum. Eldhús með viðarinnréttingu, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgja með. Þvottahús er innan íbúðar með flísum á gólfi.
Verð 24,5 m

### 3ja herbergja — Strandasel - Rvík

Mjög rúmgóð og björt, mikið endurnýjuð 93,3 fm endaíbúð á annari hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli í þessu barngóða hverfi. Útgangur á stórar suð -vestur svalir.
Verð 17,9 m.

### 2ja herbergja — Furugrund - Góð staðsetning

Falleg 2ja herbergja 63,6 fm íbúð á þessum vinsælastað í Kópavoginum ásamt sérgeymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri/hol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús, stofu og stórar svalir sem snúa í suður. Gólfefni eru flísar og parket nema á svefnherbergi þar er dúkur. Flott íbúð á góðum stað þar sem stutt er í helstu þjónustu og náttúruperluna Fossvogsdalinn. Verð 15,9 m

## Lækjarvað 15 – 25
## 110 Reykjavík

- Glæsilegar sérhæðir
- Bílskúr fylgir efri hæðum
- Tilbúnar til inréttinga
- Þvottahús innan íbúðar
- Sérgarður fyrir báðar hæðir
- Hús fullbúið að utan og lóð frágengin

## Þórðarsveigur 17 – 21
## 113 Reykjavík

- Nýtt hús í grónu hverfi
- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herb íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Til afhendingar strax
- Þvottahús og geymslur innan flestra íbúða
- Mynddyrasími í öllum íbúðum
- Fullbúnar án gólfefna

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# HB FASTEIGNIR

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteigna- og skipasali — Félag fasteignasala — Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík



Hrafnhildur Bridde
Lögg. fasteignasali



Kári Kort
Sölustjóri

***NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ÞESSAR EIGNIR GEFUR KÁRI KORT SÖLUSTJÓRI SÍMI 892 2506***

## TIL SÖLU

### ÞINGVAÐ - NORÐLINGAHOLTI

- 11 keðjuhús frá 215-245fm
- Afhent fokheld eða lengra komin
- Skilalýsing á skrifstofu

### HÁALEITISBRAUT – 108 RVÍK

Háaleitisbraut 77fm verð 17,5millj Falleg 3gja herb íbúð á 4 hæð.

- Eignin skiptist í borðstofu, stofu,eldhús.
- Tvö svefnherbergi.
- Stofa með útg á stórar suðursvalir.
- Eldhús með eldri innréttingu.
- Mikið útsýni.

### BYGGÐARENDI - AUKAÍBÚÐ

**Fallegt 295.2fm Einbýlishús við Byggðarenda m/ aukaíbúð og bílskúr.**

- 4 svefnherbergi, stofa+borðstofa.
- Baðherbergi flísal,baðkar+sturtukl.
- Eldhús m/ eikarinnréttingu, borðkrók+búri.
- Aukaíbúð með sérinngangi.
- Innbyggður bílskúr m/rafm+hita.
- Lárus við kaups lyklar á skrifst.

### EINIMELUR - VESTURBÆR. TILBOÐ ÓSKAST!

320.1fm á tveim hæðum. Eldhús, Búr, eldh. kr. Borðstofa m. útg í fallegan garð. 5 svefnh. Stofa. húsbóndah. stórar svalir. Glæsileg eign á góðum stað.

### BLÓMABÚÐ Í GRAFARVOGI

- Viðskiptatækifæri.
- Verð með lager 1. millj.
- Afhending v/kaupsamning.

### LOGAFOLD - 112 RVK.

293,7 FM EINBÝLISHÚS Á GÓÐUM STAÐ. VERÐ 66.6 MILLJ. Neðri h: Forst, wc, skrifstofurími, sjónvarpsvefnh, geymsla+bílskúr. Efr ih: Stofur ,eldhús, 4 svefnherb. borðst, baðherb.

### FYRIR FJÁRFESTA

- Atvinnuhúsnæði 500 fm í Hverag.
- Íbúðarhús m4-6 íbúðum Hverag.
- Lóðir í Reykjavík.
- Frístundajörð í Borgarfirði
- Frístundajörð+hestar+golf í Borgarf.
- Sumarhús+ frístundalóðir

### STUÐLASEL - 109 RVK. EINBÝLISHÚS. VERÐ 58 MILLJ.

246,1 fm á tveimur hæðum. Stór og björt stofa+ borðstofa. Stór viðarklædd verönd m/heitum potti. 7. sv.h. Sjónvarpsherb. á efri hæð. Fallegur garður m/garðhúsi.

### BAÐSVELLIR, GRINDAVÍK

Fallegt 151 fm einbýli á frábærum stað Verð 22,8 millj.

- Flísalögð m/forstofa m/ herbergi
- Sjónvarpshol,björt stofa m/útg á pall.
- Eldhús m/fallegum innréttingum+borðkrók
- Stór tvöfaldur bílskúr.

### EFSTAHRAUN 240 GRINDAV.

**150 fm Raðhús með góðum bílskúr.**

- Forstofa,hol m/fataskáp flísar á gólfi.
- Þrjú barnaherbergi,stórt hjónaherb.
- Borðstofa m/uppteknu lofti m/glugga
- Björt stofa m/útg í garð.
- Góð eign miðsvæðis.

### FRÍSTUNDAJÖRÐ Í BORGARFIRÐI

Galtarholt 203,9 fm íbúðarhús + 3,5 ha + 1.5 land. Upplagt fyrir hestafólk, starfsmannafélög, orlofshús. **Tilboð óskast**

### GVENDARGEISLI 113 RVÍK

126,8fm falleg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð með sér inngangi.//

- Með stæði í bílageymslu.
- Stórar suðursvalir með góðu útsýni.
- 2 góð barnaherbergi með skápum.
- Hjónaherbergi með fataherbergi.
- Falleg eign

### EYRARSKÓGUR

Glæsilegur sumarbústaður í Eyrarskógi. Verð 15,9.millj. ***Uppl. Kári Kort sími 892 2506***

## Stamphólsvegur - 240 Grindavik

**HÉR BYGGIR JÁRNGERÐI EHF**
**24 ÍBÚÐIR - FRÁ 76,8 fm - 236,5 fm.**

# TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX

SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS

## 10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi

- Af því það er ennþá hægt !
- Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
- Fullur stuðningur í einu og öllu.
- RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
- RE/MAX notar nýjustu tækni.
- RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
- RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
- RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
- RE/MAX fyrir alla landsmenn.
- Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.

RE/MAX ÍSLAND
remax@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

www.remax.is

# SJÓNARHORN

Drengurinn með fiskinn fékk glænýjan búning í fimbulkuldanum sem ríkti í Reykjavík á dögunum. Styttan sem stendur í Fossvogi líkist mest væng af engli.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TOPP 5: TIM CURRY

Það kannast kannski ekki margir við nafn leikarans Tim Curry (f.1946), jafnvel þótt hann hafi leikið í hvorki meira né minna en 173 kvikmyndum og þáttum, að meðtöldu hljóðsetningu á barnaefni. Ástæðan gæti helst verið sú að Curry er yfirleitt í aukahlutverki. Það kemur þó ekki að sök þar sem Curry er sannkallaður senuþjófur, með sterka útgeislun og getu til að bregða sér í ólíkustu hlutverk, allt frá myrkrahöfðingjanum upp í geðillan hótelstjóra. Hér eru hans fimm bestu myndir.

1. The Rocky Horror Picture Show (1975). Nýtrúlofað par leitar skjóls á draugalegu setri þegar bíll þess bilar úti í sveit og uppgötvar að húsráðendur eru í meira lagi skrítnir. Óvenjulegur söngleikur með kynferðislegum undirtóni og vísunum í vísindaskáldskap. Curry frábær sem húsbóndinn Frank N. Further.

2. It (1990). Sjö ungmenni reyna að ráða niðurlögum skrímslis, sem á sök á dauðsföllum í smábæ. Curry hefur sjaldan verið betri en sem morðóði trúðurinn Pennywise, í kvikmyndaðri útgáfu af sögu Stephens King. Svo sannfærandi var hann að meðleikararnir áttu erfitt með að umgangast hann á tökustað.

3. Legend (1985). Ungur maður reynir að koma í veg fyrir að myrkrahöfðinginn nái heimsyfirráðum. Ridley Scott leikstýrir Curry í hlutverki skrattans og ungstirninu Tom Cruise í mynd sem ekki gekk átakalaust að búa til. Sem dæmi um það brann sviðsmyndin til grunna og varð að byggja aðra í flýti.

4. Charlie´s Angels (2000). Þrír kvenkyns einkaspæjarar fá það verkefni að endurheimta stolinn raddbúnað. Curry fer með lítið en eftirminnilegt hlutverk glæpamannsins Rogers Corvin. Í einu skemmtilegasta atriði myndarinnar takast þeir Curry og Bill Murray á uppábúnir sem súmóglímukappar.

5. Muppet Treasure Island (1996). Prúðuleikararnir segja miskunarlausum sjónræningjum stríð á hendur í þessari skemmtilegu útgáfu á sígildri sögu Robert Louis-Stevenson. Tim Curry smellpassar í hlutverk sjónræningjans Jons Long Silver, sem svífst einskis til að komast yfir falinn fjársjóð.

Frank N. Further úr kvikmyndinni The Rocky Horror Picure Show (1975) er einn af mörgum furðufuglum sem Tim Curry hefur leikið í gegnum tíðina.

BRYNJÓLFUR BJÖRNSSON
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# HVUNNDAGURINN
## *Syndir í frístundum*

„Ég vakna klukkan 6 á morgnana, viðra hundinn og les blöðin," byrjar Brynjólfur Björnsson, sund- og leikfimikennari, lýsingu á sínum daglegu athöfnum á venjulegum hvunndegi. Hann kveðst alla virka morgna vera mættur upp í Sundhöll Reykjavíkur upp úr klukkan 7.30 og stjórna þar vatnsleikfimi fyrir aldraða í tímum sem byrja klukkan 8. „Síðan keyri ég á milli lauga og stjórna vatnsleikfimi að auki í Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug og Vesturbæjarlaug. Einnig er ég með leikfimi fyrir aldraða í sal í Víkingsheimilinu tvisvar í viku," segir hann. Þrjú hádegi í viku er Brynjólfur síðan með sundkennslu í sundhöll Reykjavíkur fyrir ósynda, vatnshrædda, og þá sem vilja læra skriðsund eða bæta almennt kunnáttu sína í sundi. Í spjalli við hann kemur fram að allt framantalið er frítt fyrir aldraða, í boði Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur.

Þar með er ekki öll sagan sögð því á mánudags- og miðvikudagskvöldum er Brynjólfur með vatnsleikfimi og sundnámskeið í Breiðholtslaug frá klukkan 19-21.30 og á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum með sundæfingar fyrir fullorðna og skriðsundsnámskeið í Árbæjarlaug frá 19-22. Þetta hljómar eins og maðurinn sé alltaf að svo hann er inntur eftir áhugamálum – öðrum en vinnunni. „Jú, ég syndi í frístundum, segir hann hlæjandi og kveðst líka spila golf og vera að læra á harmonikku hægt og rólega. En hvenær hvílir maðurinn sig? „Ég legg mig stundum eftir hádegið," svarar hann og bætir við. „Og kemst svo yfirleitt í ró í kringum miðnættið."

-gg

Rýmingarsala
20 til 40%
afsláttur af öllum vörum
Loftvogir - áttavitar - sjónaukar
- þráðlausir hitamælar

Póstsendingaþjónusta
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

allt
heimili
Alla fimmtudaga

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.322 **+1,12%** **Fjöldi viðskipta:** 220
**Velta:** 13.185 milljónir

MESTA HÆKKUN
**Atorka** -0,31%
**Actavis** +0,15%

MESTA LÆKKUN
**Kaupþing** -1,77%
**Landsbankinn** -1,48%
**Alfesca** -0,98%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,00 +0,15% ... Alfesca 5,03 -0,98% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,00% ... Atorka 6,40 +0,31% ... Avion 32,20 -0,31% ... Bakkavör 60,00 -0,50% ... FL Group 23,00 +0,00% ... Glitnir 22,40 -0,44% ... Kaupþing 833,00 -1,77% ... Landsbankinn 26,60 -1,48% ... Marel 79,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,60 +0,00% ... Össur 115,00 +0,00%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Virði 365 lækkaði um milljarð

Markaðsvirði 365 hf. lækkaði um tæpa 1,2 milljarða króna í gær þegar viðskipti hófust, annars vegar með bréf fjölmiðlafélagsins og hins vegar með hluti í upplýsingatækni- og fjarskiptafélaginu Teymi, eftir uppstokkun Dagsbrúnar.

365 var um fimmtán milljarða króna virði við upphaf viðskipta en lækkaði um tæp átta prósent á fyrsta degi.

Markaðsvirði Teymis lækkaði hins vegar mun minna eða um 135 milljónir króna á fyrsta viðskiptadegi. Markaðsverðmæti Teymis stóð í 12,5 milljörðum í gærmorgun.

Hluthafar í Dagsbrún fengu bréf í félögunum tveimur í skiptahlutföllunum 55 prósent fyrir bréf í 365 á móti 45 prósentum í bréfum í Teymi.

**365 LÆKKAÐI Á FYRSTA DEGI** Þorsteinn M. Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Magnús Ármann á hluthafafundi Dagsbrúnar í liðinni viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Upphafsgengið á bréfum beggja félaga var 4,58 krónur á hvern hlut. Hluturinn í 365 kostaði 4,22 krónur í lok gærdags en 4,53 krónur í Teymi. - eþa

# Eignarhaldsfélagið ræður för í Verði

Eignarhaldsfélagið ehf., í eigu SP-Fjármögnunar, Landsbankans og SPV, hefur eignast 98 prósent hlutafjár í Verði Íslandstryggingu. Nýir eigendur sjá mikil tækifæri til að efla Vörð Íslandstryggingu með breyttu eignarhaldi.

Guðmundur Jóh. Jónsson tekur við stöðu framkvæmdastjóra Varðar Íslandstryggingar en hann starfaði sem forstöðumaður hjá SP-Fjármögnun og þar áður hjá Sjóvá-Almennum. Eignarhlutföll í Eignarhaldsfélaginu ehf. eru með þeim hætti að SP-Fjármögnun fer með 49 prósent, Landsbankinn með 26 prósent og SPV heldur utan um fjórðungshlut. - eþa

# Horfir í aðrar áttir

Stjórn þýsku kauphallarinnar í Frankfurt hefur hætt við frekari tilraunir til yfirtöku á samevrópska hlutabréfamarkaðnum Euronext. Kauphöllin í New York í Bandaríkjunum, NYSE, bauð 10 milljarða bandaríkjadala eða rúmlega 692 milljarða íslenskra króna í Euronext í maí og er stefnt að sameiningu kauphallanna.

Þýska kauphöllin hefur þrátt fyrir það horft til þess að hafa betur í kapphlaupinu um markaðinn og gerði um miðjan síðasta mánuð samkomulag við ítölsku kauphöllina um að gera sameiginlegt yfirtökutilboð í Euronext.

Þýska kauphöllin hefur nokkrum sinnum á árinu mælt með samruna við Euronext og lagði meðal annars fram yfirtökutilboð í markaðinn í júní síðastliðnum. Stjórn Euronext, sem rekur kauphallir í Amsterdam, Brussel, París og Lissabon, felldi það hins vegar.

**EURONEXT** Þýska kauphöllin hefur fallið frá frekari yfirtökutilraunum í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext.

Þá hefur kauphöllin þýska sömuleiðis horft til þess að sameinast öðrum kauphöllum í Evrópu, þar á meðal kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi (LSE) og gerði yfirtökutilboð í alla hluti hennar á síðasta ári. Því var ekki tekið.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir tilkynningu frá stjórn þýsku kauphallarinnar í dag, að stjórn Euronext hafi ekki lengur hug á samruna við Euronext og því verði frekari yfirtöku- og sameiningartilraunum hætt. - jab

# Hafa lokið uppfærslu á öllum símstöðvum

Vodafone hefur lokið við uppfærslu á öllum símstöðvum í kerfi fyrirtækisins sem staðið hefur um skeið. Fyrirtækið segir að með þessu hafi GSM-kerfi þess verið eflt enn frekar með auknum gæðum í þjónustu fyrir viðskiptavini og rekstraröryggi.

„Jafnhliða þessum áfanga hefur Vodafone þétt GSM-kerfi sitt sem tryggir að viðskiptavinir njóta enn betri þjónustu. Fyrirtækið hefur meðal annars sett upp senda í Öxnadal, Grenivík og á móts við Hrafnagil," segir í tilkynningu. Þá kemur fram að búið sé að bæta við þremur sendum á Akureyri. „Ennfremur er verið að ljúka við uppsetningu á GSM-sendi austan Þjórsár sem bætir sambandið við þjóðveginn." - óká

DMK 90% íbúðalán
– fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð!

Fjármögnun vegna fyrstu íbúðakaupa getur oft reynst erfið og flókin. Með láni fyrir allt að 90% af kaupverðinu* geta viðskiptavinir *DMK* fjármagnað fyrstu íbúð sína með einföldum og hagkvæmum hætti. Auk þess fylgja lánunum sérkjör á brunatryggingum húseignar en slík trygging er skylda samkvæmt lögum.

Sæktu um *DMK* á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*

Aðrir þættir *DMK þjónustunnar* eru:
- *DMK Debetkort*
- *DMK Kreditheimild*
- *DMK Yfirdráttarheimild*
- *DMK Tiltektarlán*
- *DMK Léttlán*
- *DMK Ráðgjöf*
- *DMK Reglulegur sparnaður*
- *DMK Tilboð*

spron

VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

*Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona er 41 árs í dag*

**Ég ákvað einhvern tíma að í stað þess að gera marga litla hluti myndi ég frekar gera eitthvað eitt stórt og fylgja því eftir. Alveg frá trýninu á skepnunni og út í hala. Eða allavega reyna það.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. NÓVEMBER 1783

## *Tveir Frakkar og loftbelgur*

Á þessum degi árið 1783 urðu Frakkarnir Jean François Pilâtre de Rozier eðlisfræðingur og François Laurent markgreifi fyrstu mennirnir til að fljúga í loftbelg. Flugferðin varði í um hálftíma en þeir félagar flugu sem lá leið tæpa níu kílómetra leið yfir París.

Lofbelgurinn var úr smiðju Montgolfier-bræðranna sem voru bæði pappírsframleiðendur og uppfinningamenn. Þeir hönnuðu fyrsta loftbelginn og sýndu hann í júní 1783 og prófuðu sig áfram með því að senda ýmiss konar dýr upp í háaloft, þar á meðal hana, önd og kind. Þess má geta að dýrin komust klakklaust frá tilraunafluginu.

Pilatre de Rozier hafði í október prófað að fljúga í loftbelgnum en aðeins stutta leið og var belgurinn tjóðraður við jörðina. Fyrsta loftbelgsferðin í ótjóðruðum loftbelg var því farin síðla í nóvember en mikill fjöldi fólks fylgdist með á þessum ævintýralegu tímamótum

## MERKISATBURÐIR

**1878** Edison kynnir nýjustu uppfinningu sína, grammófóninn.

**1916** Austurríski keisarinn Franz Josef andast.

**1975** Gunnar Gunnarsson skáld andast 86 ára að aldri.

**1987** Stórstjörnurnar Bruce Willis og Demi Moore ganga í það heilaga.

**1990** Söngvarinn Mick Jagger kvænist sýningarstúlkunni Jerry Hall.

**1993** Endurvarp hófst frá nokkrum erlendum sjónvarpsstöðvum á Íslandi undir heitinu Fjölvarp.

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Sigurður Már Gestsson**

Kirkjustétt 7a, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag, þriðjudag 21. nóv. kl. 13.00.

**Anna Karelsdóttir**
**Gestur Már Sigurðsson** — **Harpa Þorleifsdóttir**
**Guðný Sigurðardóttir**
**Maríanna Sigurðardóttir** — **Tómas Bentsson**
**Rut Ingimarsdóttir**
**og barnabörn.**

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Anna Finnbogadóttir**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

**Finnbogi Á. Guðmarsson og Metta Kwanthong**
**Erna Guðmarsdóttir og Steinþór Sigurðsson**
**Örn Guðmarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir**
**Elín Ágústsdóttir og José Ramos**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurbjörn Þorleifsson**

Maríubaugi 123, 113 Reykjavík,

lést föstudaginn 17. nóvember.

**Hulda Fríða Ingadóttir**
**Þorleifur Sigurbjörnsson**
**Magna Huld Sigurbjörnsdóttir**
**Ingi Guðmundsson**
**Jón Ó. Guðmundsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**ELSA HARALDSDÓTTIR** Elsa í 40 ára afmælisteiti Salon VEH og Hárs ehf. sem var haldið um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ELSA HARALDSDÓTTIR:** FAGNAR 40 ÁRA AFMÆLI OG OPNUN

# Góð umgjörð og vellíðan

Hárgreiðslustofan Loft Salon, fyrsta flaggskip fyrirtækisins Redken í Evrópu, opnaði þann 14. október síðastliðinn í Kaupmannahöfn við Pilestræde 12c í Gallery K, spölkorn frá Strikinu. Hefur stofan fengið mjög góðar viðtökur í Danmörku og hafa fjölmiðlar á borð við Berlingske Tidene, Metro og Nyhedsavisen gefið henni fína dóma.

„Þessi stofa er á fallegum stað og í fallegri byggingu. Hérna er byggt á milli tveggja húsa og þetta er mjög „modern" og mikill arkitektúr," segir Elsa Haraldsdóttir, kennd við Salon VEH, sem er einn af þremur eigendum stofunnar. Hinir tveir eru Hreiðar Árni Magnússon, annar eigenda Salon Reykjavík í Glæsibæ, og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Auk þess að opna nýja hárgreiðslustofu í Kaupmannahöfn fagnaði Elsa einnig 40 ára afmæli Salon VEH og Hárs ehf. í mikilli veislu sem var haldin í Húsi verslunarinnar síðastliðinn laugardag. Þar var hártíska þeirra fjögurra áratuga sem starfsemi fyrirtækjanna spannar sýnd og klæddust fyrirsætur fatnaði frá Egggerti feldskera.

Á hárgreiðslustofunni í Kaupmannahöfn má segja að verið sé að sameina andrúmsloft boutique-hótels, vín- og kaffibars og hárgreiðslustofu. Hugmyndin er að þetta sé staður þar sem fólk getur hist og látið sér líða vel í afslöppuðu andrúmslofti og notið veitinga meðan það fær alla þjónustu sem tengist hári þess.

„Þetta er í raun fyrsta stofan með þessum blæ hér í Kaupmannahöfn," segir Elsa, sem tekur fram að sams konar hárgreiðslustofur séu reknar í New York. „Við höfum sameinað viðskiptaferli hérna, bæði fyrir starfsfólkið, hvernig það getur unnið sig upp og orðið meðeigendur, og rekstrarkerfið sem er af bandarískri fyrirmynd. Það er háalvarlegt mál sem býr að baki þessu rekstrarlega, sem er eitthvað sem hárgreiðslufólk hefur í gegnum tíðina oft látið sitja á hakanum. Ég var sjálf kannski í því ferli í gamla daga þegar ég vildi vinna við þetta af því að ég hafði gaman af hárgreiðslu. Í þessu tilfelli byggjum við þetta fyrst og fremst út frá rekstrinum og því að umgjörðin og vellíðan viðskiptavina hafi forgang," segir hún.

Elsa hefur átt gott samstarf við Redken í gegnum tíðina, enda verið umboðsaðili fyrir vörur fyrirtækisins undanfarin tuttugu ár. „Ég þekki Redken-fyrirtækið og þá aðila sem eru í Kaupmannahöfn. Það kom aldrei til greina annað en að vinna með Redken," segir hún. Þrátt fyrir alla þá þjónustu sem er í boði hjá Loft Salon segir Elsa að verðið sé viðráðanlegt. „Þetta á ekki að vera dýr stofa en heldur ekki ódýr," segir hún. Er verðið frá 550 dönskum krónum, eða 6600 krónum, og fer það síðan stígandi eftir því hver sér um klippinguna.

freyr@frettabladid.is

†

*Innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför mannsins míns, föður, fósturföður, tengdaföður og afa,*

**Hjörleifs Ingólfssonar**

frá Vöglum í Vatnsdal, sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanns, Tjarnargötu 25a, Keflavík.

Sérstakar þakkir eru til læknanna Gests Þorgeirssonar, Kristins Guðmundssonar, Sigurðar Böðvarssonar, Sigurðar Þórs Sigurðssonar og Guðjóns Karlssonar og samstarfsfólks þeirra fyrir einstaka umönnun. Einnig færum við einlægar þakkir til Heimahjúkrunar í Reykjanesbæ fyrir ómetanlegan stuðning og hlýhug.

**Sigrún Bryndís Gunnarsdóttir**
**Halldór Hagalín Hjörleifsson**
**Arna Björk Hjörleifsdóttir** — **Högni Sturluson**
**Ingvi Þór Hjörleifsson** — **Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir**
**Árni Jakob Hjörleifsson** — **Geirþrúður Ósk Geirsdóttir**
**Gunnar Brynjólfur Sigurðsson** — **Ólöf Haraldsdóttir**
**Sara Björg Pétursdóttir**
**Ingunn Guðmundsdóttir Larsson**
**og barnabörn**

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Kjartan Árnason**

Kópavogsbraut 99,

lést mánudaginn 13. nóvember. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

**Edda Ólafsdóttir**
**Marta Kjartansdóttir**
**María Erla Kjartansdóttir**
**Ólafur Sverrir Kjartansson** — **Soffía Adolfsdóttir**
**Saga Guðrún Ólafsdóttir**
**Árni Björgvinsson** — **Sigrún Stefánsdóttir**
**Drífa Garðarsdóttir**
**Helga Aðalbjörg Árnadóttir** — **Finnur Frímann**
**Árni Þór Finnsson**
**Guðrún Finnsdóttir**
**Kristjana Finnsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# Skiptu um haus fyrir jólin

**Allt að 70% afsláttur af öllum sturtuhausum fram að jólum - mikið úrval**

Nú er Vatnsvirkinn einnig með verslun að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði - verið velkomin!

Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 5.999,-
70% afsláttur

Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 5.999,-
70% afsláttur



Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 11.997,-
40% afsláttur



Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 11.997,-
40% afsláttur



Verð áður: 14.995,-
Tilboðsverð: kr. 8.997,-
40% afsláttur



Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 9.998,-
50% afsláttur



Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunar-tækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

Jólaskreytingakvöld

Nú er komið að okkar vinsælu jólaskreytingakvöldum.

Jólaskreytingakvöld miðvikudag 22. nóv.
og fimmtudag 23. nóv. kl 20-22
í glæsilegri verslun Blómavals í Skútuvogi.

Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti.
Uppákomur og kynningar.
Skráið ykkur í síma 5 800 500.
eða á blom@blomaval.is

Takmarkaður sætafjöldi
- ókeypis aðgangur.

blómaval
heillandi heimur

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Laugardagur í ítölskum smábæ

**FREYR GÍGJA** GUNNARSSON VAR FLUGA Á VEGG Í BRÚÐKAUPI ÁRSINS

Íbúar smábæjarins Bracciano sitja nú og telja aurana. Pitsusalinn á horninu hefur hækkað verðið á einni lítilli margaritu um helming og gamla ekkjan fyrir ofan er búin að leigja svalirnar sínar fyrir myndatökufólk á nokkur hundruð þúsund lírur. Þeir höfðu líka mætt í hópum og boðið henni gull og græna skóga þannig að sú gamla sá sér leik á borði og tók hæsta boði. Sonurinn kom í heimsókn og sá um að gestirnir borguðu í reiðufé en tók síðan að sér hálfgerða veisluþjónustu, eldaði pasta og lasagna sem aðrir gestir gátu keypt á okurverði. Ekkjan gamla þarf engar áhyggjur að hafa það sem eftir lifir ársins, hún á meira en nóg fyrir sardínuskammti og ólífum út árið.

Bæjarstýran hefur vart haft undan við að svara símtölum frá hinum og þessum og karlinn heima fyrir var orðinn langeygður eftir kvöldmatnum en veit sem er að frúin hefur í nógu að snúast. Þýðir ekkert að kveinka sér núna þótt garnirnar séu farnar að gaula. Ákveður að heimsækja barinn sinn en uppgötvar sér til mikillar skelfingar að hann er fullur af blaðasnápum sem kjafta hver ofan í annan. Hann kinkar kolli til eigandans Luigis sem er skælbrosandi og sér að veisluföngin hafa hækkað upp úr öllu valdi. Smábrauðið og parmesanskinkan verða að duga í kvöld. Ætli Lazio sé ekki bara að spila, hugsar eiginmaðurinn á meðan hann gengur framhjá her ljósmyndara sem smella af í gríð og erg út í loftið í þeirri veiku von að ná einhverju fréttnæmu.

Fyrir utan gamlan kastala standa Rita og Maria með borða og bíða spenntar eftir að sjá átrúnaðargoðið sitt frá táningsaldrinum. Vinkonurnar óska þess að það væru þær sem stæðu við gluggann með litla barnið. Átrúnaðargoðið lét sjá sig í eina sekúndu, vinkaði og stöllurnar höfðu fengið sitt. Þær sofnuðu með þann draum í maganum að eiginmaður þeirra yrði jafn ríkur og frægur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**TRÚNAÐARVINIR** Britney Spears grætur á öxl Justins eftir erfiðan skilnað við Kevin Federline.

# Justin huggar Britney

Britney Spears hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið enda orðin tveggja barna einstæð móðir eftir stormasamt hjónaband þeirra Kevins Federline. Nú hefur það komið í ljós að fyrrverandi kærasti hennar, Justin Timberlake, hefur verið trúnaðarvinur hennar á meðan á erfiðleikunum stóð. Spears hringdi oft grátandi í Justin en þau voru kærustupar á yngri árum. Vinur Timberlakes greinir frá þessu í tímaritinu Grazia og segir að Spears hafi virkilega þurft á stuðningnum að halda og að skötuhjúin fyrrverandi séu góðir vinir.

**NICK LACHEY** Fyrrverandi eiginmaður Jessicu Simpson óttast að kærastan hans verði frægari en hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Óttast sambandsslit

Nick Lachey hefur verið í slagtogi við leikkonuna Vanessu Minnillo eftir skilnaðinn við söngfuglinn Jessicu Simpson. Lachey bað Minnillo að giftast sér á dögunum, en leikkonan afþakkaði boðið. Kunnugir segja að Lachey óttist nú að samband þeirra muni renna út í sandinn, ekki vegna þess að Minillo vilji ekki giftast honum, heldur vegna þess að hún gæti orðið frægari en hann, eins og raunin varð með fyrrverandi eiginkonu kappans. Vanessa Minillo mun fara með hlutverk í næstu Fantastic Four-mynd.

**OASIS** Rokksveitin Oasis verður í aðalhlutverki hjá BBC 6 Music í næsta mánuði.

# Oasis við stjórnvölinn

Rokksveitin Oasis mun hinn 12. desember vera í aðalhlutverki á útvarpsstöðinni BBC 6 Music. Fetar hún þar með í fótspor sveita á borð við Radiohead, Kaiser Chiefs og Franz Ferdinand.

Þeir Liam, Noel og félagar fá að velja uppáhaldslögin sín til að spila í útvarpinu. Er talið að lög með sveitum á borð við Bítlana, Sex Pistols, Board of Canada og The Go! Team fái þar að hljóma.

# Of mikið þunglyndi

Shadow Parade kvaddi sér fyrst hljóðs með laginu Dead Man´s Hand sem hefur hljómað töluvert í útvarpi að undanförnu.
Líkindin við Radiohead eru þar augljós og í raun auðvelt að telja að þar væri á ferðinni nýtt lag með þeirri merku sveit. Svo er nú ekki en lag þetta er tvímælalaust það besta á þessari plötu. Á flottur gítarleikurinn stóran þátt í því.

Lagið gefur ekki alveg rétta mynd af því sem koma skal því flest lögin eru róleg og virka oft frekar þunglyndisleg, þar sem ástarsorg er jafnan í fyrirrúmi. Gott dæmi um depurðina er Suicide sing-long þar sem segir m.a.: „It won´t grown on you, you won´t adjust, why not kill yourself“ og í öðrum lögum fljóta annars þreyttir frasar á borð við: „My nights are dark and cold without you“ og „I am lost ´cause you´re not here now“ og „Don´t push me away“.

Í þessum lögum má finna samanburð við sveitir á borð við Muse og Alice In Chains og jafnvel Pink Floyd. Tvær síðastnefndu sveitirnar eru til að mynda sterkir áhrifavaldar í Song for the End of the World.

Dubious Intentions er ágæt plata sem veldur samt smá vonbrigðum miðað við byrjunina Hún er full róleg og einhæf en þeir sem eru til í stóran skammt af þunglyndispoppi ættu ekki að verða sviknir.

**Freyr Bjarnason**

**TÓNLIST**

**Dubious Intentions**

Shadow Parade

★★

Ágætur frumburður.
Þunglyndispoppið er samt of mikið og það vantar tilfinnanlega hress lög á borð við Dead Man´s Hand.

# Sjö borgir á sólarhring

**JAY-Z**

Rapparinn Jay-Z hélt nýverið sjö tónleika í sjö borgum í Bandaríkjunum á aðeins einum sólarhring til að kynna sína nýjustu plötu, Kingdom Come.

Hverjir tónleikar voru þrjátíu mínútna langir og ferðaðist Jay-Z í einkaþotu til að ná takmarki sínu. Fór hann m.a. til New York, Chicago og Los Angeles.

Fyrir tveimur árum sagðist rapparinn vera hættur í tónlistarbransanum en nú er hann hættur við að hætta.


Góð byrjun

www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.

Iceland Express · digital ísland · PlayStation · NOKIA · 66° NORÐUR

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

**Kl. 10.00**
*Á Listasafni Reykjavíkur standa yfir tvær áhugaverðar sýningar. Á Kjarvalsstöðum sýnir Þórdís Aðalsteinsdóttir verk sín í vestursal en í Hafnarhúsinu stendur yfir sýningin Uncertain States of America þar sem finna má rjómann af ameríkskri samtímalist.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Skáldspíran Hermann

Hin vikulegu Skáldspírukvöld Lafleur útgáfunnar fara jafnan fram í Iðuhúsinu á þriðjudögum og í kvöld verður engin breyting þar á. Skáld kvöldsins er Hermann Stefánsson, rithöfundur og tónlistarmaður, og mun hann meðal annars lesa upp úr nýrri ljóðabók sinni, Borg í þoku, sem nýlega kom út hjá Hávallaútgáfunni. Hermann hefur áður gefið út skáldverkin Stefnuljós og smásagnasafnið Níu þjófalykla auk þýðinga og ritsins Sjónhverfingar: fjarvistarsannanir fyrir íslenskan veruleika.

**HERMANN STEFÁNSSON** Kynnir tregafull jólalög og þokukennd ljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sögusvið ljóðabókarinnar er borgin Santiago de Compostela á Spáni en hana prýða aukinheldur nokkrar ljósmyndir. Hermann mun einnig kynna jólalagadisk sem væntanlegur er í verslanir. Sá ber heitið Ofankoma af fjöllunum en þar leikur hann tregablandin jólalög ásamt bróður sínum Jóni Halli og Þórarni Kristjánssyni og Árna Kristjánssyni.

Dagskráin hefst kl. 20 og áréttað skal að gestum er frjálst að taka með sér veitingar ofan af kaffihúsi á efri hæð.

Skipuleggjandi Skáldspírukvöldanna er sem fyrr, listamaðurinn, útgefandinn, talnaspekingurinn og sjósundkappinn, Benedikt S. Lafleur.

**> Dustaðu rykið af...**

verkum Wagners. Fátt er jafn upplífgandi í skammdeginu og á fimmtudaginn leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands þætti úr óperunum Parsifal og Tristan & Isolde. Einsöngvarar eru Kristinn Sigmundsson, Kolbeinn Ketilsson, Wolfgang Schöne og Petra Lang. Stjórnandi er Johannes Fritzsch.

**NÓTTIN ER BLÁ, MAMMA** Annað bindi ævisögu Hannesar er væntanlegt næsta haust.

# Ævisaga Hannesar komin út

„Móttökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum," segir Óttar Martin Norðfjörð, ævisöguritari Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, um fyrsta bindi ævisögu prófessorsins sem kom út á dögunum.

Í fyrsta bindinu, sem nefnist Hannes – Nóttin er blá, mamma, er skautað yfir mótunarár Hannesar þegar hann var barn og unglingur. Kennir þar ýmissa grasa, meðal annars kemur fram að Hannes hafi verið fallegt barn og snemma sýnt metnað til mennta. Óttar segir það hafa verið gaman að skrifa söguna því eins og segir í inngangi ritsins er Hannes „margslunginn persónutýpa. Hann hefur komið sér á milli tennurnar í fólki og það ekki af neinu ástæðuleysi."

**ÓTTAR MARTIN** Fannst gaman að skrifa um Hannes og segir hann „margslungna persónutýpu".

Nýhil gefur út bókina, sem reyndar er einblöðungur, og til stóð að hún yrði gefins. „Í ljósi þeirrar miklu eftirspurnar sem við höfum orðið vör við ákváðum við hins vegar að selja hana á 99 krónur. Allur ágóði mun renna til mæðrastyrksnefndar," segir Óttar. Ritið verður til sölu í bókabúð Máls og Menningar á Laugavegi og í Eymundsson í Pennanum. **-bs**

# Síbreytileg en berskjölduð götulist

**Reykjavíkurborg hefur skorið upp herör gegn götulist eða graffití sem sumir telja lýti á umhverfinu. Listamennirnir sjálfir eru ekki sáttir við þá einföldun og nota ýmsar aðferðir til að koma list sinni á framfæri. Sum þeirra ferðuðust meira segja um borgina utan á strætisvagni á dögunum.**

**LÍTTU ÞÉR NÆR** Götulistamaðurinn Súrkúla við eitt verka sinna í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Listakonan Súrkúla hefur verið að fást við götulist í þrjú ár en hún segist finna töluvert fyrir hertari aðgerðum borgaryfirvalda gegn götulist. Hún kýs til að mynda að koma ekki fram undir fullu nafni í fjölmiðlum því hún segir borgaryfirvöld vera dugleg að kortlega götulistafólk. „Nú er málað yfir eða þrifið strax og fólk passar sig betur á því að vera ekki tekið. Maður skilur vel að fólk amist út í að verið sé að skemma hluti og eigur fólks en þegar um er að ræða auða veggi, undirgöng eða útveggi sem fólk er að skreyta og gera eitthvað skemmtilegt við þá finnst mér þetta ekki eiga neitt skylt við skemmdarverk," segir hún. „Maður skilur ekki að allt sé sett undir sama hatt og álitið krass og krot án þess að verkin séu skoðuð."

Hún segist vonast til þess að hægt sé að finna milliveg í málinu og að leyfi fáist fyrir listafólkið til að nýta sér tiltekin svæði án þess að eiga von á því að list þeirra sé eyðilögð. Súrkúla tekur undir að umburðarlyndi og skilningur almennings gagnvart götulist sé að aukast og nefnir ennfremur að nú sé í tísku að nota graffiti, til dæmis í bakgrunn auglýsinga en einnig sé von á íslenskri bók um graffítilist á næsta ári.

Reykjavíkurborg ver háum fjárhæðum í að uppræta graffití en Súrkúla bendir á að stefna yfirvalda sé ekki vænleg til árangurs. „Fólk mun alltaf halda áfram að tjá sig og það er hægt að gera miklu skemmtilegri hluti við þessa peninga," segir hún og áréttar að Íslendingar þurfi ef til vill bara meiri tíma til þess að taka götulistina í sátt. Súrkúla bendir á að á mörgum stöðum í borginni séu kraftmikil og falleg götulistaverk af öllum stærðum og gerðum og hvetur fólk til þess að líta sér nær. „Það geta oft verið pínkulítil verk, beint fyrir framan mann, sem mikill húmor eða ádeila er í." Hins vegar sé þetta listræna landslag borgarinnar sífellt að breytast. „Sífellt fleiri fá nú leyfi hjá einkaaðilum til þess að vinna eða setja upp verk en ég tel að það sé bæði til hagsbóta fyrir borgarana og listafólkið sem fæst við þetta. Allir vilja jú hafa val," segir hún.

Fleiri sýna þessari listsköpun áhuga og vegvild og fóru verk Súrkúlu víða á dögunum en hún samdi við Strætó og sýndi sín fyrstu „málverk" utan á einu farartækja þeirra. Verkið vann hún í tengslum við áfanga í Listaháskólanum þar sem áherslan er á tvívíð listaverk.

Raunar dreymdi hana fyrir hugmyndinni um færanlegt gallerí. „Mig dreymdi að einhver úr bekknum hefði hengt verkin sín utan á strætó og mundi að í draumum hafði ég sagt: „Djöfull er þetta flott - listin keyrir um göturnar". Síðan vaknaði ég og vissi þá að þetta er alveg málið." Verkin hennar voru í bókstaflegri merkingu á götunni í tvær vikur og nú vinnur Súrkúla ásamt fleiri listamönnum að því að hanna strætóskýli sem vonandi mun rísa fyrir framan Listaháskólann á næstunni. „Okkur hefur líka dottið í hug að setja upp sýningu í strætisvögnunum og færa þannig listina aðeins nær fólkinu," segir hún.

Sjálf segist hún ekki merkja verkin sín né nota „tagg" merkingar sem eru eins og listræn undirskrift götulistamanna. Vinnuaðferðir götulistamanna eru mismunandi, sumir nota stensla en aðrir spreyja eða mála beint á veggi. Súrkúla kveðst sjálf vinna felst sinna verka á pappír sem hún límir síðan upp. „Hvert verk getur tekið margar vikur í vinnslu," segir hún en það er misjafnt hversu lengi verkin fá að vera í friði eftir að búið er koma þeim fyrir. „Sum hanga uppi mánuðum saman á meðan búið er að eyðileggja önnur eftir klukkutíma. Það er ofboðslega sárt en líka partur af þessu öllu. Götulist er mjög berskjölduð en hún er líka í umhverfi þar sem enginn verndar hana. Þess vegna hefur hún svo sterk áhrif, hún nær til margra en er veik fyrir." **kristrun@frettabladid.is**

**LISTIN Á RÚNTINUM** Listaverk Súrkúlu prýddu strætisvagn á dögunum.

FRJÁLSI
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is
VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006
Fíton/SÍA

RÚVTOPS

# ÚTGÁFUSPUNI

Í BORGARLEIKHÚSINU

# SNIGLABANDIÐ

ÁSAMT EINVALALIÐI
Á STÓRTÓNLEIKUM

FIMMTUDAGINN
23. NÓVEMBER KL. 21:00

FORSALA MIÐA HAFIN Í BORGARLEIKHÚSINU
OG Á MIÐI.IS

Aukalag!
Kæri Jón

~~2.199~~
1.999

NÚ ER RÚVTOPS
Á SÉRSTÖKU VERÐI Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

SKÍFAN Í 30 ÁR

RADAR

# Eragon snýr aftur

**BÆKUR**

**Eragon: Öldungurinn**

Christopher Paolini

JPV

★★★★★

Niðurstaða: Spennandi og töfrandi ævintýrabók.

**Sigurþór Einarsson**
**Nemandi í 10. bekk Hlíðaskóla og sérlegur áhugamaður um bókmenntir.**

Christopher Paolini byrjaði að skrifa þegar hann var aðeins fimmtán ára gamall. Þremur árum seinna kom út eftir hann bókin Eragon, sem skaust upp í fyrsta sæti á metsölulista New York Times. Þess má geta að myndin eftir Eragon verður heimsfrumsýnd 15. desember næstkomandi. Christopher vann í önnur þrjú ár að annarri bókinni og nú er hún loksins komin út í íslenskri þýðingu Guðna Kolbeinssonar.

Drekariddarinn Eragon hefur fellt illmennið Durza í dvergaborginni Farthen Dur en ekki án þess að það skilji eftir sig mark á honum. Langt ör frá hægri öxl hans að vinstri mjöðm hefur gert hann bæklaðan. Ný stjórnarskipan verður í uppreisnarmönnum Varðanna áður en Eragon fer úr Trónheimi til álfanna í Ellesméra til að halda þjálfun sinni áfram með drekanum Safíru og dvergnum Olrik. Á meðan koma Rasakkarnir til Carvahall með herflokk og byrja að spyrja þorpsbúa um Roran. Svo kemur til blóðugra átaka og íbúar Carvahall fylkja sér um Roran sem leiðtoga og halda burt úr Palancardal.

Eragon: Öldungurinn er stórfenglegt skáldverk þar sem stríð, töfrar og ástin ráða ríkjum og stendur svo sannarlega undir væntingum. Hún er töluvert blóðugri og þroskaðri en fyrri bókin og hentar vel fyrir fólk 12 ára og eldri.

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS** Nýtt verk. MYND/RAFAEL PINHO

# Sprettur fyrir Ungfóníu

Ungfónían – Sinfóníuhljómsveit unga fólksins – frumflytur nýtt verk eftir Tryggva M. Baldvinsson á tónleikum annað kvöld. Verkið nefnist Sprettur og er sérstaklega samið fyrir hljómsveitina og er verkið tileinkað sveitinni og stjórnanda hennar, Gunnsteini Ólafssyni. „Verkið hefur yfir sér tápmikið yfirbragð, enda fannst mér annað óhugsandi þegar um Ungfóníuna ræðir. Nafn verksins er því bein tilvísun í karakter þess. Sprettur hefst á hægri upphitun, en svo er rokið á stað yfir hæðir og hóla. Eftir nokkra hvíld á hæsta punkti, þar sem hljóðfæraleikararnir okkar kastar mæðinni, er lokaspretturinn tekinn og markinu náð á síðustu dropunum," segir tónskáldið.

Auk þess er konsert fyrir selló og hljómsveit í D-dúr eftir Joseph Haydn og sinfónía Mozarts nr. 40 í g-moll á efnisskrá kvöldsins. Einleikari með hljómsveitinni er Margrét Árnadóttir sellóleikari, en hún lauk nýverið námi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er sjálfstætt starfandi hljómsveit, stofnuð fyrir réttum tveimur árum eða í nóvember 2004. Hún er skipuð nemendum á höfuðborgarsvæðinu sem lengst eru komnir í hljóðfæranámi í tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu. Hljómsveitin hefur haldið tónleika í Reykjavík, á Selfossi, í Keflavík, Reykholti í Borgarfirði, á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði og í sumar sem leið frumflutti hún hér á landi óperuna Galdraskyttuna eða Der Freischütz eftir Weber í Þjóðleikhúsinu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík.

Tónleikarnir fara fram í Neskirkju og hefjast kl. 20 annað kvöld.

**-khh**

# Aragrúi sjónarmiða

Í hádeginu á morgun heldur Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, erindi í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins. Hann fjallar þar um hugmyndir sagnfræðinga um hlutlægnishugtakið og spyr hvort því sé viðbjargandi á okkar póstmódernísku tímum.

Í útdrætti Guðmundar segir: „Allt frá því að sagnfræðin gerði tilkall til þess að teljast til vísinda á 19. öld hefur hlutlægnishugtakið verið miðlægt í þekkingarfræði greinarinnar. Sagnfræðingar töldu að hægt væri að komast að öruggum, hlutlægum sannleika um fortíðina með rannsóknum á heimildum og vönduðum vinnubrögðum, umfram allt heimildarýni. Viðhorf og gildismat sagnfræðingsins kæmu þar ekki nærri. Þessi pósitíva vísindahugmynd hefur ekki staðist tímans tönn og á síðustu áratugum hafa verið uppi miklar efasemdir um að sagnfræðin geti yfirleitt fært okkur haldgóða þekkingu á fortíðinni. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að söguleg frásögn sé bara sjónarmið þess sem hana skrifar, sagan sé því ekkert annað en aragrúi af sjónarmiðum."

**GUÐMUNDUR JÓNSSON SAGNFRÆÐINGUR** Er söguleg frásögn alltaf sjónarmið?

Fyrirlesturinn hefst kl. 12.05 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Hringbraut og stendur í rétt klukkustund.

**- pbb**

# Úrslitin ráðast í Skrekk

Úrslitakeppni Skrekks, hæfileikakeppni grunnskólanna, fer fram í Borgarleikhúsinu í kvöld. Þetta er í sextánda skipti sem keppni þessi fer fram, en umfang hennar hefur vaxið með hverju ári. Tuttugu og sjö skólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt og í kvöld keppa sex skólar til úrslita. Nemendur hafa lagt hart á sig undanfarnar vikur við að semja og æfa atriðin en þau eru jafn fjölbreytt og skólarnir eru margir en oftast fela atriðin í sér leiklist, söng og dans.

Hvert atriði má vera sjö mínútur að lengd og þrjátíu og fimm manns mega taka þátt í flutningi þess. Nemendur skólanna semja atriðin sjálfir og aðeins þeir mega taka þátt í sýningunni.

Nemendur Álftamýrarskóla, Árbæjarskóla, Hagaskóla, Hvassaleitisskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla keppa um Skrekkinn, verðlaunagripinn í keppninni, og verður án efa fjölmennt í Borgarleikhúsinu í kvöld og feikna stemning.

**NEMENDUR ÚR ÁRBÆJARSKÓLA** Dramatískur dauði. MYND/ITR

Þeir sem fá ekki miða í Borgarleikhúsið geta horft á beina útsendingu frá lokakvöldinu á sjónvarpsstöðinni Sirkus og hefst útsendingin kl. 20.

**Sigurþór Einarsson**

# Stafræn Strandvegaganga

Félagarnir víðförlu Jón Eggert Guðmundsson og Sigfús Austfjörð lögðu að baki 3.446 km í svokölluðum Strandvegagöngum í sumar og fyrrasumar þegar sá fyrrnefndi stikaði meðfram strandvegum landins til styrktar Krabbameinssamtökum Íslands.

Nú hafa þeir Jón Eggert og Sigfús gefið út ferðasögu sína á stafrænu formi, ferðabók þeirra er nú fáanleg á geisladiski þar sem dagbókarfærslur Sigfúsar úr ferðinni eru birtar ásamt fjölmörgum myndum og öðrum fróðleik.

Sumarið 2005 gekk Jón Eggert tæpa þúsund kílómetra á rúmum fimm vikum en í sumar gekk hann 2.450 km á þremur og hálfum mánuði. Víst var þetta mjög svo viðburðarríkur tími sem Sigfús skráði samviskusamlega og greinir hann bæði frá líðan þeirra félaga, samferðafólki og framvindu ferðalagsins. Lýsingarnar eru einkar litríkar en þar er ympraað á jafn ólíkum hlutum og mikilvægi góðs matarræðis, árásum „hins fljúgandi fjanda" og lögulegu selfyssku kvenfólki.

**JÓN EGGERT Á FARTINNI** Gengið yfir ána Gígju. MYND/SIGFÚS AUSTFJÖRÐ

Bókin er einkar aðgengileg en hún er vistuð á word-skjali og segir Sigfús Austfjörð það ekki til vansa ef fólk vill breyta henni, stækka letur eða hnika til myndum. Ferðasagan er nú fáanleg í verslunum Pennans Eymundsson.

**-khh**

# heima er best!

“ Ég er nú enginn safnari en það er ótrúlegt hvað hleðst upp af hlutum **heima** hjá manni í gegnum árin, svo vill maður engu henda því hver gripur hefur sína sögu. ”

*Laddi*

Calligaris
La Grande Casa Per La Casa

skenkur: Calligaris. 159.000 kr.

Höfum opnað stærri verslun með enn fjölbreyttara úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að **Síðumúla 30**
**Komdu við, úrvalið kemur á óvart.**

heima

síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,
Sjón og Messíönu Tómasdóttur

2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 23/11 kl. 20 UPPS. Sun 3/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið frumsýnir Blóðbrúðkaup.
Fös 24/11 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Lau 25/11 kl. 20 Miðaverð 1.500.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 25/11 kl. 14 Síðasta sýning.
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Fös 24/11 kl.20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

AMADEUS
Lau 25/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21 Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MOZART TÓNLEIKAR
Sun 26/11 kl. 15 Miðaverð 1.000

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 25/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 nokkur sæti laus, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jól.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 23/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 örfá sæti laus. Aukasýningar fös. 8/12 örfá sæti laus og lau. 9/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 24/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 uppselt. Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Fös. 24/11 kl. 20:00 uppselt. Allra síðasta sýning!

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 nokkur sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 örfá sæti laus, lau. 9/12 kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30 örfá sæti laus og kl. 16:00, sun. 10/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:30 uppselt, lau. 16/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 17/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst í kvöld 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

allt auglýsingasími
550 5880

# Skuggalegt víravirki

SIGURJÓN MAGNÚSSON

Sigurjón Magnússon lét lítið fyrir sér fara á ritvellinum framan af og var kominn á miðjan fimmtugsaldur þegar Bjartur gaf út frumraun hans, Góða nótt Silja, rétt fyrir aldamót. Síðan þá hafa þrjár bækur eftir hann litið dagsins ljós, Hér hlustar aldrei neinn (2000), Borgir og eyðimerkur (2003) sem er söguleg skáldsaga byggð á ævi Kristmanns Guðmundssonar rithöfundar, og nú Gaddavír.

Sögur Sigurjóns eiga það sammerkt að vera tiltölulega stuttar; Gaddavír sker sig ekki frá að því leyti, fyllir tæpar 150 síður með drjúgu línubili. Höfundurinn nýtir hins vegar plássið vel, í stað þess að hlaupa langt kafar Sigurjón djúpt. Hér segir frá Hrafni, drykkfelldum presti sem er að skríða á miðjan aldur í ótilgreindri sveit fyrir austan, þvinguðum samskiptum hans og Þrúðar organista. Skuggalegir atburðir settu sitt mark á þeirra fyrstu kynni – og reyndar sveitina alla – og hafa vokað yfir allar götur síðan.

Strax á fyrstu síðum slær Sigurjón myrkan tón, helsti styrkur hans er lag á að láta að merkingunni liggja í stað þess að færa hana í orð. Sigurjón er afbragðs stílisti, textinn er kjarnyrtur og snyrtilegur en jafnframt hlaðinn táknum og háska. Dýptin liggur í hinu ósagða og eftir því sem dimmmir kemur meira í ljós. Þetta er afskaplega íslensk saga, bæði hvað tungutakið snertir og umhverfið sem höfundur velur sögunni; jafnvel dálítið gamaldags en í góðum skilningi þess orðs.

Persónur bókarinnar eru laskaðar manneskjur; fólk sem hefur orðið fyrir hnjaski einhvern tímann á lífsleiðinni og ekki borið sitt barr síðan. Gaddavír hefur líka samfélagslegan undirtón því þetta er áleitin og sterk saga um þöggun; meinsemd sem fær að taka sér bólfestu og heldur áfram að eitra út frá sér. Þá er ástæða til að hrósa vel heppnaðri kápuhönnun, sem við fyrstu sýn kann að virðast fráhrindandi en leggst á eitt með innihaldinu og þyngir undirölduna.

**Bergsteinn Sigurðsson**




**BÆKUR**
**Gaddavír**
Sigurjón Magnússon
Bjartur
★★★★
Frábærlega skrifuð og áleitin saga um laskaðar manneskjur og undirliggjandi meinsemdir.

# Sufjan sveif vængjum þöndum

Sufjan Stevens er án efa með merkustu tónlistarmönnum sem komið hafa fram á sjónarsviðið í alllangan tíma. Heimsóknar hans hingað til lands hefur því verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hefur svo mikið verið skrifað og sagt um þennan mikla meistara og þá ekki síst um tónleika kappans. Væntingarnar voru því meiri en góðu hófi gegnir.

St. Vincent, gítar- og hljómborðsleikari Sufjans, sá um að hita mannskapinn upp og gerði það ágætlega. Lögin hennar voru reyndar ekkert sem maður tók andköf yfir en St. Vincent sýndi skemmtilega takta á gítarnum sem hljómaði vel í Fríkirkjunni. St. Vincent var jafnframt sæt, krúttleg og einlæg og ég sé ekki að hægt sé að lasta hana fyrir slíkt. Því næst tók við stutt bið eftir Sufjan sem síðan steig upp á sviðið (sem var vel upphækkað þannig að allir sáu almennilega) ásamt prúðu liði níu meðleikara sem allir voru í fallegum búningum, skreyttum stórum vængjum og höfðu auk þess glamúrlegar fiðurandlitsgrímur. Fyrstu tónarnir tóku að hljóma og gæsahúðin gerði vart við sig. Hún hélt sér síðan sleitulaust næstu tvo tímana eða svo.

Tónleikarnir voru nefnilega allir magnþrungnir og í raun væri það alltof tímafrekt að fara út í öll þau smáatriði sem gerðu tónleikana að þeirri upplifun sem þeir reyndust vera. Hvert lag fyrir sig var frábærlega vel útsett, keyrt af krafti og fágun. Sufjan sjálfur sýndi svo allar sínar bestu hliðar. Sagði skemmtilegar sögur, söng undurfallega en var umfram allt mannlegur og hélt áhorfendum þétt að sér. Þegar upp er staðið stóð Sufjan svo sannarlega undir öllum þeim væntingum sem til hans voru gerðar og það sem meira er, hann fór langt fram úr þeim. Eini mínusinn við tónleikana var sá að maður var frekar lengi að komast út úr Fríkirkjunni (Sykurmolarnir biðu) en maður getur nú varla hirt fimmtu stjörnuna af Sufjan fyrir slíkt smáræði.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

**TÓNLEIKAR**
**Sufjan Stevens**
Fríkirkjan, föstudagurinn 17. nóvember 2006
★★★★★
Tónleikar sem höfðu allt sem góðir tónleikar hafa upp á að bjóða.

náum áttum
nýr fundarstaður!
GRAND hótel
skráningar fyrir kl. 17 þriðjudag
www.lydheilsustod.is/skraning

MORGUNVERÐARFUNDUR

Ábyrgð og umfjöllun fjölmiðla um ofbeldi og vímuefnamál

Samstarfshópurinn NÁUM ÁTTUM heldur fræðslufund um ábyrgð og umfjöllun íslenskra fjölmiðla um ofbeldi og vímuefnamál á GRAND hótel

miðvikudaginn 22. nóvember n.k. kl. 08.15 til 10.00

ERINDI Fundarstjóri Salbjörg Bjarnadóttir

1. Katrín Óskarsdóttir, móðir:
erindið heitir: afi, amma, pabbi og mamma
2. Þorbjörn Broddason, prófessor HÍ: •
erindið heitir: fjölmiðlar: staðgenglar kirkju og skóla ?
3. Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2:
erindið heitir: fólk í fréttum

opnar umræður í lok fundarins

ÞÁTTTAKA OPIÐ Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

Þátttökugjald kr. 1.500 sem þarf að staðgreiða. Morgunmatur er innifalinn í gjaldinu.
Ath! Fyrirtæki eða stofnanir geta fengið sendan reikning fyrir þátttökugjaldi einungis gegn beiðni sem skilað er á staðnum.
Morgunverðarfundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.
Skráning fer fram á www.lydheilsustod.is/skraning

NÁUM ÁTTUM er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál sem í sitja:
Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, Félag grunnskólakennara, Ríkislögreglustjóri, Barnaverndastofa, Ný leið - ráðgjöf, Rannsóknastofa um mannlegt atferli HÍ, Forvarnanefnd Reykjavíkurborgar, Félagssvið Akureyrarbæjar, Rauði kross Íslands, Vímulaus æska, Bindindissamtökin IOGT, Heimili og skóli, Fræðslumiðstöð í fíknvörnum FRÆ, Þjóðkirkjan, Lögreglan í Reykjavík og Jafningjafræðslan.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**
NÓVEMBER
18 19 20 **21** 22 23 24
**Þriðjudagur**

**LEIKLIST**

☐ 20.30 **Leikfélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki** sýnir um þessar mundir söngleikinn **Draumalönd** eftir **Guðbrand Ægi Ásbjörnsson** sem leikstýrir einnig verkinu. Sýningar fara fram í sal skólans.

**SÝNINGAR**

☐ 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg**. Á sýningunni er rakin þróunin í málverkinu frá upphafi níunda áratugs tuttugustu aldar fram til dagsins í dag. Á sýningunni eru á annaðhundrað verk eftir 56 listamenn. Sýningarstjóri er **Laufey Helgadóttir**, listfræðingur og aðstoðarsýningarstjóri **dr. Halldór B. Runólfsson.**

☐ 11.00 **Georg Guðni** sýnir ný málverk og kolateikningar í **Gallerí Turpentine** við **Ingólfsstræti**.

☐ 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14-18

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Vesturportsleikhópurinn á sífelldum faraldsfæti

Leikflokkur Vesturports fer til Þýskalands á föstudag en þar mun leikhópurinn sýna leikritið Woyzeck á listahátíð í Ludwigshafen. Þaðan liggur leiðin til Stavanger í Noregi og verða þar sýningar á Rómeó og Júlíu.

Vesturport-flokkurinn hefur farið víða með sýningar sýnar, en nýlega lauk sýningarhaldi í London á Umbreytingunni eftir Kafka sem hluti hópsins tók þátt í. Þá hefur annar hluti leikflokksins verið að sviðsetja á Pétri Gaut í Kassa Þjóðleikhússins.

Kvikmynd leikflokksins, Foreldrar, er nú á lokastigi í klippingu og verður frumsýnd í febrúar á næsta ári.

Listahátíðin í Ludwigshafen stendur í sjö vikur í vetrarbyrjun og þangað er boðið fjölda listamanna frá ýmsum löndum. Vesturport er þar í félagi við ítalskan dansflokk sem sýnir sína útgáfu af Rómeó og Júlíu, svissneskt brúðuleikhús sem gerir sér mat úr hinni fornþýsku mummenchanz-hefð, þar verður Evripídes leikinn á slóvensku og Shakespeare á portúgölsku, Hunangsilmur eftir Shelagh Delaney á þýsku, í stjórn Peter Zadek, svo nokkur atriði séu nefnd.

Sviðssetningar Gísla Arnar Garðarssonar voru unnar í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur en á bak við Vesturport stendur framleiðslufyrirtækið Artbox. Starfsemi Vesturports er studd með styrkjum frá Reykjavíkurborg og leiklistarráði. Ekki er ljóst á þessu stigi hvert framhald verður á starfsemi flokksins en hann er háður framlagi einkaaðila og opinberra styrkja.

Ótvírætt er að starfsemi þessa hóps hefur hrist upp í íslensku leikhússamfélagi, ekki síst með tíðum dvölum flokksins erlendis við sýningahald og samstarfi þeirra við erlend leikhús. -pbb

**RÓMEÓ OG JÚLÍA ERU ENN Á FERÐ UM EVRÓPU** Nína Dögg og Ólafur Darri í hlutverkum sínum sem Júlía og fóstra hennar. FRETTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL

Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Allra síðustu sýningar - Takk fyrir frábærar viðtökur!!

**Fim. 23. nóv.** næstsíðasta sýning
**Fös. 24. nóv.** Allra síðasta sýning.

"Sýningin veitti mér bæði orku og bjartsýni til framtíðarinnar og enginn ætti að láta hana fram hjá sér fara." Birna Bergsdóttir varaformaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.

*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*

*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

Draumasmiðjan
og
Hafnarfjarðarleikhúsið

**VIÐTALIÐ**

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu
**23. nóvember kl. 20:00**
*SÍÐASTA SÝNING*

Miðapantanir: 555 2222
(símsvari) eða á midi.is

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
**OPIÐ**
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

**Sýnt í lðnó**

| | | |
|---|---|---|
| Fim. uppselt | 23. nóv. | Miðasala virka daga |
| Fös. örfá sæti | 24. nóv. | frá kl. 11-16 og |
| Lau. örfá sæti | 25. nóv. | 2 tímum fyrir sýningar. |
| | | Sími 5629700 |
| "Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri." S.A. TMM | | idno.is og midi.is |
| | | Sýningar kl. 20 |




sun. 19. nóv. -uppselt
fim. 23. nóv. -aukas. uppselt.
fös. 24. nóv.
lau. 25. nóv.
lau. 2. des.
sun. 3. des.

BAUGUR GROUP

Þriðja úthlutun

## STYRKTARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF.

### AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM

**Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum.**
**Það verður m.a. gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.**

Áhugasamir aðilar sem uppfylla ofangreind skilyrði eru hvattir til að senda inn umsókn ásamt stuttri greinargerð.
Samanlögð lengd umsóknar og greinargerðar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknum skal skilað fyrir 15. desember n.k. til:

Styrktarsjóður Baugs Group hf.,
b.t. Soffíu Lárusdóttur,
Túngötu 6, 101 Reykjavík

eða á netfangið **styrktarsjodur@baugurgroup.com**.

Úthlutun fer fram í janúar.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson, en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir.
Ritari stjórnar sjóðsins er Soffía Lárusdóttir.

hzeta ehf

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Casino-kvöld hjá Senu

Það var búið að breyta Listasafni Reykjavíkur í Casino á laugardagskvöldið í tilefni af útgáfupartíi Senu. Fjöldi fólks mætti í sínu fínasta pússi enda voru inngangsskilyrði í partíið að vera í kjól og hvítu.

Boðsgestir fengu að líta væntanlegar útgáfur fyrirtækisins á sviði kvikmynda og tónlistar sem vöktu mikinn fögnuð auk þess sem gestir gátu spreytt sig við spilaborðið.

Plötusnúðarnir Margeir og Jón Atli héldu síðan uppi stuðinu fram eftir nóttu.

**TÓNLISTARKONAN** Lovisa betur þekkt sem LayLow hefur átt mikillar velgengi að fagna og hafði því ástæðu til að brosa á laugardagskvöldið.

**HRESSIR** Siggi, hljómborðsleikari í hljómsveitinni Hjálmum, var prúðbúinn ásamt vini sínum sínum sem var ekki síðri.

**GÓÐIR** Útvarpsmennirnir Bragi Guðmundsson og Heiðar Austmann voru að sjálfsögðu mættir til leiks klæddir svörtu og hvítu.

FRÉTTBLAÐIÐ/DANÍEL

**SÆT OG FÍN** Davíð Þór Jónsson var mættur ásamt kærustu sinni, Þórunni Grétu Sigurðardóttir.

BUBBI
06.06.06

Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD.
Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1**.

Verið velkomin í næstu verslun.
Vodafone

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

Fíton/SÍA FI019020

# Stjörnuskin í Bracciano

**Eitt stærsta brúðkaup ársins fór fram í smábænum Bracciano þegar Tom Cruise gekk að eiga Katie Holmes að viðstöddum 150 nánum vinum og fjölskyldumeðlimum.**

**GLÆSILEG BRÚÐHJÓN** Katie Holmes og Tom Cruise eru án nokkurs vafa eitt vinsælasta par síðari tíma.

Á Ítalíu hefur allt verið á öðrum endanum eftir að Cruise og hans hersing kom til Rómar en þá varð ljóst að hann hygðist ganga í það heilaga í Bracciano á laugardag. Cruise er ákaflega vinsæll í Róm og mætir vanalega á frumsýningar á myndum sínum þar í borg. Íbúar Bracciano voru ekki síður kátir þegar Cruise pantaði fimmtándu aldar kastala undir athöfnina og hafa bæjarbúar varla getað þverfótað fyrir útsendingarbílum og ljósmyndurum auk blaðamanna.

Samkvæmt fréttavef BBC klæddist Katie Holmes glæsilegum kjól frá Giorgio Armani eins og reiknað hafði verið með og Cruise var í jakkafötum frá ítalska snillingnum. Stórsöngvarinn Andrea Bocelli söng síðan nokkur vel valin lög fyrir hin nýgiftu en þegar öllu var lokið var gríðarlegu magni af flugeldum skotið upp í loftið við mikinn fögnuð viðstaddra, utan veggja sem innan. Að sögn hönnuðarins Giorgio entist koss hinna nýgiftu þó lengur en flestir eiga að venjast og voru gestirnir farnir að biðja parið um að hætta þessu kossaflensi undir lokin.

Bæjarstjóri Bracciano var heldur ekki par sáttur við Cruise og Holmes. „Hér hafa bæjarbúar lagst á eitt við að gera þetta að eftirminnilegum degi en þau láta varla sjá sig opinberlega," sagði bæjarstýran Patrizia Riccioni og bætti því við að hvorki Cruise né Holmes kæmu til greina sem heiðursborgarar fyrir óliðlegheitin. Þá er því haldið fram í bandarískum fjölmiðlum í gær að brúðkaupið hafi eingöngu verið sett á svið fyrir fjölmiðla því Vísindakirkjan geti ekki gefið pör löglega saman. Þau hafi því í raun látið gifta sig að borgaralegum hætti í Los Angeles fyrir tveimur vikum.

Varla varð þverfótað fyrir stórstjörnum í Bracciano en meðal þeirra sem voru á gestalistanum voru Will Smith, Jim Carrey, Jennifer Lopez og Richard Gere. Þá vakti það jafnframt furðu margra að Brooke Shields var boðið en Cruise og leikkonan áttu í hörðum deilum vegna þunglyndislyfja sem Shields tók inn eftir að hafa eignast fyrsta barn sitt. Nærvera Davids Beckham olli hins vegar töluverðum titringi innan herbúða stórliðsins Real Madrid og var kappinn sóttur aftur til Madridar. Neyddist því fyrrverandi fyrrverandi fyrirliði enska landsliðsins til að sitja uppi í stúku þegar lið hans sigraði Racing Santander á meðan eiginkona hans, Victoria, spókaði sig um í brúðkaupinu. Jafnframt vakti það furðu fjölmiðla að spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey skyldi ekki fá boðskort en það var einmitt í þætti hennar sem vangaveltur um bresti í geðheilsu Tom Cruise fóru á kreik. Þeir sem græddu hins vegar mest á öllu þessu fjaðrafoki voru íbúar smábæjarins Bracciano sem nú selja krukkur, glös, bolla og aðra minjagripi til minningar um þetta sannkallaða stjörnubrúðkaup.



**FLUGELDASÝNINING** Hún var glæsileg sýningin sem boðið var upp á eftir að prestur úr Vísindakirkjunni hafði gefið Cruise og Holmes saman.



**HORFT TIL AÐDÁENDA** Katie Holmes virðir fyrir sér þann mikla múg sem safnaðist saman fyrir framan kastalann í Bracciano.

**ÓVÆNTUR GESTUR** Margir hafa eflaust ekki búist við því að Brooke Shields fengi boðskort eftir orrahríðina á milli hennar og Cruise en þau virðast hafa grafið stríðsöxina og var Shields mætt ásamt manni sínum Chris Henchy.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**SMITH HJÓNIN** Will Smith og eiginkona hans Jada Pinkett voru í sínu fínasta pússi þegar þau komu í brúðkaupið

**DAVID VAR SENDUR HEIM** Victoria var ein í brúðkaupinu eftir að eiginmaður hennar, David Beckham, var kallaður til æfinga hjá Real Madrid.

# SIRKUS SJÓNVARPS-STJARNA ÍSLANDS*




*DAGBÓKARÁKÖNNUN CAPACENT - OKTÓBER 2006

16 - 39 ÁRA

MY NAME IS EARL

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

RESCUE ME

VANISHED

NÝTT, SPENNANDI OG SKEMMTILEGT SJÓNVARPSEFNI
ER EINA ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SIRKUS TÓK

**33% STÖKK**

Í ÁHORFI Á MILLI KANNANA

**SIRKUS - FYLGSTU MEÐ!**

SIRKUS TV

# Einn af þeim stóru

Savane er síðasta verk afríska blúsbóndans Ali Farka Touré sem lést í mars sl. Tónlistarmenn frá Malí hafa verið mikið í umræðunni undanfarin ár, þeirra á meðal Ali sem vakti fyrst athygli á Vesturlöndum á níunda áratug síðustu aldar. Hann var þá kominn á fimmtugsaldurinn og var uppgötvaður nánast fyrir tilviljun. Ali hefur oft verið kallaður „hinn afríski John Lee Hooker“, en þó það megi finna eitt og annað sameiginlegt með þessum tveimur snillingum þá nær sú samlíking engan veginn utan um þann galdur sem maður upplifir þegar maður hlustar á Savane.

Ali Farka Touré hefur gert sum af sínum þekktustu verkum einn með gítarinn, eða með einn til tvo spilara með sér. Á Savane hefur hann hins vegar með sér fjölda tónlistarmanna sem syngja bakraddir og spila á ýmis hljóðfæri, bæði hefðbundin vestræn hljóðfæri og afrísk strengja- og áslátthljóðfæri. Tónlistin er sambland af blús eins og maður þekkir hann frá bandarískum blökkumönnum og malískri tónlist. Lögin eru hvert með sínu sniði. Sum þeirra eru einföld og blátt áfram, en í öðrum krauma afrískir ryþmar undir, t.d. í fyrsta laginu, hinu magnaða Erdi sem minnir helst á Captain Beefheart.

Öll eiga þessi lög það samt sameiginlegt að þau virka sterkt á mann. Það er eitthvað fullkomið við þessa blöndu af tónlist sem maður gjörþekkir og tónlist sem er manni framandi. Ólíkt þessari dæmigerðu blúsplötu sem rígheldur sér í hefðina er Savane full af spennandi uppgötvunum. Og Ali er náttúrulega frábær söngvari og hljóðfæraleikari. Einn af þeim stóru.

Savane er að mínu mati hiklaust ein af fimm bestu plötum ársins 2006. Óvænt ánægja þar sem ég þekkti lítið til tónlistar hans áður en ég heyrði Savane. Nú fer maður í að kynna sér allar hinar plöturnar með honum.

**Trausti Júlíusson**

**TÓNLIST**

**Savane**

Ali Farka Touré

★★★★★

Þessi síðasta plata afríska blúsbóndans er hiklaust ein af plötum ársins 2006. Mögnuð blanda af hinu þekkta og hinu framandi; -blús og afrískri tónlist.

**HAPPY FEET** Teiknimyndin fór beint á toppinn í Bandaríkjunum og sló þar við Casino Royale. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mörgæsir slógu út sjálfan James Bond

Mörgæsamyndin Happy Feet var vinsælli en nýjasta Bond-myndin Casino Royale eftir fyrstu sýningarhelgi beggja myndanna í Bandaríkjunum.

Happy Feet, sem er teiknimynd, fjallar um mörgæs sem er góð í steppdansi. Þau Hugh Jackman og Nicole Kidman ljá aðalpersónum myndarinnar raddir sínar. Leikstjóri er George Miller, sem framleiddi Mad Max og Babe-myndirnar. Hafa margir líkt Happy Feet við heimildarmyndina March of the Penguins, sem fékk óskarsverðlaun í fyrra. Gamanmyndin Borat, sem var á toppnum í síðustu viku, lenti í þriðja sæti á listanum. Casino Royale náði inn minni pening en síðasta Bond-mynd, Die Another Day, en meiri en þær tvær sem komu á undan henni, The World is Not Enough og Goldeneye.

**MAGNI** Magni og félagar úr Rock Star-þættinum spila í Höllinni á tvennum tónleikum.

# Miðasala á Magna í dag

Aukatónleikar með þátttakendum úr raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova verða haldnir í Laugardalshöll 1. desember.

Fyrri tónleikarnir verða haldnir 30. nóvember og vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að bæta við öðrum tónleikum. Magni, Dilana, Toby, Storm og húsbandið úr Rock Star: Supernova mæta til leiks, auk þess sem hljómsveitin Á móti sól mun hita upp með lögum af væntanlegri safnplötu sinni. Miðasala á aukatónleikana hefst í dag klukkan 12.00 á midi.is og í verslunum Skífunnar. Einnig er hægt að nálgast þá í BT á Akureyri og Egilsstöðum.




| SCANNER DARKLY | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 9 | B.i. 16 |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 7 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| CASINO ROYALE | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 7:30 - 10:30 | B.i.16 |
|---|---|---|---|---|---|
| CASINO ROYALE VIP | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | | THE LAST KISS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4 - 5:45 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i.12 |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | DIGITAL |
|---|---|---|---|
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| CASINO ROYALE | kl. 7 - 10 | B.i. 12 |
|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| VEGGIE TALES M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 8 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl 8 | B.i.12 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
gildir ekki á íslenskar myndir né í VIP

SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is (575 8900) www.sambioin.is


# Heather opnar sig

Fyrirsætan Heather Mills gerir nú allt hvað hún getur til að bæta ímynd sína eftir að hafa fengið slæma útreið í breskum fjölmiðlum vegna skilnaðarins við Paul McCartney.

Mills mætti í viðtal við sjónvarpsstöðina Extra þar sem fyrirsætan vísaði því á bug að hún væri eingöngu á höttunum eftir auðævum fyrrverandi eiginmanns síns. „Ég varð ástfangin af eðlilegum ástæðum, ég elskaði hann skilyrðislaust," sagði Mills. „Mestur hluti af mínum launum og öðrum tekjum rennur til góðgerðarmála," bætti hún við. „Ef ég væri bara á eftir peningum ætti ég stórar og þykkar bankabækur. Ég er hins vegar góð móðir, bara góð manneskja yfirhöfuð," lýsti Mills yfir. Hún lýsti því jafnframt yfir að það væri enginn nýr maður í lífi hennar en bresku götublöðin hafa haldið því fram að Mills væri í tygjum við einkaþjálfara sinn Ben Amigoni. „Ég ætla aldrei að gifta mig aftur og er ekki ástfangin," sagði Mills ákveðin.

**HEATHER MILLS** Var í sjónvarpsviðtali á afþreyingarstöðinni Extra þar sem hún sagðist ekki sækjast eftir auðævum Paul McCartney.

Í sunnudagsútgáfu Daily Mirror er því haldið fram að Mills ætli að bjóða fjörutíu gestum í afmælisveislu til Slóveníu en talið er að herlegheitin muni kosta í kringum hundrað þúsund pund, sem samsvara í kringum þrettán milljónum íslenskra króna. Mirror segir að með þessu vilji Mills þakka vinum sínum fyrir veittan stuðning en ónafngreindur heimildarmaður bætir því við að þarna gefist henni einnig tækifæri til að vinna sameiginlega vini þeirra Pauls á sitt band.

# Ferna frá Megasi

Plötur Megasar, Hættuleg hljómsveit og glæpakvendið Stella (1990), Þrír blóðdropar (1992) og Drög að upprisu (1994) hafa verið endurútgefnar. Auk þess kemur út tónleikaplatan Greinilegur púls sem var hljóðrituð á tónleikum Megasar með kjarna Sykurmolanna á Púlsinum árið 1991. Þessi merka upptaka hefur aldrei verið gefin út áður.

**MEGAS** Tónlistarmaðurinn Megas hefur gefið út fjölmargar vel heppnaðar plötur í gegnum árin.

Þetta er í annað sinn sem Íslenskir tónar senda frá sér veglegar endurútgáfur á plötum Megasar en árið 2002 komu tíu fyrstu sólóplötur meistarans út ásamt miklu aukaefni. Þessar þrjár plötur eru þær sömu og komu út í kjölfar þeirra tíu fyrstu á sínum tíma.

Á nýju útgáfunni af Hættulegri hljómsveit og glæpakvendinu Stellu má finna heila aukaplötu sem Megas kallar Óspillt Stella, ung og stök. Sú geymir frumupptökur nánast allra laga plötunnar.

Endurútgáfa Þriggja blóðdropa skartar einnig fjölda aukalaga. Ný útgáfa plötunnar Drög að upprisu inniheldur einnig aukaplötu með tíu lögum sem ekki komu út á upphaflegu plötunni en á Drögum að upprisu lék Ný dönsk undir hjá Megasi á tónleikum í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

**GLEYMIN** Reese Witherspoon og Ryan Phillippe voru gift í sjö ár en ástæðan fyrir skilnaðinum var sú að þau gleymdu hvort öðru.

# Gleymdum hvort öðru

Leikkonan Reese Witherspoon hefur nú talað út um skilnað hennar og leikarans Ryans Phillippe en þau skildu fyrir stuttu. Witherspoon segir að ástin hafi verið til staðar hjá þeim báðum. „Þegar maður þarf að sinna fimmtíu hlutum á hverjum degi þá gleymir maður einhverju og við gleymdum hvort öðru í of langan tíma," segir Reese en skötuhjúin eiga tvö börn saman. Miklar sögusagnir hafa verið uppi um að Phillippe hafi haldið framhjá Witherspoon með mótleikkonu sinni Abby Cornish en Reese hefur neitað að tjá sig um það mál.





KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

Nýjar námsleiðir
á framhaldsskólastigi

Fjórar spennandi námsbrautir á framhaldskólastigi

**Hönnunarbraut**
Margþætt nám ætlað þeim sem vilja ná árangri í tölvuhluta myndmiðlaiðnaðarins. Ef þú hefur brennandi áhuga á tölvuleikjum og kvikmyndagerð þá er þetta brautin.

**Handritabraut**
Ertu hugmyndaríkur penni sem hefur mikinn áhuga á sjónvarpi og kvikmyndum? Vönduð braut ætluð þeim sem vilja rannsaka og virkja hæfileika sína á þessu sviði.

**Leiklistarbraut**
Við leitum að fólki með leikhæfileika sem er tilbúið að leggja allt á sig til að fullnýta getu sína. Spennandi nám sem er undirbúningur fyrir mörg framhaldssvið.
Kennsla hefst haustönn 2007

**Kvikmyndabraut**
Leitað er að leikstjórum og framleiðendum. Á markvissri braut hafa nemendur tækifæri til að nýta sköpunargleði og brennandi áhuga á kvikmyndaforminu til að framkalla töfra og ná hámarksárangri.

Nýttu tíma þinn vel

Myndmiðlaiðnaðurinn er sá sem vex hraðast í heiminum í dag. Ef þú vilt taka þátt í framtíðinni þá nærðu þér í menntun á þessu sviði.

12 nemendur verða teknir inn á hverja braut fyrir vorönn 2007.
Skólahald hefst 8. janúar.

Kvikmyndaskóli Íslands er á framhaldsskólastigi. Brautirnar eru tveggja ára og að meðaltali 70 einingar.

Hugsa sér!

Skráning í viðtöl í síma 533 3309
Nánari upplýsingar á www.kvikmyndaskoli.is

Kvikmyndaskóli Íslands | Laugavegi 176 | 105 Reykjavík | Sími: 533 3309 | kvikmyndaskoli.is

## > Eiður lofaður á Spáni

Frammistaða Eiðs Smára Guðjohnsen í leik Barcelona og Real Mallorca á sunnudagskvöldið er lofuð mikið í spænskum fjölmiðlum í gær en hann skoraði fyrstu tvö mörk liðsins í 4-1 sigri. Mikið er gert úr því að fyrir leikinn hafði lið Mallorca fengið á sig fæst mörk allra liða í deildinni og að Eiður hafi brotið þá sterku vörn á bak aftur. Íþróttablöðin Sport og Mundo Deportivo fara einnig mikinn í sínum umfjöllunum og birta flennistórar myndi af Eiði á forsíðum sínum.

**sport**

sport@frettabladid.is

ALLA GEORGIJSDÓTTIR GOKORIAN: LEGGUR SKÓNA Á HILLUNA VEGNA MEIÐSLA Á HNÉ

# *Vil snúa mér að þjálfun yngri flokka*

Handboltakonan Alla Georgijsdóttir Gokorian hefur nú neyðst til að hætta handboltaiðkun með meistaraflokki Vals vegna þrálátra meiðsla á hné. Hún hefur síðustu ár átt í miklum vandræðum, til að mynda slitið krossbönd tvívegis en ekki gengist undir aðgerð vegna þessa. Hún ætlaði upphaflega að hætta að loknu tímabili síðastliðið vor en ákvað að taka eitt ár til viðbótar. En lengra kemst hún ekki.

„Þetta hefur verið mjög erfitt og sérstaklega vegna þess hversu langan tíma ég hef glímt við þessi meiðsli," sagði Alla við Fréttablaðið. „Ég fann mikið til eftir leiki og sá að þetta gat ekki gengið lengur."

Hún fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir nokkrum árum en kom hingað fyrst árið 1999. Hún lék í þrjú tímabil með Gróttu/KR, önnur þrjú tímabil með ÍBV og svo Val undanfarið eitt og hálfa árið. Hún á að baki nokkra leiki með íslenska landsliðinu sem og aðal- og yngri landsliðum Georgíu.

„Ég bjóst kannski ekki við því að ég yrði hér jafn lengi og ég hef verið þegar ég kom hingað fyrst. En maður ræður sinni ferð sjálfur og þessi tími minn á Íslandi hefur verið frábær. Enda hef ég ekki annað í hyggju en að vera hér áfram."

Hún segir að íslenskur handbolti hafi batnað mikið undanfarin 2-3 ár, bæði vegna góðra ungra leikmanna og þeirra útlendinga sem hafa hingað komið til að leika með íslenskum liðum.

„Það þýðir að deildin er sterkari enda eru nú fleiri lið að berjast um titilinn en áður. Það er afar jákvætt."

Alla hefur hug á því að halda áfram að starfa innan handboltahreyfingarinnar þó svo að leikmannaferli hennar sé nú lokið. Hún hefur sérstaklega hug á að þjálfa börn og unglinga. „Ég hef áhuga á að snúa mér að þjálfun, sérstaklega þjálfun yngri flokka fyrst um sinn. Ég vil innleiða meiri tækni í þjálfun yngri flokka, hvað varðar hreyfingar, boltatækni og fleira í þeim dúr. Það er vitanlega leiðinlegt að ljúka ferlinum á þennan hátt en svona er einfaldlega handboltinn."

**IAN THORPE** Hér á Samveldisleikunum síðastliðinn vetur þar sem hann gat ekki keppt. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sundgarpurinn Ian Thorpe:

## Ian Thorpe að hætta keppni?

**SUND** Þrálátur orðrómur er á kreiki um að ástralski sundgarpurinn Ian Thorpe muni senn tilkynna, jafnvel í dag, að hann muni hætta keppni í íþróttinni. Thorpe er ekki nema 24 ára gamall en hefur sett ófá heimsmet og unnið til fimm gullverðlauna á Ólympíuleikum.

Meiðsli og veikindi hafa hrjáð Thorpe undanfarin misseri og hefur hann ekki keppt á stórmóti síðan á Ólympíuleikunum árið 2004. **- esá**

# Eggert kaupir West Ham í dag

**Eggert Magnússon mun í dag festa kaup á meirihluta hlutabréfa í enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham. Verður þetta tilkynnt á blaðamannafundi sem áætlað er að halda í dag. Eggert hættir í kjölfarið hjá KSÍ.**

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að samningar munu takast með fjárfestahópnum sem Eggert Magnússon fer fyrir og eigendum enska úrvalsdeildarfélagsins West Ham í dag. Áætlað er að halda blaðamannafund síðar í dag þar sem búist er við að þetta verði tilkynnt. Á föstudag munu stjórnarmenn félagsins hafa samþykkt óformlegt tilboð Eggerts eftir að hans hópur fékk að skoða bókhald félagsins.

Eggert hitti um helgina Terry Brown, núverandi stjórnarformann og eiganda stærsta hluta félagsins, þar sem hann staðfesti að hópurinn væri að undirbúa formlegt tilboð í West Ham. Það er talið hljóða upp á 75 milljónir punda, rúmlega tíu milljarða króna, auk þess sem skuldir upp á þrjá milljarða verða yfirteknar. Atkvæðamesti aðilinn í fjárfestahópi Eggerts er Björgólfur Guðmundsson, bankastjóri Landsbankans.

Eggert verður samkvæmt þessu næsti stjórnarformaður West Ham og mun í kjölfarið láta af formennsku í Knattspyrnusambandi Íslands og gefa eftir sæti sitt í framkvæmdanefnd Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA.

Hann hefur þegar hitt Alan Pardew, knattspyrnustjóra West Ham, að máli og kynnt honum fyrirætlanir sínar. Eggert hyggst halda tryggð við Pardew en West Ham hefur átt erfitt uppdráttar undir hans stjórn í ensku úrvalsdeildinni í haust. Pardew hefur margoft sagt að mikilvægt sé að ganga frá eigendaskiptunum sem fyrst til að binda enda á þá löngu óvissu sem hefur verið um framtíð félagsins.

Íraninn Kia Joorabchian var helsti keppinautur Eggerts í kapphlaupinu um West Ham en hann er maðurinn sem stóð á bak við komu Argentínumannanna Carlos Tevez og Javier Mascherano til West Ham í haust. Framtíð þeirra í West Ham virðist blandin óvissu verði Eggert næsti stjórnarformaður félagsins.

West Ham er þegar dottið úr UEFA-bikarkeppninni og deildarbikarkeppninni og situr í fimmta neðsta sæti deildarinnar.

Á hinum ýmsu spjallsíðum í Englandi kom fram skoðun stuðningsmanna West Ham um nýja eigendur félagsins. Langflestir fagna komu Eggerts og líst betur á þann hóp en hóp Joorabchian. Einn þeirra velti fyrir sér hvort þetta þýddi að vallargestir fengju fría kexköku í hálfleik heimaleikja West Ham en Eggert er þekktur bæði hér á landi og í Englandi sem fyrrverandi eigandi kexverksmiðju. **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

**ÞEIR ELSKA FÓTBOLTA** Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson eru næstu eigendur West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Bárður Eyþórsson sagði óvænt upp störfum hjá ÍR fyrir helgi:

# Farinn á sjóinn en er ekki hættur í körfubolta

**KÖRFUBOLTI** Bárður Eyþórsson sagði á föstudag upp störfum sem þjálfari úrvalsdeildarliðs ÍR en uppsögnin kemur nokkuð á óvart enda tók Bárður við liðinu í sumar og hans hlutverk var að rífa liðið upp úr meðalmennskunni. Lítið kom þó af liðsstyrk í kjölfar ráðningar Bárðar og gengið hefur heldur ekki verið gott. Leikmannahópur liðsins er þunnur og til að mynda hefur ekki tekist að ná tíu mönnum á skýrslu í síðustu leikjum.

„Þetta hefur haft smá aðdragandi en það sem gerðist er að ég gafst upp á mannskapsleysi enda með lítinn hóp í höndunum. Ég var orðinn þreyttur á þessu harki á síðasta tímabili í Hólminum og það sama var í gangi núna. Ég ákvað þar af leiðandi að segja þetta gott í bili enda var lagt upp með aðra hluti í upphafi. Skilnaðurinn er samt í góðu," sagði Bárður í gær en hann hefur ekki getað styrkt hópinn með ungum leikmönnum þar sem slíkir leikmenn eru ekki til taks enda vantar elstu yngri flokkana hjá félaginu.

„Þetta eru auðvitað ákveðin vonbrigði að verkefnið hafi ekki gengið betur en svona er þetta stundum. Lífið heldur samt áfram hjá mér og næst á dagskrá er að fara á sjóinn. Ég er samt ekkert hættur í körfubolta og mun að sjálfsögðu skoða öll tilboð sem ég fæ í framtíðinni með opnum huga. Ég mun meta hvert tilboð fyrir sig og ef eitthvað spennandi kemur upp þá er aldrei að vita hvað maður gerir."

Bárður fer á sjóinn í dag eða á morgun. „Það er ágætt að komast aðeins aftur á sjóinn," sagði Bárður léttur í lokin. **- hbg**

**STALDRAÐI STUTT VIÐ** Bárður Eyþórsson hefur yfirgefið Breiðholtið eftir skamma viðdvöl. Hann er farinn á sjó í Grundarfirði en er ekki hættur í körfubolta og mun skoða öll tilboð vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

Í KVÖLD KL. 19:30
CELTIC
MAN. UTD.
MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

HVERJIR KOMAST Í 16 LIÐA ÚRSLIT?

Í KVÖLD
17:15 CSKA Moskva - Porto Sýn
19:30 Celtic - Man. Utd. Sýn
19:30 Arsenal - Hamburger SV Sýn Extra
19:30 Real Madrid - Lyon Sýn Extra 2

Á MORGUN
19:30 Werder Breman - Chelsea Sýn
19:30 Liverpool - PSV Sýn Extra
19:30 Levski Sofia - Barcelona Sýn Extra 2

sýn
besta sætið

**MIGLIUS** Stýrði sínu liði til sigurs á Akureyri.

HK sigraði lið Akureyrar:

# Verðskuldað hjá HK

**HANDBOLTI HK komst seint og um síðir norður til Akureyrar þar sem liðið mætti Akureyrarliðinu og biðin á flugvellinum skilaði sínu því HK sigraði í leiknum á sunnudag, 22-20.**

**„Þetta eru frábær úrslit enda mjög erfitt að koma hingað norður í þá stemningu sem er hérna," sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK, eftir leikinn. „Fyrst og fremst var vörnin frábær með Sigurgeir Árna fremstan í flokki og Petja fyrir aftan hana var líka magnaður."**

**Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var að vonum ekki jafn sáttur. „Við vorum engan veginn nógu góðir, það voru alltof margir menn sem spiluðu undir getu til að við ættum möguleika. Við fengum enga markvörslu í gang og þegar svona margir leikmenn spila illa vinnur maður ekki svona hörkuleiki, svo einfalt er það," sagði Sævar.**

**- hþh**

**Akureyri - HK 20-22**

**Mörk Akureyrar (skot):** Andri Snær Stefánsson 6 (10), Goran Gusic 5 (9/4), Alex Kuzminski 4 (11), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4) Magnús Stefánsson 1 (8), Rúnar Sigtryggsson 0 (1), Aigars Agzdins 0 (2), Ásbjörn Friðriksson 0 (7).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 8, Sveinbjörn Pétursson 4
Hraðaupphlaup: 2 (Andri Snær 2)
**Fiskuð víti:** 4 (Andri Snær, Magnús, Ásbjörn, Þorvaldur)
**Utan vallar:** 4 mínútur
**Mörk HK (skot):** Valdimar Þórsson 8 (13), Árni Björn Þórarinsson 4 (6), Augustas Strazdas 3 (4), Ragnar Hjaltestedt 2 (3), Brendan Þorvaldsson 2 (3), Ólafur Bjarki Ragnarsson 1 (1), Tomas Eitutis 1 (3), Gunnar Steinn Jónsson 1 (4), Sigurgeir Árni Ægisson 0 (1).
**Varin skot:** Egidjus Petckevicius 22
**Hraðaupphlaup:** 1 (Árni Björn)
**Fiskuð víti:** 2 (Tomas, Ragnar)
**Utan vallar:** 10 mínútur

Það verður væntanlega slegist á Celtic Park í kvöld í leik Man. Utd og Celtic:

# Aðeins fyrir karlmenn

**FÓTBOLTI** Það verður væntanlega blóðug barátta á Celtic Park í kvöld þegar skosku meistararnir í Celtic taka á móti Manchester United. Celtic þarf sárlega á sigri að halda en United nægir jafntefli til að komast áfram. Argentínumaðurinn Gabriel Heinze, varnarmaður Man. Utd, er nokkuð bjartsýnn.

„Ég er bjartsýnn á að við komumst áfram. Ef við stýrum hraðanum í leiknum þá munum við vinna. Engin spurning. Við munum ekki spila upp á jafntefli heldur ætlum við okkur öll stigin í þessum leik. Ég tel að United sé sterkara lið en þetta verður gríðarlega hörð barátta. Þetta verður ekta breskur slagur sem er ekki ólíkur argentínskum leikjum. Aðeins fyrir karlmenn," sagði Heinze.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, hefur játað að hann sé einnig að hugsa um stórleikinn gegn Chelsea um næstu helgi og því er ekki ólíklegt að hann hvíli einhverja lykilmenn. Wayne Rooney, sem skoraði tvö mörk um helgina, segist vera klár í slaginn og vill ólmur taka þátt í leiknum á Celtic Park.

Arsenal mætir stigalausu liði Hamburg SV á heimavelli og má alls ekki misstíga sig enda spennan í riðlinum mikil. Robin Van Persie er meiddur á ökkla og tæpt hvort hann geti spilað.

„Þetta lítur ekki vel út og ég geri ekki ráð fyrir því að hann spili," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, við breska fjölmiðla.

Það er sannkallaður stórleikur á Santiago Bernabeau í kvöld þegar hið stórskemmtilega lið Lyon heimsækir Real Madrid í uppgjöri toppliðanna í E-riðli. Vinni Lyon leikinn og seinasta leikinn verður það aðeins í fimmta sinn sem lið sigrar alla leiki sína í riðlakeppni meistaradeildarinnar en það hefur ekki gerst síðan 2003. Real getur með sigri náð að standa jafnfætis Lyon og komist í baráttuna um toppsætið.

**- hbg**

**HARKA** Það verður ekkert gefið eftir á Celtic Park í kvöld er heimamenn mæta Man. Utd.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Haukar kepptu í Evrópukeppni kvenna í körfubolta í gær:

# Helena setti stigamet í Frakklandi

**KÖRFUBOLTI** Haukar töpuðu í gær sínum öðrum leik í Evrópukeppni kvenna í körfubolta í gær er liðið mætti Montpellier í Frakklandi. Úrslit leiksins urðu 110-59, heimaliðinu í vil.

Ljóst er að Haukar mættu gríðarlegu sterku liði í gær sem gaf aldrei eftir. Staðan í hálfleik var 53-24 en þriðji leikhluti var sá besti hjá Haukunum en í honum skoraði liðið 26 stig, meira en í öllum fyrri hálfleiknum.

Montpellier er skipað hávöxnum og fljótum leikmönnum sem nýttu sér þessa kosti óspart. Þá lék sömuleiðis með liðinu nýr bandarískur leikmaður sem var að leika sinn fyrsta leik í Evrópukeppni og skoraði 21 stig.

Ýmislegt jákvætt var þó við leik Haukanna. Stigahæst var Helena Sverrisdóttir með 31 stig sem er það mesta sem leikmaður Hauka hefur skorað í Evrópukeppninni. Þar sem Haukar eru fyrsta og eina liðið sem hefur tekið þátt í keppninni gildir metið um öll íslensk félög.

Sigrún Ámundadóttir átti einnig frábæran leik og skoraði tíu stig. Munaði það miklu að Ifeoma Okokwo skoraði ekki nema fimm stig í leiknum en hún hefur átt við meiðsli að stríða sem virðast hrjá hana nokkuð.

Hvorki Pálína Gunnlaugsdóttir né Hanna Hálfdánardóttir gátu ferðast með liðinu vegna anna í námi.

Haukar halda í dag til Parma á Ítalíu þar sem liðið á leik á morgun.

**- esá**

**Stig Hauka**: Helena Sverrisdóttir 31 (5 frák., 5 stolnir), Sigrún Ámundadóttir 10 (5 frák., 4 stoðs.), Unnur Tara Jónsdóttir 9 (5 frák., 3 stoðs., 3 stolnir) Ifeoma Okokwo 5, Kristrún Sigurjónsdóttir 3.

*Leikir kvöldsins:*

**E-RIÐILL:**

REAL MADRID - LYON
STEAUA BÚKAREST - DYNAMO KIEV

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **4** | **4** | **0** | **0** | **9-0** | **12** |
| REAL MADRID | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-4 | 9 |
| **S. BÚKAREST** | **4** | **1** | **0** | **3** | **5-9** | **3** |
| D. KIEV | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-13 | 0 |

**F-RIÐILL:**

CELTIC - MAN. UTD
BENFICA - FC KAUPMANNAHÖFN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD** | **4** | **3** | **0** | **1** | **7-3** | **9** |
| CELTIC | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-6 | 6 |
| **BENFICA** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-4** | **4** |
| FCK | 4 | 1 | 1 | 2 | 1-4 | 4 |

**G-RIÐILL:**

CSKA MOSKVA - PORTO
ARSENAL - HAMBURG SV

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CSKA MOSKVA** | **4** | **2** | **2** | **0** | **2-0** | **8** |
| ARSENAL | 4 | 2 | 1 | 1 | 4-2 | 7 |
| **PORTO** | **4** | **2** | **1** | **1** | **7-4** | **7** |
| HSV | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-10 | 0 |

**H-RIÐILL:**

LILLE - ANDERLECHT
AEK AÞENA - AC MILAN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **4** | **3** | **1** | **0** | **8-1** | **10** |
| LILLE | 4 | 1 | 2 | 1 | 4-3 | 5 |
| **AEK AÞENA** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-7** | **4** |
| ANDERLECHT | 4 | 0 | 2 | 2 | 3-7 | 2 |

**ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR**

*Iceland Express deild karla*

SNÆFELL-TINDASTÓLL 108-85

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **8** | **7** | **1** | **717-608** | **14** |
| SNÆFELL | 8 | 7 | 1 | 641-575 | 14 |
| **SKALLAGR.** | **8** | **6** | **2** | **709-643** | **12** |
| GRINDAVÍK | 8 | 6 | 2 | 709-614 | 12 |
| **KEFLAVÍK** | **7** | **5** | **2** | **654-568** | **10** |
| NJARÐVÍK | 7 | 5 | 2 | 654-568 | 10 |
| **TINDASTÓLL** | **8** | **2** | **6** | **685-729** | **4** |
| HAUKAR | 8 | 2 | 6 | 655-747 | 4 |
| **ÍR** | **8** | **2** | **6** | **608-674** | **4** |
| FJÖLNIR | 8 | 2 | 6 | 669-725 | 4 |
| **ÞÓR ÞORL.** | **8** | **2** | **6** | **637-729** | **4** |
| HAMAR/SELF. | 8 | 1 | 7 | 550-649 | 2 |

Körfuboltalið ÍR:

# Jón Arnar ráðinn

**KÖRFUBOLTI** ÍR réð í gær Jón Arnar Ingvarsson sem þjálfara meistaraflokks karla í körfubolta. Tekur hann við starfi Bárðar Eyþórssonar.

**- esá**

**ADU Í MANCHESTER** Freddy Adu, til hægri, sést hér á æfingu hjá Manchester United í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Freddy Adu loksins kominn til Englands:

# Adu æfir með Man. United

**FÓTBOLTI** Bandaríska undrabarnið Freddy Ady mætti á æfingu hjá unglingaliði Manchester United í gær en hann mun æfa hjá enska félaginu næstu tvær vikurnar og fékk til þess leyfi frá félagi sínu, DC United.

Adu er einn umtalaðasti knattspyrnumaður seinni tíma og hefur verið undir smásjá flestra stærstu liða heims frá unga aldri. Adu, sem er 17 ára, var aðeins 16 ára þegar hann lék með bandaríska landsliðinu en hann er fæddur í Gana.

Chelsea var um tíma talið líklegast til að kaupa Adu en sagt er að ensku meistararnir hafi hætt við og séu ekki lengur á eftir stráknum. Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, fer ekki leynt með áhuga sinn á stráknum.

„Ég held að við gætum vel haft áhuga á honum. Hann er ungur en við höfum fylgst með honum í talsverðan tíma. Við reyndum að fá hann á sínum tíma en þá samdi hann við DC United," sagði Fergie.

**- hbg**

**JOHAN ELMANDER** Hefur þótt standa sig vel í Frakklandi. NORDIC PHOTOS/AFP

Nýr Svíi hjá Barcelona?

## Elmander orðaður við Barca

**FÓTBOLTI** Sænski landsliðsmaðurinn Johan Elmander hefur verið orðaður við Evrópumeistara Barcelona. Hann leikur með Toulouse í frönsku úrvalsdeildinni og hefur þótt standa sig vel sem og í leikjum sænska landsliðsins. Hann skoraði tvö mörk fyrir liðið gegn Sedan um þarsíðustu helgi.

Börsungar eru fáliðaðir í sókn vegna meiðsla Samuel Eto'o og Lionel Messi en Henrik Larsson var orðaður við nokkurra mánaða endurkomu í félagið vegna þessa. Fleiri sóknarmenn hafa verið sagðir vera í sigti Börsunga. **- esá**

Kevin Blackwell:

## Ætlar að lögsækja Leeds

**FÓTBOLTI Kevin Blackwell, fyrrverandi knattspyrnustjóri Leeds, hyggst lögsækja félagið þar sem að hann telur að uppsögn hans fyrir skömmu hafi verið ranglát.**

**Blackwell stýrði félaginu í átta mánuði en var rekinn fyrir tveimur mánuðum. Sjálfur vildi hann ekki tjá sig um málið en Ken Bates, stjórnarformaður, neitaði að eiga við hann viðræður um uppbótargreiðslu. - esá**

**RAUTT** Phil Dowd sýnir hér Tugay, leikmanni Blackburn, rauða spjaldið í leiknum gegn Tottenham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Blackburn og Tottenham:

## Mótmæla rauðu spjöldunum

**FÓTBOLTI** Ensku úrvalsdeildarfélögin Blackburn og Tottenham hafa bæði mótmælt rauðu spjöldunum sem Tugay og Hossam Ghaly fengu í leik liðanna á sunnudag við enska knattspyrnusambandið. Tugay fékk rautt fyrir að brjóta á Ghaly sem fékk sjálfur reisupassann þegar hann virtist gefa Michael Gray olnbogaskot undir lok leiksins. Búist er við viðbrögðum sambandsins í dag. **- esá**

William Gallas:

## Verður frá í nokkrar vikur

**FÓTBOLTI Franski varnarmaðurinn William Gallas verður frá keppni í „nokkrar vikur" eftir að hafa meiðst á læri á æfingu hjá Arsenal. Arsene Wenger, stjóri liðsins, sagði að það væri slæmt að missa Gallas sem hefur staðið sig vel síðan hann kom til félagsins í sumar. „Það er þó gott tækifæri fyrir ungan leikmann að fá að sanna sig," sagði hann. Búist er við að Philippe Senderos eða Johan Djorou taki hans stað.**

**Þá sagði Gallas í viðtali að hann gæti frekar hugsað sér að enda ferlinn á Ítalíu eða Spáni en hjá Arsenal. - esá**

Ólafur Garðarsson umboðsmaður hefur trú á Eggerti Magnússyni:

# Eggert færir West Ham velgengni

**FÓTBOLTI** Ólafur Garðarsson, lögmaður og umboðsmaður knattspyrnumanna, segir í viðtali við fréttastofu BBC að Eggert Magnússon muni færa West Ham velgengi en búist er við að hann muni í dag ganga frá kaupum á félaginu. „Hann er áhugasamur, kröftugur og segir skoðanir sínar umbúðalaust. Hann nýtur vanalega velgengni í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur og það er erfitt að halda aftur af honum ef hann tekur að sér nýtt verkefni," er haft eftir Ólafi.

Greinarhöfundur segir að undir stjórn Eggert hafi Knattspyrnusamband Íslands skilað hagnaði öll þau ár sem hann hafi gegnt formennsku þar. Ólafur segir það bera vitni um skarpskyggni hans í fjármála- og viðskiptaheiminum. „Það er stöðug stofnun og jafnvel þótt að sjónvarpstekjur hafi minnkað vegna slæms gengis landsliðsins í forkeppnum fyrir Evrópu- og heimsmeistarakeppnir hafa þeir geta stólað á fjármuni sem lagðir voru til hliðar árin áður."

Hann segir einnig að Eggert sé klókur samningamaður og það sýni sig í samskiptum hans við ríkisstjórn Íslands, FIFA og UEFA.



**EGGERT MAGNÚSSON** Verður að öllum líkindum næsti stjórnarformaður West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÓLAFUR GARÐARSSON** Segir að Eggert muni sóma sér vel sem stjórnarformaður West Ham.

„Fyrir sex árum voru engar knattspyrnuhallir á Íslandi. Nú eru þær sex talsins. Þá hefur KSÍ staðið að byggingu allt að hundrað sparkvalla um allt land og endurbætur á þjóðarleikvanginum í Laugardal eru vel á veg komnar."

Ólafur segir að hann þekki einnig Björgólf Guðmundsson vel en hann er aðalbakhjarl Eggerts í tilboði sínu í West Ham. „Hann var stjórnarformaður KR í mörg ár. Hann er klókur, nýtur velgengni og afar viðkunnanlegur. Þrátt fyrir ríkidæmi hans kemur hann eins fram við alla. Hann er góður í mannlegum samskiptum." **- esá**

**SCHOLES** Stendur fast á ákvörðun sinni um að leika ekki aftur með enska landsliðinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Paul Scholes og landsliðið:

## Íhugaði að gefa aftur kost á sér

**FÓTBOLTI Paul Scholes, leikmaður Manchester United, viðurkennir að hann íhugaði að gefa aftur kost á sér í enska landsliðið sem hann hætti að leika með að loknu Evrópumeistaramótinu í Portúgal árið 2004. Scholes er 31 árs gamall og hefur nýr landsliðsþjálfari Englendinga, Steve McClaren, tvívegis sett sig í samband við hann með það fyrir augum að fá hann til að endurskoða afstöðu sína.**

**„Það er mikill heiður að landsliðsþjálfarinn bað mig um að snúa aftur og íhugaði ég það vandlega. En ég ákvað á endanum að þess væri ekki þörf," sagði Scholes. - esá**

> **Jennifer Garner**

Fæddist 17. apríl 1972 og er trúlofuð leikaranum Ben Affleck og á með honum eitt barn. Jennifer skaust á stjörnuhimininn í þáttunum „Alias sem eru sýndir á RUV. Jennifer leikur einnig aðalhlutverkið í gamanmyndinni „13 Going On 30" sem er sýnd í Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR SITUR SPENNT YFIR ERNINUM

## *Hríslandi spenna af bestu gerð*

Það er á þessum tíma árs sem sjónvarpið nær oftast tökum á fólki enda orðið dimmt og kalt og því mjög girnilegt að láta fara vel um sig uppi í sófa við kertaljós. Spennuþættir eiga miklum vinsældum að fagna á þessum árstíma því myrkið og kuldinn úti eykur áhrif spennunnar til muna.

Ég er nú búin að bæta nýjum þætti á „ekki missa af" listann minn en það er danski spennuþátturinn Örninn með Jens Albinus í aðalhlutverki. Auðvitað skemmir ekki fyrir að karakterinn sem Jens leikur er Íslendingur og það er ekki laust við að þjóðarstoltið geri vart við sig þegar upphafsstef þáttanna byrjar. Þar er stiklað á stóru í ævi Hallgríms Hallgrímssonar rannsóknarlögreglumanns sem Jens leikur og er íslenska landslagið í aðalhlutverki. Margir íslenskir leikarar hafa líka komið fram í þáttunum, til að mynda María Ellingsen og Elva Ósk.

Nú hafa spennuþættirnir CSI átt miklum vinsældum að fagna um árin en verð ég að viðurkenna það að Örninn hefur vinninginn hjá mér ef þessir tveir þættir eru bornir saman. Það er eins og allir bandarískir þættir hafi svona gervilegt yfirbragð, ég veit ekki hvort að það sé sykursætum leikurunum eða lýsingunni að kenna að það er eins og að ákveðin filma sé milli áhorfandans og sjónvarpsins í þessum þáttum. Í Erninum er þessu hins vegar öfugt farið, þar er allt eins raunverulegt og hugsast getur og á köflum er eins og um spuna sé að ræða. Leikaranir reka haus í skáp og geispa þegar þeir þurfa eins og venjulegt fólk.

**ÖRNINN** Einn af betri spennuþáttum í sjónvarpi í dag og gefur hinum geysivinsæla CSI ekkert eftir.

Ég mæli með Erninum fyrir alla sem elska spennu og hrylling enda ekki annað hægt en að sitja og skjálfa í sófanum á meðan maður fylgist með hinum fallega ljóta Jens Albinus eltast við glæpamenn. Munið bara „einu sinni smakkað og þið getið ekki hætt".

## EKKI MISSA AF

▶ **18.00 Þrumuskot SKJÁR SPORT**

▶ **18.00 Sex til Sjö SKJÁR EINN**

▶ **20.00 E.T. SIRKUS**

▶ **20.15 Veronica Mars SJÓNVARPIÐ**

▶ **20.50 NCIS. STÖÐ 2**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light) **17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Magga og furðudýrið (12:26)** (Maggie and the Ferocious Beast) **18.25 Safnamýsnar (3:6)**
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (12:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Veronica Mars (13:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. Meðal leikenda eru Kristen Bell, Percy Daggs, Teddy Dunn, Jason Dohring, Ryan Hansen, Francis Capra, Tessa Thompson og Enrico Colantoni.
**21.00 Svona var það (20:22)** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum.
**21.25 Nærmynd** Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Svíann Pernillu August.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rose og Maloney (2:3)** (Rose and Maloney) Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem glíma við dularfull sakamál. Aðalhlutverk leika Sarah Lancashire og Philip Davis.
**23.30 Örninn (5:8)** (Ørnen)Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Meðal leikenda eru Jens Albinus, Ghita Nørby, Marina Bouras, Steen Stig Lommer, Janus Bakrawi, Susan A. Olsen, David Owe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar á vefslóðinni http://www.dr.dk/oernen/. e.
**0.30 Kastljós**
**1.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Against the Ropes** (Bönnuð börnum) **8.00 Seabiscuit 10.15 Virginia´s Run 12.00 Mean Girls 14.00 Seabiscuit 16.15 Virginia´s Run** (Hestastelpan) Dramatísk en heillandi kvikmynd um fjölskyldu sem mætir miklu mótlæti. **18.00 Mean Girls** (Leyfð öllum aldurshópum) **20.00 Against the Ropes** (Bönnuð börnum) **22.00 Home Room** (Bönnuð börnum) **0.10 Elsker dig for evigt (Open Hearts)** (B. börnum)
**2.00 Road House** (Str. b. börnum) **3.50 Home Room** (B. börnum)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha** (Mo´Nique)
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Silfur Egils**
**15.25 Meistarinn (20:22) (e)**
**16.10 Shin Chan**
**16.35 Mr. Bean**
**16.55 He Man**
**17.15 Nornafélagið**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (6:21)**
**20.05 Amazing Race**
▶**20.50 NCIS (20:24)**
**21.35 Prison Break**
**22.20 Inspector Linley Mysteries (7:8)**
**23.05 Numbers (5:24)**
**23.50 Deadwood (12:12)** Stranglega bönnuð börnum.
**0.40 Turner & Hooch** Bönnuð börnum.
**2.20 Bark!**
**3.55 DNA** (DNA) Hörkuspennandi sjónvarpsmynd. Meinafræðingurinn Joe Donovan starfaði að rannsókn fjölmargra sakamála en er nú hættur störfum. En þegar nafn hans er skrifað með blóði á morðstað vakna ýmsar spurningar, ekki síst hjá Joe sjálfum. Bönnuð börnum.
**5.05 Fréttir og Ísland í dag**
**6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.30 The Hills**
**21.00 So You Think You Can Dance 2** Keppnin harðnar enn og nú verður keppendum fækkað úr 6 í 4.
**22.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62.
**22.50 24 (23:24)** Bönnuð börnum.
**23.35 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**0.00** My Name is Earl (e)
**0.25 Four Kings - NÝTT (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim.
**0.50 Seinfeld**.
**1.15 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af frægu fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e) 8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Innlit / útlit (e) 15.00 Just Deal (e) 15.30 One Tree Hill (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Rachael Ray**
▶**18.00 6 til sjö 19.00 Everybody Loves Raymond (e) 19.30 Out of Practice (e)**
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemmningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu. Nadia sýnir áhorfendum hvernig þeir geta gert hlutina sjálfir og benda á einfaldar lausnir á meðan Arnar Gauti sér um allt sem viðkemur hönnun, jafnt nýrri sem eldri. Þetta er áttunda árið sem þátturinn er á dagskrá og hann batnar með hverju ári.
**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Annabeth reynir að fá dópista dæmdan fyrir morð á ungri konu en þá finnast vísbendingar um að raðmorðingi hafi verið að verki.
**23.00 Everybody Loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 Survivor: Cook Islands (e)**
**1.15 Surface - lokaþáttur (e)** Dramatískir ævintýraþættir.
**2.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Tottenham - Wigan (frá 26. nóv)**
**16.00 AC Milan - Messina (frá 25. nóv)**
▶**18.00 Þrumuskot (e)**
**19.00 Að leikslokum (e)**
**19.50 Watford - Sheff. Utd. (beint)**
**22.00 Liverpool - Man. City (frá 25. nóv)**
**0.00** Ítölsku mörkin (e)
**1.00 Dagskrárlok**

Glæný Línuýsa **890** kr.
Lúðusneiðar **1680** kr.
Laxaflök **1380** kr.
Saltfiskur **1180** kr.
Sigin Grásleppa **1180** kr.
Saltaðar kinnar **690** kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risarækjur
Túnfisksteikur
Þorskhnakkar
Heitreykt Ýsa

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.50.**

### GREY´S ANATOMY

Í kvöld er á Stöð 2 sýndur annar þátturinn í þriðju seríu af Grey's Anatomy. Þessi spítalaþáttur er um þessar mundir vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir algjört Grey´s Anatomy-æði. Þátturinn sló einnig rækilega í gegn hér á landi síðastliðinn vetur og skipaði sér þá með vinsælustu erlendu þáttunum sem sýndir eru í íslensku sjónvarpi. Þriðja þáttaröðin af Grey´s Anatomy hefur trónað á toppi áhorfslistans í Bandaríkjunum allt síðan sýningar hófust í september. Í lok annarrar þáttaraðarinnar stóð Meridith frammi fyrir stórri spurningu, hvorn á hún að velja, hinn gifta McDreamy sem hefur dregið hana á asnaeyrunum allan þennan tíma, eða hinn trausta dýralækni, sem hún er ekki eins spennt fyrir, en veit að myndi reynast sér betur. Á meðan er Izzie frávita af sorg eftir sviplegt fráfall Dennys, sem þá var nýbúinn að biðja hennar. George O´Malley virðist loksins kominn yfir Meridith og fallinn fyrir Callie.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

**INNLIT/ÚTLIT**

### Á SKJÁ EINUM KL. 21.00

Þórunn, Nadia og Arnar Gauti halda áfram að skoða íbúðirnar í landinu. Einnig verða líka vandaðar fréttir um hönnun í þættinum og allt sem að viðkemur því. Þetta er áttunda serían sem Skjár Einn sýnir og var þessi sería tilnefnd til Eddunar sem sjónvarpsþáttur ársins. Einstaklega vandaður þáttur fyrir fólk sem vill skapa og líka fyrir þá sem vilja einfaldlega bara fylgjast vel með.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45 Veðurfregnir 6.50 Bæn 7.00 Fréttir 7.05 Morgunvaktin** Fréttir og fróðleikur. **7.30 Fréttayfirlit 8.00 Fréttir 8.30 Fréttayfirlit 9.00 Fréttir 9.05 Laufskálinn** Umsjón: Lísa Pálsdóttir.(Aftur í kvöld) **9.45 Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur. **10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stelpulitir** Þáttur um konur í tónlistarsögunni, söngkonur og lagahöfunda.**11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd** Umsjón: Leifur Hauksson og Margrét Blöndal. **12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Vítt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan: Bréf til Brands** eftir Harald Bessason. Höfundur les. (30:33) **14.30 Seiður og hélog** Umsjón: Jórunn Sigurðardóttir. **15.00 Fréttir 15.03 Orð skulu standa** Spurningaleikur um orð og orðanotkun. (Frá því á laugardag) **16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregnir 16.13 Hlaupanótan** Þáttur um tónlist **17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá** Þáttur um menningu og mannlíf. **18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn** Fréttatengt efni. **18.50 Dánarfregnir og auglýsingar 19.00 Vitinn** Þáttur fyrir krakka á öllum aldri. **19.30 Laufskálinn** Umsjón: Lísa Pálsdóttir.(Frá því í morgun) **20.10 Perlur Tékklands** (Áður flutt sl. vor) (1:4) **21.00 Afsprengi** Íslensk tónlist.Umsjón: Elísabet Indra Ragnarsdóttir. (Frá því á sunnudag) **21.55 Orð kvöldsins** Salvar Geir Guðgeirsson flytur. **22.00 Fréttir 22.10 Veðurfregnir 22.15 Lóðrétt eða lárétt** Umsjón: Ævar Kjartansson.(Frá því á sunnudag) **23.10 Fimm fjórðu**

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.40 Gillette Sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**18.10 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
**19.00 Meistaradeild Evrópu - frétta-þáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.
**19.30 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu. Á meðal viðmælenda eru kúreki og búddamunkur og segir það meira en mörg orð um efnistökin sem eru mjög fjölbreytt.
**20.00 X-Games 2006 - þáttur 3**
**20.55 Mourinho´s Ultimate** Einstakur sjónvarpsþáttur um forvitnilega keppni sem fram fór í akademíu David Beckhams í apríl 2006. Fjórtán lið reyna með sér í ýmsum þrautum þar sem reynir á liðsheildina, líkamann og hugann. Á meðal fyrirliða liðanna eru þekktir knattspyrnukappar: Beckham, Frank Lampard, Steven Gerrard, Ledley King, Gary Neville, Jermaine Defoe, Dibril Cisse, Keiran Richardson, Damien Duff, Kieron Dyer, Arjen Robben, Shaun Wright Phillips og Ashley Cole. Í liðunum verða jafnframt ungir aðdáendur og stjörnur úr öðrum íþróttagreinum.
**21.45 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**22.15 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

## DR 1

11.35 Dagens Danmark 12.00 Debatten 12.40 Naboer 12.50 Livet på skinner 13.20 Rabatten 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Smæk for Skillingen 15.30 En lille reminder 15.40 SPAM 16.00 Insektoskop 16.05 Lucky Luke 16.30 Store Nørd 17.00 Lille Nørd 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Hvad er det værd 19.00 Hammerslag 19.30 Danskernes Krønike - Vores børn 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Murphy, dit hjerte er i fare 22.45 Ýmen 23.40 Clement Kontra

## NRK 1

11.20 Fra Møre og Romsdal 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Østfold 14.00 Siste nytt 14.05 Ian tar regien 14.30 Robotboy 14.45 Robotboy 15.00 Siste nytt 15.03 Sport uten grenser 15.15 Siger i blikket 15.30 Liga 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Hurtigruten 365 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Postmann Pat 17.15 Konrad katt 17.30 Robotgjengen 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen: Røde arter 18.55 Tinas mat 19.25 Brennpunkt 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt 22.10 Kulturnytt 22.15 Utsyn: TV-revolusjonen i Irak 23.05 Jazz: Martirios flamenco 23.55 Larry Sanders-show

## SVT 1

11.05 Planeten 13.35 En stilla flirt 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Reef Route 66 16.27 Grounded 16.30 Krokodill 17.00 Världens största kör 17.10 Sagoboken 17.25 Storasyster och lillebror 17.30 Allt och lite till 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Trackslistan 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Cuppen 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Kobra 22.50 Yizo, Yizo 23.15 Sändning från SVT24

## HRÓSIÐ ...

*...fá þau Kristján Kristjánsson og Þórunn Kjartansdóttir fyrir að taka vel á móti þeim ökumönnum sem keyra í gegnum Hvalfjarðargöngin.*

# Íþróttahús nefnt í höfuðið á Íþróttaálfinum

Magnús Scheving, nýkrýndur heiðursverðlaunahafi Edduunnar, er staddur í Bretlandi þar sem hann verður í dag viðstaddur vígslu nýs íþróttahúss sem verður nefnt í höfuðið á Íþróttaálfinum úr Latabæ.

Ber það heitið Sportacus Sports Hall, en Sportacus er enska heitið á Íþróttaálfinum sem Magnús hefur leikið svo eftirminnilega. Íþróttahúsið er staðsett við grunnskóla í London, skammt frá þjóðarleikvangi Breta, Wembley. „Krakkarnir í skólanum máttu ráða hvað íþróttahúsið myndi heita og þeir völdu Sportacus í höfuðið á Íþróttaálfinum," segir Kjartan Kjartansson, talsmaður Latabæjar.

**LATIBÆR** Sjónvarpsþættirnir um Latabæ hafa slegið í gegn úti um allan heim, þar á meðal í Bretlandi.

Auk þess að taka þátt í vígslu íþróttahússins mun Magnús fara í fjölda viðtala við breska fjölmiðla. Á meðal þeirra eru dagblöðin Independent, Sunday Mirror, Financial Times, Sunday Magazine, Sunday Express og breska útgáfan af Hollywood Reporter. Einnig mun hann fara í tvö sjónvarpsviðtöl, þar á meðal í spjallþátt Pauls O´Grady á Channel 4. Að auki mun hann fara í útvarpsviðtal hjá Breska ríkisútvarpinu, BBC.

„Latabæ gengur mjög vel í Bretlandi og mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir að fá Magnús í heimsókn. Við ákváðum að nota þessa þrjá daga til að anna eftirspurninni," segir Kjartan.

**VINSÆLL Á MEÐAL BARNA** Íþróttaálfurinn hefur alla tíð verið vinsæll á meðal barna. Nú hefur heilt íþróttahús verið nefnt í höfuðið á honum.



**LÁRÉTT**
**2** langar **6** komast **8** mánuður **9** struns **11** tveir eins **12** rými **14** í vafa **16** skóli **17** hola **18** for **20** guð **21** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1** betl **3** ryk **4** úrræðis **5** tugur **7** árviss **10** þukl **13** arr **15** stagl **16** starfsgrein **19** slá.

**LAUSN**
á.
**LÁRÉTT:** **2** vilt, **6** ná, **8** maí, **9** ark, **11** uu, **12** pláss, **14** efins, **16** fg, **17** gat, **18** aur, **20** ra, **21** grár.
**LÓÐRÉTT:** **1** snap, **3** ím, **4** lausnar, **5** tíu, **7** árlegur, **10** kalf, **13** sig, **15** stag, **16** fag, **19** á.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Mýrin
2. Valdimar Leó Friðriksson
3. Að meðaltali um 5000 bílar

24.–26. nóv.
FULHAM–READING
Skelltu þér á leik Fulham og Reading á Craven Cottage, laugardaginn 25. nóvember og sjáðu Heiðar Helguson takast á við þá Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Gist er á þriggja stjörnu hóteli, miðsvæðis í London í tvær nætur og er innifalið í verði flug, gisting, morgunverður og auðvitað miði á leikinn.
Verð:
39.900 kr.

8.–11. des.
AÐVENTUFERÐ TIL TRIER
Trier er elsta borg Þýskalands og þar er nóg um að vera á aðventunni. Borgin er böðuð ljósum og skreytingum og allt iðar þar af mannlífi. Tilvalið er að klára jólainnkaupin á skemmtilegum jólamörkuðum í ekta þýskri hátíðarstemningu. Gist verður á þriggja stjörnu hóteli í hjarta borgarinnar. Innifalið í verði er flug, gisting í þrjár nætur, morgunverður, rúta og spennandi skoðunarferðir.
Verð:
59.900 kr.
PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express Ferðir

JEFFERSON HACK: KOMST EKKI INN Í EFTIRPARTÍ SYKURMOLANNA

# Barnsföður Kate Moss ekki hleypt inn á Rex

„Þetta var bara leiður misskilningur," segir Sverrir Rafnsson, eigandi Rex, þegar hann er spurður hvort stjörnuritstjóranum Jefferson Hack og kærustu hans, ofurfyrirsætunni Anouk, hafi ekki verið hleypt inn í eftirpartí hjá Sykurmolunum eftir velheppnaða endurkomu sveitarinnar á föstudagskvöldinu. „Stúlkan sem var með gestalistann skrapp aðeins frá og þegar þessi umræddi maður kom ásamt kærustu sinni könnuðust dyraverðirnir ekkert við hann þegar hann vildi komast fram fyrir röðina," heldur Sverrir áfram og bætir því við að röðin hafi verið ansi löng þetta kvöld. „Þegar honum var meinuð innganga lét þessi maður og stúlkan sig bara hverfa," útskýrir Sverrir en brottför ritstjórans vakti hörð viðbrögð hjá vinum hans sem sátu í hlýjunni á skemmtistaðnum.

Jefferson Hack er einhver virtasta tískulögga heims í dag og stofnaði meðal annars hið virta tímarit Dazed & Confused sem þykir leggja línurnar fyrir það sem koma skal í tísku, lífsstíl og jaðarmenningu. Hack komst á forsíður allra helstu slúðurblaða heimsins fyrir fjórum árum síðan þegar hann og fyrrum kærasta hans, ofurfyrirsætan Kate Moss, eignuðust saman dótturina Lilly Grace en Moss hefur verið töluvert í fréttum að undanförnu vegna fíkniefnamisferlis og sambands síns við dóphausinn Pete Doherty.

Hack er mikill Íslandsvinur og er góðvinur Bjarkar Guðmundsdóttur, söngkonu Sykurmolanna. Hann hefur heimsótt landið oft og mörgum sinnum og eignast hér mikið af kunningjum. Hann var hingað kominn sérstaklega vegna tónleika Sykurmolanna og eftir að hafa verið vísað burt frá Rex hélt hann rakleiðis upp á hótelherbergi og fór heim um morguninn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði Hack sér dagamun á föstudeginum fyrir tónleikana og kíkti meðal annars í hátískuverslunina Liborius og hreifst mjög af því fataúrvali sem í boði var. Verður hins vegar forvitnilegt að sjá hvort þessari Íslandsferð og heldur snautlegri viðkomu á skemmtistaðnum Rex verði gerð einhver skil í tímariti Hacks.

- fgg/áp

**RITSTJÓRINN OG FYRIRSÆTAN** Jefferson Hack og kærustu hans Anouk var vísað frá Rex fyrir leiðan misskilning.

**MÓÐIRIN OG DÓTTIRIN** Ofurfyrirsætan Kate Moss með barn sitt og Hacks, Lilly Grace.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sitt sýnist auðvitað hverjum um verðlaunaafhendingar eins og Edduna. Einhverjum fannst það skjóta skökku við að laugardagsþáttur **Jóns Ólafssonar** skyldi vera tilnefndur fyrir skemmtiþátt ársins þegar aðeins tveir þættir með tónlistarmanninum geðþekka höfðu verið sýndir á RÚV. Var haft á orði að Jón væri orðinn það sjóaður í sjónvarpi að hann þyrfti einungis tvo fyrir eina tilnefningu. Og verðlaunin hreppti kappinn að sjálfsögðu.



Miðasalan á jólatónleikana Frostroses: European Divas hefur gengið vonum framar. Um er að ræða gríðarlega stóran viðburð þar sem margar af fremstu söngkonum Evrópu koma fram ásamt heiðursgestinum **Petulu Clark.** Tónleikarnir, sem verða í Laugardalshöll laugardaginn 5. desember, verða með glæsilegasta móti en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður sviðið eins og jökull með stjörnubjartan himin allt í kring.

Strangar kröfur voru um klæðaburð gesta í útgáfuteiti Senu sem haldið var í Listasafni Reykjavíkur á laugardag. Svart og hvítt var skilyrði enda sveif andi James Bond yfir vötnum. Engum var hleypt inn sem ekki var í svörtu og hvítu og rokkstjarnan **Magni** fékk að kenna á þessu því strangir dyraverðir vörnuðu honum inngöngu þar sem hann var í gallabuxum. Engu tauti var við verðina komið og Magni mátti hverfa af vettvangi. Hann birtist svo aftur skömmu síðar, kominn í svartar buxur og fékk þá að ganga óáreittur í salinn. - fgg/þþ

# The Wailers til Íslands á næstunni

Reggíhljómsveitin The Wailer heldur tónleika á Nasa, annað hvort núna í desember eða í febrúar á næsta ári. Forsvarsmenn útvarpsstöðvarinnar Flass 104,5 eru við það að landa samningum um tónleikana.

**BOB MARLEY** Reggíkóngurinn söng með The Wailers á sínum tíma.

Hljómsveitin er fræg fyrir að hafa spilað með reggí-kónginum Bob Marley.

Hafa plötur þeirra selst í yfir 250 milljónum eintaka um heim allan. „Þetta var hugmynd starfsmanna hérna og þetta kviknaði út frá því," segir Ómar Vilhelmsson, framkvæmdastjóri útvarpsstöðvarinnar Flass 104,5 sem stendur á bak við tónleikana. „Við ákváðum þetta eftir að það var búið að athuga hljómgrunninn fyrir þessu hjá fólki sem er í kringum okkur." Að sögn Ómars gætu tónleikarnir orðið fleiri en einir. Munu nokkrar íslenskar sveitir jafnframt sjá um upphitun.

Hljómsveitin The Wailers starfaði með Marley frá árinu 1974 þar til hann lést 1981. Síðan þá hefur hún gefið út fjórar plötur og kom sú síðasta út árið 1995. Sveitin er núna á sinni fyrstu tónleikaferð í ellefu ár og er í þetta sinn skipuð upprunalegum meðlimum. Á tónleikum er The Wailers dugleg við að spila lög eftir Bob Marley. Má þar nefna I Shot the Sheriff, Get Up Stand Up, No Woman No Cry og Buffalo Soldier. -fb

**THE WAILERS** Hljómsveitin The Wailers er á leiðinni hingað til lands í desember eða í febrúar.

# AMPOP

## *Sail to the moon* ER KOMIN Í SKÍFUNA




**Tryggðu þér eintak af einni athyglisverðustu plötu ársins!**

**Lagalisti**

You could be lovely
Sail to the moon
How do I know?
Two directions
Gets me down
Your dream
Temptations
Carry on
I don't want to stay
Spring

**2.199kr.**

2 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



GULL BYLGJAN 909

## BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# *Batnandi manni*

Fyrir merkilega fáum árum þótti ekkert athugavert við að reykja hvar sem var. Um það leyti sem ég vann fyrstu alvöru launavinnuna var fullkomlega eðlilegt að svæla við skrifborðið og það í virðulegri stofnun eins og Hf. Eimskipafélagi Íslands. Þeir reyklausu þurfti bara að harka af sér. Annars áttu þeir á hættu að verða úthrópaðir sem leiðindapúkar ef þeir voguðu sér að mótmæla þessu ofbeldi. Þann tíma sem ég vann við að reykja og skrá farmskýrslur var bara einn sem reyndi að ætma eitthvað mjórri röddu en var umsvifalaust púaður niður. Fleiri tóku málið ekki á dagskrá.

**SÁ** viðsnúningur sem orðið hefur í almennu viðhorfi til reykinga er algjör. Þeir sem núorðið híma norpandi úti á svölum eða í skjóli fyrir norðanáttinni upp við húsvegg og reykja aleinir eða í pínulitlum hópum eru í besta falli litnir vorkunnaraugum af hinum heilögu reyklausu – sjálfri mér og öðrum – en í versta falli horft á með fyrirlitningu. Enginn dáist lengur að hugrekki reykjandi pæja og gæja sem daglega hætta lífi og limum fyrir þetta áhugamál.

**HUGSANLEGA** spilar eigin aldur eitthvað inn í þá tilfinningu mína að pólitísk rétthugsun varðandi aðrar lífsvenjur fari sífellt vaxandi. Æ fleiri eru ekki bara hættir að reykja heldur ástunda ýmislegt sem færa á betri heilsu.

**FYRIR** utan að stunda viðstöðulausa líkamsrækt, líta margir orðið á það sem mikilvæga skyldu að drekka tvo lítra af vatni á dag og fá móral ef magnið er minna. Allt sem flokkast undir sælgæti er líka synd nema hjá hinum þróuðu í hollustunni sem dettur bara harðfiskur og söl í hug þegar minnst er á nammi. Sykur er nefnilega sukk og svínarí og líka hvítt hveiti. Þannig er bakarí er ekki sá sakleysisstaður sem það lítur út fyrir að vera, með alla sína eitruðu snúða og vínarbrauð. Eldri húsmæður sem steiktu hvaðeina upp úr smjörlíki hefðu hugsað sig um tvisvar með þá þekkingu á forhertum dýrafitum sem hvert mannsbarn kann skil á núorðið.

**FYRRI** helmingur ævinnar fer í að koma sér upp ósiðum. Seinni helmingurinn fer svo í að losa sig við lestina. Kúnstin er kannski að gera það ofstækislaust, án samstæðu útivistarjakkanna og þess að verða miklu betri en annað fólk.


SKODA AUTO

SIMPLY CLEVER

RUGLVERÐ
1.730.000 kr.

**Skoda**Fabia Terno
Eigum fyrirliggjandi nokkra Skoda Fabia Terno með sparneytinni bensínvél og ríkulegum staðalbúnaði, m.a. sóllúgu, 14" álfelgum, aksturstölvu, leðurstýri og þokuljósum. Og verðið er aldeilis frábært,
aðeins **1.540.000 kr.**

**Skoda**Octavia Terno
Vegna hagstæðra samninga við Skoda verksmiðjurnar getum við núna boðið takmarkað magn Octavia Terno með álfelgum, ABS hemlalæsivörn, rafmagni í rúðum, ASR spólvörn, aksturstölvu, hita í speglum o.fl.
á aðeins **1.730.000 kr.**

Bíll á mynd er með 17" álfelgum.

**Takmarkað magn!**
**Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum og sumardekkin í skottinu.**

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Debetkort með kreditheimild*
– vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar!
Kynntu þér *DMK Debetkort* og aðra þjónustuþætti *DMK* á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*
SPRON